# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

91. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. APRÍL 2018






SUMARHÁTÍÐ DORMA Á SMÁRATORGI OG Í HOLTAGÖRÐUM KL. 11[00]–17[00]




# Fyrir þínar bestu stundir!

## Stillanlegt og þægilegt



### C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor

Charlotte Julien
Dream your world™



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

### SHAPE
stillanlegt heilsurúm

90 x 200 cm Shape dýna á C&J Silver stillanlegum botni.

**Fullt verð: 168.900**

Afsláttarverð aðeins í dag **126.675 kr.**

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Ofnæmisprófuð
- Aloe Vera áklæði – silkimjúk áferð.
- 5 ára ábyrgð!



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

### SHAPE DELUXE
stillanlegt heilsurúm

90 x 200 cm Shape Deluxe dýna á C&J Silver stillanlegum botni.

**Fullt verð: 188.900**

Afsláttarverð aðeins í dag **141.675 kr.**

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 4 cm shape memoryfoam
- 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
- Non-slip efni á botni
- Engir rykmaurar
- 5 ára ábyrgð!
- Ofnæmisprófuð

FRÉTTABLAÐIÐ

91. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. APRÍL 2018

# Nýjar leiðir við að skjóta undan skatti

**Ferðaþjónustan notar erlendar bókunarsíður og erlenda posa til að komast hjá tekjuskráningu. Eftirlit Ríkisskattstjóra oft erfiðleikum bundið. Málum hefur verið vísað til Skattrannsóknarstjóra.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Það færist í aukana hér á landi að fyrirtæki í ferðaþjónustu komi sér undan greiðslu virðisaukaskatts með því að notast við erlendar bókunarsíður, fái greiðslur fyrir gistingu og aðra þjónustu greiddar inn á erlendra reikninga og komi þeim þannig hjá tekjuskráningu hérlendis.

„Já, við höfum auðvitað séð þetta,“ segir Guðrún Jenný Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Ríkisskattstjóra. Hún segir engan vafa leika á skattskyldunni. Sé varan eða þjónustan nýtt hér á landi, þá er hún virðisaukaskattskyld.

„Fólk er að nota erlendar bókunarsíður, það er að taka við greiðslum inn á Paypal-reikninga og inn á erlenda bankareikninga,“ segir Guðrún. Hún segir þetta ekki eingöngu tengjast bókunarsíðum heldur séu einnig dæmi um að fyrirtæki hér noti posa frá erlendum fyrirtækjum og greiðslur fari þá í gegnum erlenda færsluhirða og inn á erlenda bankareikninga.

Aðspurð segir Guðrún að málum af þessum toga hafi verið vísað til Skattrannsóknarstjóra. „Við höfum vísað málum af þessum toga til þeirra sem við teljum að séu þess eðlis að þau eigi að sæta skattrannsókn og mögulega fara í refsimeðferð og gerum það með hliðsjón af þeim fjárhæðum sem við teljum að hafi verið skotið undan með þessum hætti.“

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri staðfestir að mál af þessum toga hafi komið á hennar borð. Hún segist þó ekki treysta sér til að segja til um hversu útbreitt þetta sé en vissulega geri það skattayfirvöldum í mörgum tilvikum erfiðara fyrir þegar jafnvel hvorki skráningin né tekjurnar komi nokkurn tímann til landsins.

> Það er alveg sama hvar þetta er allt saman skráð, ef starfsemin er hér og þeir sem fá tekjurnar eru hér þá á að telja þetta fram hér.
>
> Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri



**» Sérfræðingur hjá Ríkisskattstjóra segir að undanfarin tvö ár hafi eftirlit embættisins einkum beinst að því að skoða þá sem hafi keypt posa sem bjóða upp á að færa tekjur inn á erlenda reikninga.**

Guðrún segir að undanfarin tvö ár hafi eftirlit Ríkisskattstjóra einkum beinst að því að skoða þá sem keypt hafi posa sem bjóða upp á þetta og nálgast fjármunina eftir öðrum leiðum en með greiðslukorti, til dæmis með millifærslum af erlendum reikningum yfir á íslenska reikninga. Hún segir eftirlitið erfiðara í þeim tilvikum sem erlend greiðslukort eru notuð því þá þurfi haldbetri upplýsingar um viðkomandi.

„En við notum öll þau tæki sem við höfum,“ segir Guðrún og nefnir tvísköttunarsamninga og upplýsingaskiptasamninga við skattayfirvöld í öðrum ríkjum. – aá

# Gleðilegt sumar



Það er ekki búist við beinlínis sumarlegu veðri í dag, á sumardaginn fyrsta. Veðurstofan segir að það verði bjart með köflum norðanlands en rigning annars staðar, einkum um landið suðaustanvert. Börnin á Laufásborg voru þó full tilhlökkunar í gær og sungu fuglalög þegar ljósmyndari kíkti á þau. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hvalur veldur vonbrigðum

**UMHVERFISMÁL** Það eru vonbrigði að Hvalur hf. ætli sér að hefja hvalveiðar á ný eftir tveggja ára hlé, segir Rannveig Grétarsdóttir, formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands og framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar.

„Við fáum sterk viðbrögð frá söluaðilum, maður veit ekki hvort þetta hefur áhrif á söluna en þetta hjálpar allavega ekki. Hvalveiðar eru ekki eitthvað sem við ættum að vera þekkt fyrir,“ segir hún.

Rannveig segir að hún hefði viljað sjá Kristján Loftsson nýta hvalveiðiskipin og hvalstöðina í ferðaþjónustu. Segja ferðamönnum sögu hvalveiða á Íslandi, sögu sem vissulega sé mikilsverður hluti af sögu okkar Íslendinga, en ætti að vera lokið.

— smj / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sveinbjörg Birna ætlar að bjóða sig fram fyrir nýtt stjórnmálaafl í vor. 16

**SPORT** Systur mætast í úrslitum Domino's-deildar kvenna. 22

**MENNING** Gagnvegir í eina öld er yfirskrift málþings um ýmsa fleti á samlífi danskra og íslenskra bókmennta. 30

**LÍFIÐ** Nýtt myndband við lag Jóa Pé og Króla fær góða dóma. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUMARGRILL**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











## Veður




Suðaustan 5-10 m/s í dag og dálítil rigning á köflum en hægari vindur og bjartviðri um landið norðaustanvert. Fremur milt í veðri. SJÁ SÍÐU 26

# Bubbi flutti marga af sínum bestu slögurum



Söngvarinn ástsæli Bubbi Morthens hélt tónleika í Hörpu í gær. Þar flutti hann öll lögin af plötunum sínum Kona og Sögur af landi. Á þeim plötum eru mörg af þekktustu lögunum hans, svo sem Rómeó og Júlía, Talað við gluggann, Stúlkan sem starir á hafið, Syneta og mörg fleiri. Bubba til halds og trausts á sviði voru hljóðfæraleikararnir Eyþór Gunnarsson, Guðmundur Pétursson og Jakob Smári Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Pútín vill lækka spennustigið

**RÚSSLAND** Eftir að Bandaríkin og Rússland komust nálægt beinum átökum í Sýrlandi og í ljósi mikilla áhrifa viðskiptaþvingana á rússneska hagkerfið vill Vladimír Pútín, forseti Rússlands, reyna að minnka togstreitu milli Rússa og Vesturlanda.

Bloomberg greinir frá því að forsetinn vilji „gefa Trump annan séns“ til að standa við orð sín um að bæta samband ríkjanna.

Einn heimildarmannanna sagði jafnframt að yfirvöld í Moskvu hefðu skipað rússneskum embættismönnum að draga úr harðri gagnrýni þeirra á Bandaríkin.

Þessi stefnubreyting hjá Pútin er sögð geta útskýrt þá ákvörðun rússneska þingsins, sem tekin var á mánudaginn, að draga til baka frumvarp sem hefði innleitt gagnþvinganir gegn bandarískum fyrirtækjum. – þea

## Frestur til ákæru er að renna út

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði Sigurð Kristinsson í tveggja daga áframhaldandi gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna í gær. Sigurður hafði þá setið í varðhaldi í tólf vikur. Ákærufrestur rennur út á morgun, föstudag.

Farið var fram á gæsluvarðhald í fjórar vikur á grundvelli rannsóknarhagsmuna, en dómurinn féllst ekki á það, en féllst á varakröfu lögreglustjóra.

Sigurður var handtekinn í tengslum við fíkniefnainnflutning frá Spáni til Íslands. Skömmu fyrir handtöku slasaðist eiginkona Sigurðar, Sunna Elvira Þorkelsdóttir, alvarlega eftir að hafa fallið á milli hæða á heimili þeirra í Malaga á Spáni.

Þá var Sigurður ákærður fyrir skattalagabrot í gegnum verktakafyrirtækið SS verk. – ósk

## Íslendingur fær námsstyrk frá Bill Gates og frú

**MENNTUN** Bergþór Traustason, BS-nemi í verkfræðilegri eðlisfræði í Háskóla Íslands, hefur hlotið styrk frá Cambridge-háskóla í Bretlandi til að hefja framhaldsnám í líftækni í haust. Bergþór er meðal tæplega hundrað erlendra nemenda sem valdir voru úr hópi nærri sex þúsund umsækjenda um styrk til náms við skólann, segir á vef Háskóla Íslands.

Styrkurinn er veittur innan svokallaðrar Gates Cambridge styrkjaáætlunar sem er sú virtasta sem erlendum nemendum við Cambridge býðst. Áætlunin byggist á framlagi Bill and Melinda Gates Foundation til Cambridge-háskóla árið 2000.

Bergþór lýkur BS-námi í verkfræðilegri eðlisfræði frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands í vor. – jhh




# Forsetinn heimsótti HM-fara á leikskólann

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kíkti í heimsókn á leikskólann Laufásborg í gær. Fjórar stelpur á leikskólanum á leið á heimsmeistaramót barna í skák í Albaníu. Þær sendu forseta bréf og vildu segja honum frá skákævintýrinu.

**SKÁK** Leikskólabörnin á Laufásborg fengu skemmtilega heimsókn í gær frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni. Guðna hafði borist bréf frá fjórum efnilegum stelpum sem eru á leið á heimsmeistaramót barna í skák sem haldið verður í Albaníu í lok mánaðarins.

Omar Salama, þjálfari stúlknanna, segir í samtali við Fréttablaðið að hugmyndin að bréfinu hafi kviknað degi áður. Stelpurnar vildu bjóða honum í heimsókn og sendu honum bréf sem hófst á orðunum „Kæri vinur forseti Íslands“.

Á meðan á heimsókninni stóð fylgdist Guðni með stelpunum sýna leikni sína og kænsku við taflborðið. Omar segir mikla gleði hafa ríkt á leikskólanum vegna komu forsetans og að hún hafi verið kærkomin. „Þetta sýnir stelpunum hversu mikilvægt þetta er og þær finna alveg fyrir því hvað stuðningurinn er sterkur,“ segir Omar og bendir á hversu gott veganesti það er fyrir stelpurnar að hafa fengið hvatningu forsetans.

Stelpurnar halda til Albaníu á morgun ásamt foreldrum sínum til að keppa á HM. „Ein er 6 ára en hinar 5 ára. Þær keppa í aldursflokknum 7 ára og yngri svo við erum örugglega með yngsta liðið,“ segir Omar stoltur. Mótið er með hefðbundnu sniði, tefldar eru kappskákir í níu umferðum. Hver skák getur tekið allt frá tuttugu mínútum upp í þrjá tíma svo ljóst er að mótið er mikil áskorun.

Þær hafa æft stíft undanfarnar vikur, tvisvar til þrisvar á dag í um klukkutíma í senn. Fyrir um tveimur mánuðum fóru æfingarnar að taka meira mið af ferðinni á HM. Þá fóru stelpurnar að skoða leikbyrjanir og endatöfl. Omar bendir á að þrátt fyrir að æfingarnar líti út fyrir að vera stífar sé alls engin pressa lögð á stelpurnar. „Við gerum okkar besta og ætlum að hafa gaman af því.“

Á vef Laufásborgar segir að ferðin á HM sé undirbúin í mikilli samvinnu við foreldra og mikil spenna ríki fyrir henni.

gretarthor@frettabladid.is



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, spjallar hér við þær Rebekku, Urði, Emilíu Emblu og Ingu Jónu á Laufásborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK



Stelpurnar sendu forseta þetta krúttlega bréf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**» Ein stelpan sem fer til Albaníu er sex ára en hinar eru fimm ára. Þær keppa í aldurshópnum sjö ára og yngri.**

# GLEÐILEGT SUMAR




30% AFSLÁTTUR
NÚ VERÐ FRÁ:
139

30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 399
239

30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 1.795
1.257

40% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 4.995
2.995

30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 499
349

## ALLIR BLÓMAPOTTAR!

20% AFSLÁTTUR

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 19. - 22. APRÍL



Ákæruvaldið féllst á beiðni verjanda um áfrýjun FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fyrsta málið til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur samþykkti í fyrradag beiðni um leyfi til áfrýjunar á tilteknum dómi Landsréttar í sakamáli. Verjandi í málinu setti beiðnina fram með vísan til þess að meðal dómara í málinu fyrir Landsrétti hefði verið Arnfríður Einarsdóttir. Hún væri ekki með réttu handhafi dómsvalds því að skipun hennar í embætti hefði ekki verið samkvæmt lögum. Á vef Hæstaréttar kemur fram að ákæruvaldið hafi fallist á beiðnina. Þetta verður fyrsta málið sem kemur til meðferðar í Hæstarétti eftir að Landsréttur var stofnaður. **– jhh**



Þingvellir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Alþingi fundar á Þingvöllum

**STJÓRNMÁL** Alþingi hefur ákveðið að halda hátíðarfund á Þingvöllum 18. júlí næstkomandi. Þann dag var samningum um fullveldi Íslands lokið með undirritun sambandslaganna sem tóku gildi 1. desember 1918.

Þingfundurinn er hugsaður eins og fundir á Þingvöllum hafa verið á hátíðar- og minningarstundum í sögu þjóðarinnar. Fundurinn verður undir berum himni á sérstaklega byggðum þingpalli. Þingfundurinn er skipulagður fyrir fram þar sem ætlunin er að samþykkja ályktun sem full samstaða er um.

Í tilkynningu frá Alþingi kemur fram að stefnt sé að því að hafa alla umgjörð fundarins þennan dag hóflega og látlausa enda sé ekki um að ræða þjóðhátíð í hefðbundnum skilningi. **– jhh**

# Hættulegra fyrir eldri ökumenn að beygja til vinstri

**SAMGÖNGUR** Eldri ökumenn eru almennt í marktækt meiri hættu við að taka vinstri beygjur á gatnamótum en miðaldra ökumenn. Þetta á sérstaklega við um óvarðar vinstri beygjur sem eru án vinstribeygjuljósa.

Þetta segir í niðurstöðum Rannsóknarnefndar samgönguslysa vegna rannsóknar á banaslysi sem varð síðdegis 21. janúar 2016 þegar harður árekstur varð á Njarðarbraut við gatnamótin að Tjarnarbraut í Reykjanesbæ. Þar tók ökumaður bíls vinstri beygju í veg fyrir annan bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður bílsins sem beygði var ekki spenntur í öryggisbelti. Hann kastaðist harkalega fram á stýrið og lést í slysinu. Hinum bílnum var ekið á 75 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraðinn er 50.

Í niðurstöðunum er vísað í rannsóknir sem sýna að með aldrinum eigi ökumenn erfiðara með að meta hraða umferðar sem kemur úr gagnstæðri átt og meta fjarlægð í komandi bifreið.



Mikilvægt er að eldri ökumenn verði meðvitaðir um að ökufærni skerðist á efri árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það gerir eldri ökumönnum erfiðara að meta fjarlægð í bifreið sem kemur úr gagnstæði átt ef henni er ekið yfir hámarkshraða. Þegar rökkva tekur verður enn erfiðara fyrir eldri ökumenn að sjá ökutæki koma langt að úr gagnstæðri átt og meta hraða þess. Mikilvægt er að eldri ökumenn séu meðvitaðir um að ökufærni skerðist á efri árum,“ segir í niðurstöðunni. **– jhh**

# Færri strjúka úr fangelsum hér en á hinum Norðurlöndunum

**Sjö hafa strokið úr íslenskum fangelsum á undanförnum áratug. Ekki er munur á tíðni stroks úr opnum eða lokuðum fangelsum. Strok úr opnum fangelsum er algengara á Norðurlöndunum. Opin fangelsi sögð skipta miklu fyrir betrun fanga.**



Alls hafa sjö fangar strokið úr íslenskum fangelsum á undanförnum 10 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**FANGELSI** Frá árinu 2007 hafa þrír strokið úr opnu fangelsi á Íslandi og fjórir lokuðum fangelsum. Oft líða nokkur ár án stroks. Enginn strauk til að mynda úr fangelsi á árunum 2010, 2011, 2013, 2014 og 2015. Strokufangarnir hafa allir komið í leitirnar, oftast eftir skamma leit.

Þegar litið er til hinna Norðurlandanna má sjá að tíðni stroks úr lokuðum fangelsum er ekki ósvipuð hér og annars staðar en hins vegar er strok úr opnum fangelsum mun fátíðara hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin enda alls enginn strokið úr opnu fangelsi á síðustu tíu árum ef frá eru taldir tveir árið 2016 og svo Sindri Þór Stefánsson síðastliðinn mánudag.

„Einingarnar eru minni hér og smæð samfélagsins getur ef til vill skýrt þennan mun að einhverju leyti,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, en lætur þess þó getið að erfitt sé að átta sig á hverju þessi munur milli landanna sæti.

Páll segir kosti þess að bjóða upp á afplánun í opnari fangelsum ótvíræða. „Við erum í rauninni að feta í fótspor Norðurlandanna sem hafa náð hvað mestum árangri í heimsvísu í betrun fanga. Það getur vissulega haft þau áhrif að menn strjúki, enda þótt við sjáum ekki aukningu í því hér á landi, en það hefur líka þau áhrif að árangur við betrun þessara einstaklinga eykst og líkurnar á því að þeir brjóti aftur af sér minnka og það er heila markmiðið með þessu öllu saman,“ segir Páll.

Hann segir möguleika á afplánun í opnu fangelsi virka sem gulrót fyrir fanga, sem bíða flestir eftir að komast á Kvíabryggju eða Sogn. Til að eiga möguleika á því þurfa þeir að taka til í lífi sínu og vinna til dæmis í fíknisjúkdómum, enda edrúmennska skilyrði fyrir afplánun í opnu fangelsi. „Það umhverfi er mun nær því sem gerist úti í hinu frjálsa samfélagi og flestir vilja talsvert til þess vinna að komast í þessi pláss.“ **adalheidur@frettabladid.is**






HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

**Opið í dag sumardaginn fyrsta**
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Vestmannaeyjum og Ísafirði
Sjá nánar á husa.is

Gleðilegt sumar

# TAX FREE

## af ÖLLUM hjólum og Broil King grillum

AUTHOR

Broil King
*Kanadísk hágæða grill*

AUTHOR

TaxFree tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt á milli verslana.

Gleðilegt sumar

**30% afsláttur**
af ÖLLUM trampólínum

**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

**20% afsláttur**
af ÖLLUM háþrýstidælum

Nilfisk
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~
**Háþrýstidæla**
100 bör, 1.3 Kw, 440 ltr./klst., 5 metra slanga. Click & Clean kerfi.
5254200

**Sýpris**
80-100 cm
**990 kr**
~~1.990 kr~~

**Vorerikur**
10327408
**599 kr**

# Kortleggja hættuna fyrir gerendur í ofbeldismálum



Anna K. Newton. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNSÝSLA** Anna Kristín Newton, sálfræðingur á Fangelsismálastofnun, er formaður starfshóps sem er falið að kortleggja og skilgreina þjónustuþörf fyrir gerendur í ofbeldismálum og þá sem eru í hættu á að fremja ofbeldisbrot. Það var Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, sem skipaði hópinn og gerir ráðherra ráð fyrir að niðurstöðum verði skilað 1. nóvember.

Í tilkynningu á vef velferðarráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hefur undanfarin misseri leitt vinnu við gerð aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi í samfélaginu með fulltrúum dómsmálaráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Í því starfi hefur meðal annars verið kallað eftir fjölbreyttari meðferðarúrræðum fyrir gerendur í ofbeldismálum. Í ljósi þessa og umræðunnar sem átt hefur sér stað í samfélaginu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni ákvað ráðherra að skipa starfshópinn. Hópnum er ætlað að gera tillögur um viðeigandi úrræði og jafnframt um það hvernig megi efla forvarnir og fræðslu til að koma í veg fyrir ofbeldisbrot. Starfshópurinn skal hafa samráð við velferðarþjónustu sveitarfélaganna og eftir atvikum aðra sérfræðinga á þessu sviði. – jhh


GEÐVERND



Halldóra Mogensen

**AÐALFUNDUR**
**Geðverndarfélags Íslands**

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn **fimmtudaginn 26. apríl nk. kl. 17** að Hátúni 10, jarðhæð.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins. Að aðalfundarstörfum loknum ávarpar **Halldóra Mogensen**, formaður velferðarnefndar Alþingis, fundinn.

Á fundinum mun stjórn félagsins leggja fram til afgreiðslu **Stefnu Geðverndarfélags Íslands um geðheilbrigði á Íslandi.**
Félagar eru hvattir til að mæta.

***Stjórn Geðverndarfélags Íslands***






Dvergríkið Andorra & Spánn

**26. ágúst - 2. september** **Sumar 20**
**Fararstjóri: Soffía Halldórsdóttir**

Glæsileg vikuferð til Andorra dvergríkisins og Tossa de Mar á Spáni þar sem við kynnumst mannlífi og merkri sögu lítillar þjóðar í Pýreneafjöllunum og njótum sólar á gylltri Costa Brava ströndinni. Á ferð okkar um sveitir landsins svífur rómantíkin yfir og á vegi okkar verða töfrandi bæir. Við endum ferðina í glæsilegu heimsborginni Barcelona.

**Verð: 169.600 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK




**Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, hefur sagt að skipafloti hans fari til veiða að nýju í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ráðherra fylgist með viðbrögðum að utan

**Formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands vonaði að hvalveiðisögu Íslendinga væri lokið. Hvalur hf. hyggst hefja veiðar á ný í sumar eftir tveggja ára hlé. Boða fæðubótarefni úr afurðum gegn járnskorti. Áhyggjur af viðbrögðum erlendis.**

**HVALVEIÐAR** Það eru vonbrigði að Hvalur hf. ætli sér að hefja hvalveiðar á ný eftir tveggja ára hlé, segir Rannveig Grétarsdóttir, formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands og framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar.

Morgunblaðið greindi á þriðjudag frá áformum Hvals um að hefja veiðar á ný í sumar þar sem vonir eru um að Japansmarkaður opnist á ný eftir innflutningshindranir og til standi að þróa járnríkt fæðubótarefni úr langreyðarkjöti.

Viðbrögðin við tíðindunum hafa verið misjöfn.

Rannveig segir að þótt hrefnuveiðar hafi mun meiri áhrif á rekstur hvalaskoðunarfyrirtækja skaði veiðar á langreyði ímynd Íslands. Hvalveiðar séu viðkvæmt málefni á alþjóðavísu.

„Við fáum sterk viðbrögð frá söluaðilum, maður veit ekki hvort þetta hefur áhrif á söluna en þetta hjálpar allavega ekki. Hvalveiðar eru ekki eitthvað sem við ættum að vera þekkt fyrir,“ segir Rannveig og telur aðspurð að hún hefði viljað sjá Kristján Loftsson nýta hvalveiðiskipin og hvalstöðina í ferðaþjónustu. Segja ferðamönnum sögu hvalveiða á Íslandi, sögu sem vissulega sé mikilsverður hluti af sögu okkar.

„En þetta er saga sem ætti að vera lokið.“

Sigursteinn Másson, fulltrúi Alþjóðadýravelferðarsjóðsins (IFAW), hefur bent á að Pellyákvæðinu sem Bandaríkin beittu gegn Íslandi vegna hvalveiða á sínum tíma hafi ekki enn verið aflétt, þrátt fyrir tilraunir íslenskra stjórnvalda. Ákvæðið kveður á um diplómatískar refsiaðgerðir.

Í skýrslu utanríkisráðherra um áhrif hvalveiða á samskipti Íslands og annarra ríkja frá 2016 kom þó fram að ekki væri að sjá að veiðarnar hefðu haft teljandi áhrif á viðskiptalega hagsmuni eða diplómatísk samskipti.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir andstöðuna erlendis þekkta.

„En þetta hefur verið tekið út og veiðarnar hafa ekki neikvæð áhrif á komu ferðamanna, eins og margir höfðu áhyggjur af. Það sem við höldum á lofti er að þetta eru sjálfbærar veiðar byggðar á vísindalegum rannsóknum, ef þessi mál koma upp. En við munum að sjálfsögðu fylgjast með viðbrögðum og gæta hagsmuna Íslands í hvívetna.“

**mikael@frettabladid.is**

## Umdeild leið að auðleystum vanda



**Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði.**

Hvalur hf. segir járnnæringarskort „útbreiddasta og alvarlegasta heilbrigðisvandamál í heiminum“ samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO). Á vef WHO segir að járnskortur sé ein algengasta og útbreiddasta næringarröskunin í heiminum.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, segir þetta skilgreiningaratriði en að járn sé vissulega eitt þeirra næringarefni sem algengast sé að skorti hjá hluta einstaklinga. Aðspurð um nýtingu hvalaafurða til að mæta þessu sérstaklega segir hún:

„Þetta yrði væntanlega ein umdeildasta leiðin sem hægt er að fara til að bæta járnskort. Ef það á að veiða hvali í þessum tilgangi þá eru ýmsar aðrar leiðir færar og mikið af sambærilegum bætiefnum til. Ég veit ekki hversu jákvætt fólk yrði fyrir því að kaupa járnbætiefni unnin úr hval, en hver veit. Ég ætla ekki að dæma.“

Fyrir flesta ætti að vera auðvelt að sækja sér járn úr fjölbreyttu mataræði, en það séu vissulega einstaka hópar sem gætu þurft á bætiefnum að halda. Bendir Ingibjörg á að vandamálið hér á landi sé að ekki sé vitað um stöðuna varðandi járnskort eða skort á öðrum næringarefnum þar sem erfitt hafi verið að fá fjármagn til að mæla grundvallarnæringarástand Íslendinga.

> **Það sem við höldum á lofti er að þetta eru sjálfbærar veiðar byggðar á vísindalegum rannsóknum.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra



SMÁRALIND




**KANDÍFLOSS, BLÖÐRUR OG SUMARSPRELL**
BLÖÐRULISTAMENN OG SIRKUS ÍSLANDS Á FLAKKI UM ALLT HÚS FRÁ 14-16.
VERTU MEÐ Í AÐ PÚSLA STÆRSTA PÚSLUSPIL Í HEIMI!

**OPIÐ 13–18 Í DAG**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



## Ársfundur Byggðastofnunar 2018

verður haldinn miðvikudaginn 25. apríl kl. 13.00 á Hótel Laugarbakka í Miðfirði.

**Dagskrá**

13.00 **Setning fundarins.** Illugi Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

13.05 **Ávarp ráðherra.** Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

13.15 **Ávarp formanns stjórnar Byggðastofnunar.** Illugi Gunnarsson.

13.30 **Starfsemi Byggðastofnunar.** Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri.

13.45 **Afhending Landstólpans,** samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar.

14.00 **Byggðaáætlun 2018-2024.** Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

14.30 **Hvert sækja íbúar landsbyggðanna þjónustu?** Sigríður Elín Þórðardóttir, sérfræðingur á Byggðastofnun.

15.00 **Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.** Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri.

15.30 **Veiting styrkja úr Byggðarannsóknasjóði.** Illugi Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

*Allir velkomnir*

BYGGÐASTOFNUN

# Kjósa aftur til að sýna óvinum í tvo heimana

**Þing- og forsetakosningum í Tyrklandi verður flýtt um rúmlega ár. Forsetinn tók ákvörðunina eftir ákall formanns MHP-flokksins. Fastlega búist við því að Erdoğan haldi forsetastólnum og flokkur hans meirihluta á þinginu.**



Erdogan Tyrklandsforseti boðaði til kosninga í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**TYRKLAND** Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands, boðaði í gær til forseta- og þingkosninga þann 24. júní næstkomandi. Upprunalega átti að ganga til kosninga í nóvember 2019 en Erdoğan sagði nauðsynlegt að flýta þeim til þess að greiða fyrir upptöku forsetaræðis þar í landi.

Tyrkir samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrra að breyta stjórnarskrá ríkisins á þá vegu að færa forsetanum meiri völd, það er að fara úr því að vera þingræðisríki, líkt og Ísland, yfir í að vera forsetaræðisríki, líkt og Bandaríkin.

„Jafnvel þótt forseti og ríkisstjórn vinni vel saman plaga sjúkdómar hins gamla fyrirkomulags okkur enn,“ sagði Erdoğan í ræðu sinni í gær. Bætti hann því við að þróun mála í Sýrlandi, sem og víðar, hefði gert enn nauðsynlegra að flýta fyrir upptöku forsetaræðis svo hægt væri að tryggja framtíð Tyrklands. Samkvæmt Reuters hafði Erdoğan-stjórnin áður hafnað hugmyndum um að flýta kosningum.

Orðrómur var uppi í gær og á þriðjudag um að kosningum yrði flýtt. Devlet Bahceli, leiðtogi Þjóðarhreyfingarinnar (MHP), flokks sem er samstiga Réttlætis- og þróunarflokki (AKP) Erdoğans, kallaði meðal annars eftir kosningum sem fyrst. Sagði hann það nauðsynlegt til að „sýna óvinum Tyrklands í tvo heimana“. MHP mun bjóða fram með AKP í kosningunum. Erdoğan sagði frá því í gær að ákvörðunin hefði verið tekin eftir viðræður við Bahceli. Stjórnarandstöðuflokkar fögnuðu ummælum Bahcelis, og því væntanlega ákvörðun Erdoğans sömuleiðis. Sögðu þeir samkvæmt BBC að með því fengist tækifæri til að steypa Erdoğan af stóli.

Samkvæmt Telegraph er þetta ekki í fyrsta skipti sem Bahceli reynist áhrifaríkur í tyrkneskum stjórnmálum. Hann fékk það einnig í gegn árið 2002 að kosið yrði fyrr. Í þeim kosningum komst AKP til valda.

Sé horft til skoðanakannana fyrir forsetakosningarnar þykir Erdoğan langsigurstranglegastur. Í könnun Ankara Analitik segjast 46,4 prósent ætla að kjósa forsetann í fyrri umferð kosninga. Næstflestir styðja Kemal Kılıçdaroğlu, líklegan frambjóðanda CHP-flokksins, eða 12,7 prósent. Þá styðja jafnmargir Meral Akşener, væntanlegan frambjóðanda Góða flokksins.

Í annarri umferð hefur Erdoğan vinninginn á móti bæði Akşener og Kılıçdaroğlu. Fengi Erdoğan 60 prósent atkvæða gegn 40 prósentum Akşeners samkvæmt könnun ORC en 62 prósent gegn 38 prósentum Kılıçdaroğlu.

AKP-flokkurinn mælist jafnframt langstærstur þegar horft er til þingkosninga. Í könnun ORC mælist AKP með 56 prósenta fylgi.

Næst á eftir kemur CHP með 27 prósent, þá HDP-flokkurinn, sem er hliðhollur Kúrdum, með 8,3 prósent og loks Góði flokkurinn með 7,1 prósent.

Með sigri myndi Erdoğan lengja enn frekar langa valdatíð sína. Allt stefnir í að hann tryggi sér umboð til að stýra Tyrklandi í fimm ár til viðbótar við þau fimmtán sem eru að baki, ýmist sem forsætisráðherra eða forseti. **thorgnyr@frettabladid.is**




Með þéttleika húðarinnar sprettur æskuljóminn fram.
Nýtt Extra-Firming dag- og næturkrem
Dregur úr línum, stinnir og lyftir.
Rannsóknarstofa Clarins kynnir nýja uppgötvun til leiks sem hjálpar húðinni að endurheimta æskuljóma sinn með því að vinna að auknum þéttleika húðarinnar. Nýju Extra-Firming dag- og næturkremin draga úr fínum línum húðarinnar og gefa aukna lyftingu. Með hjálp innihaldsefna kengúrublómsins endurheimtir húðin einnig stinnleika sinn sem hún á til að tapa með árunum auk þess sem hún mýkist og öðlast aukinn ljóma.
Extra-Firming inniheldur 8 plöntukjarna sem:
• mýkja
• stinna húðina
• gefa ljóma
CLARINS PARIS
Extra-Firming Jour
Crème fermeté anti-rides
Wrinkle control, firming day cream
Toutes peaux – All skin types
CLARINS PARIS
Extra-Firming Nuit
Crème régénérante anti-rides
Wrinkle control, regenerating night cream
Toutes peaux – All skin types
Kraftur náttúrunnar beint frá Ástralíu.
89% KVENNA SÁU MUN OG HÚÐIN VAR STINNARI.*
*Ánægju próf – dag- og næturkrem, allar húðgerðir – 107 konur – 14 dagar.
It's all about you.
CLARINS
Clarins kynning í verslunum Hagkaupa dagana 19. – 25. apríl.
Kaupauki fylgir ef keyptar eru Clarins vörur fyrir 7.800 krónur eða meira.
Gildir á meðan birgðir endast.
20% afsláttur er af öllum Clarins vörum á meðan á kynningunni stendur.
HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Fá ekki enn að rannsaka vettvang efnavopnaárásarinnar í Douma

**SÝRLAND** Rannsókn Efnavopnastofnunarinnar á meintri efnavopnaárás á sýrlenska bænum Douma var frestað enn á ný í gær.

Reuters-fréttastofan greindi frá því að rannsakendur hefðu í þetta skiptið ekki fengið að fara inn á vettvang þar sem skothvellir hefðu heyrst þaðan. Áður höfðu Rússar og Sýrlendingar sagt að ekki væri hægt að tryggja öryggi rannsakenda á vettvangi.

Heimildarmaður Reuters sagði að þótt greint hefði verið frá skothvellum hefðu engar frekari upplýsingar fengist um málið. Stefnt var að því að rannsókn hæfist í gær en það hafði ekki gerst þegar þessi frétt var skrifuð.

Tafir á rannsókninni hafa ekki orðið til þess að bæta samskipti Rússa og Sýrlendinga við Bandaríkjamenn, Breta og Frakka. Síðarnefndu þjóðirnar gerðu loftárásir á skotmörk í Sýrlandi, sem talin voru tengjast efnavopnaþróun og -framleiðslu, um síðustu helgi.

Sýrlendingar og Rússar, helstu bandamenn þeirra, neita því hins vegar staðfastlega að Sýrlendingar hafi gert efnavopnaárás.

Stjórnarher Bashars al-Assad Sýrlandsforseta hefur reyndar alla tíð neitað því að hafa beitt efnavopnum. Þrátt fyrir það komust rannsakendur bæði Efnavopnastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna að því í fyrra að stjórnarherinn hafði drepið nærri hundrað með saríngasi í bænum Khan Sheikhoun.



**Frá Douma í Sýrlandi, þar sem átök hafa geisað.** NORDICPHOTOS/AFP

Til stendur að rannsakendur safni meðal annars jarðvegssýnum, blóðsýnum og þvagsýnum og tali við vitni á vettvangi. Bandaríkjamenn og Frakkar hafa þó áhyggjur af því að það gæti reynst erfitt í ljósi þess að nærri tvær vikur eru nú liðnar frá meintri árás. **– þea**



**Fidel og Raúl Castro árið 2011.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Castro-öldin á Kúbu á enda

**KÚBA** Þingmenn á kúbverska þinginu hófu í gær umræður um hver taki við af Raúl Castro sem forseti kommúnistaríkisins. Castro, sem tók við af bróður sínum Fidel árið 2006, mun stíga til hliðar og er búist við því að Miguel Díaz-Canel, fyrsti varaforseti Kúbu, taki við leiðtogasætinu.

Þá verður einnig skipað í 31 meðlims ríkisráð Kúbu. Ráðið er í raun valdameira en þingið þar sem þingið kemur bara saman tvisvar á ári. Forseti ríkisráðsins er svo sömuleiðis forseti ríkisins.

Castro-fjölskyldan hefur verið við völd á Kúbu frá árinu 1959. Með valdaskiptunum lýkur því nærri sextíu ára valdaskeiði hennar að mestu. Castro ætlar þó að halda áfram sem aðalritari Kommúnistaflokksins til 2021 og mun þannig hafa talsverð áhrif á gang mála og jafnvel hafa lokaorðið þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum.

Hinn 57 ára gamli Díaz-Canel hefur setið við hlið Castros undanfarin fimm ár og telja skýrendur hann langlíklegastan. Hins vegar er ekki útilokað að Bruno Rodríguez utanríkisráðherra og Mercedes López, aðalritari Kommúnistaflokks Havana, geri tilkall til stólsins.

Samkvæmt BBC er ólíklegt að nýr forseti breyti kúbversku samfélagi í náinni framtíð í ljósi áframhaldandi áhrifa Castros. Búist er við því að þær breytingar sem verða, verði gerðar hægt. **– þea**

# Mike Pompeo fór í leyniferð til Norður-Kóreu og hitti Kim

**Verðandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna fundaði með einræðisherra Norður-Kóreu. Styttist í leiðtogafund Bandaríkjanna og Norður-Kóreu. Enn styttra í leiðtogafund ríkjanna tveggja á Kóreuskaga. Samið var um beina sjónvarpsútsendingu frá fundi þeirra. Skjálfti í Kim vegna loftárásanna á Sýrland um síðustu helgi.**

**NORÐUR-KÓREA** Mike Pompeo, sem Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur tilnefnt í utanríkisráðherrastólinn, fór fyrir nokkrum vikum í leyniferð til Norður-Kóreu og fundaði með einræðisherranum Kim Jong-un. Pompeo, sem stýrir nú leyniþjónustunni CIA, ræddi þar við Kim um væntanlegan tvíhliða fund Trumps og Kim. Washington Post greindi frá þessu og vísaði í ónafngreinda heimildarmenn.

Fundur Pompeos og Kim er sá fyrsti sinnar tegundar frá því Madeleine Albright, þáverandi utanríkisráðherra, fundaði með Kim Jong-il, þáverandi einræðisherra og föður Jong-un, árið 2000.

Trump tísti um fundinn í gær og sagði að samband Pompeos og Kim væri gott. „Við erum nú að ná niðurstöðu um smáatriði er varða viðræðurnar. Afkjarnorkuvæðing Kóreuskaga yrði frábær, ekki bara fyrir heiminn heldur líka Norður-Kóreu,“ tísti forsetinn.

Frétt The Washington Post rímar vel við ummæli sem Trump lét falla á sameiginlegum blaðamannafundi með Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, á þriðjudaginn. Sagði hann þá að Bandaríkin ættu nú í viðræðum á „rosalega“ háu stigi við einræðisríkið.

Suðurkóreski miðillinn Yonhap greindi frá því að samráð hefði verið haft við þarlend yfirvöld vegna ferðar Pompeos. Sagði heimildarmaður Yonhap að það væri þó ekki viðeigandi fyrir suðurkóresk yfirvöld að tjá sig frekar um tvíhliða viðræður Bandaríkjanna og Norður-Kóreu.

Þá talaði Trump einnig um beinar viðræður ríkjanna tveggja á Kóreuskaga. Kim mun funda með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í landamærabænum Panmunjom þann 27. apríl. Ríkin hafa undanfarið staðið í viðræðum um formleg lok Kóreustríðsins. Við eiginleg lok þess, árið 1953, var samið um vopnahlé, ekki frið, og því stendur það tæknilega séð enn yfir. Lagði Trump blessun sína yfir það að ljúka stríðinu.



**Kim tók væntanlega vel á móti Mike Pompeo í Pjongjang.** NORDICPHOTOS/AFP

Yonhap greindi sömuleiðis frá því í gær að Kóreuríkin tvö hefðu komist að samkomulagi um beina sjónvarpsútsendingu af fundi leiðtoganna.

Samkvæmt suðurkóreska miðlinum Chosun Ilbo gætu suðurkóresku erindrekarnir sem heimsóttu Norður-Kóreu í mars farið í aðra slíka heimsókn áður en kemur að fundi Moon og Kim. Það gæti reynst nauðsynlegt vegna erfiðleika við að komast að samkomulagi um dagskrá viðræðnanna.

Þetta hafði Chosun Ilbo eftir Im Jong-seok, starfsmannastjóra Moon, sem sagði jafnframt að Chung Eui-yong, formaður þjóðaröryggisráðs, og Suh Hoon, stjórnandi leyniþjónustunnar, myndu fara fyrir erindrekasveitinni.

Im sagði að búist væri við því að bein lína á milli Kim og Moon yrði tengd á föstudaginn. Þá muni línan verða prófuð en óljóst er hvort leiðtogarnir sjálfir ræðist við.

„Aðalumræðuefni fundarins verður algjört brotthvarf Norður-Kóreu frá áætlun sinni um að koma sér upp kjarnorkuvopnabúri, að koma á fót varanlegum friði og umbætur í samskiptum ríkjanna á Kóreuskaga,“ sagði Im.

Samkvæmt sama miðli kom nokkur skjálfti í Kim-stjórnina þegar Bandaríkin, Bretland og Frakkland gerðu loftárásir á skotmörk sín í Sýrlandi um síðustu helgi. Þá hefði Kim tilraunir Trumps til að tæta í sundur kjarnorkusamninginn við Íran einnig í huga í undirbúningnum fyrir viðræður þeirra tveggja.

**thorgnyr@frettabladid.is**

Nilfisk

NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA




OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10. Þetta danska vörumerki þekkja flestir enda gæðaryksugur sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Komdu og skoðaðu Nilfisk ryksugurnar og úrvalið af fylgihlutum, hausum, börkum og ryksugupokum.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís












## Komdu á sumarfagnað Mitsubishi í dag!

Við höldum upp á sumardaginn fyrsta og höfum opið í Mitsubishi salnum í dag milli kl. 12 og 16. Boðið verður upp á kaffi, kleinur, gos og íspinna – og sumargjafir fyrir börnin á meðan birgðir endast. Slökktu á vetrinum og kveiktu á sumrinu í nýjum bíl frá Mitsubishi. Sölumenn okkar verða í sumarskapi og nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum.* Komdu og fagnaðu deginum með okkur. Gleðilegt sumar!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd *Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

# Í Hálsaskógi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ísland út NATO! Herinn burt!“ kyrjuðu vinstri menn á sínum tíma. Herinn hvarf en Ísland er enn í NATO eins og sjálfsagt hlýtur að teljast. Ísland á heima í varnarbandalagi með vestrænum þjóðum. Um það á að ríkja einhugur í ríkisstjórn Íslands.

Á dögunum voru landsmenn rækilega minntir á að Vinstri græn eru á móti veru Íslands í NATO. Forsætisráðherra landsins og formaður Vinstri grænna, Katrín Jakobsdóttir, sá ástæðu til að ítreka þessa stefnu flokksins en af orðum hennar mátti einnig ráða að þótt Vinstri græn séu svo friðelskandi að þau vilji ekki sjá Ísland í NATO ætli þau ríkisstjórnarsamstarfsins vegna að stilla sig um að æpa á torgum: „Ísland úr NATO!“ Forsætisráðherra og flestir þingmenn flokksins virðast vera það jarðbundnir að þeir gera sér grein fyrir því að slíkt slagorð hljómar ágætlega á flokksfundum en dugar engan veginn í ríkisstjórnarsamstarfi.

Það er gott til þess að vita að þingmenn Vinstri grænna átta sig á því að sú stefna þeirra að standa utan varnarbandalags (sem flokkurinn kallar reyndar hernaðarbandalag) getur ekki virkað í ríkisstjórn því enginn hljómgrunnur er fyrir henni hjá þeim flokkum sem vægi hafa meðal kjósenda. Það er reyndar spurning hvort ekki sé tímabært fyrir þennan afturhaldssama vinstriflokk að sýna raunsæi og sætta sig við veru Íslands í NATO. Byrjunin á því gæti til dæmis verið að kalla NATO varnarbandalag í staðinn fyrir hernaðarbandalag.

Vinstri græn telja sig einstaklega friðelskandi flokk og eru harðir andstæðingar hernaðaraðgerða. Friðarstefnan gengur svo langt að þegar efnavopnaárás var gerð á íbúa Sýrlands með þeim afleiðingum að tugir saklausra borgara létust þá fannst þeim ekki við hæfi að bregðast við á annan hátt en með mótmælum um að ljótt sé að beita efnavopnum. Vinstri græn komust í verulegt uppnám vegna refsiaðgerða Bandaríkjamanna, Breta og Frakka, en þar var ráðist á efnavopnastöðvar í Sýrlandi. Þar varð ekkert mannfall.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sagði á dögunum: „Hernaðaraðgerðir koma ekki á friði. Pólitískar viðræður og diplómatískar lausnir koma á friði.“ Hugmyndafræði hinna friðelskandi Vinstri grænna um að öll dýrin í skóginum eigi að vera vinir er að sönnu falleg, en hún á svo sannarlega ekki ætíð við og getur beðið illilega skipbrot, eins og gerðist til dæmis þegar Chamberlain gerði samkomulag við herra Hitler. Einræðisherrar heims eru ekkert óskaplega flóknir persónuleikar. Þeir eru ekki friðarpostular sem styðja diplómatískar lausnir heldur fara fram með ófriði og svífast einskis. Von þeirra og trú er sú að umheimurinn aðhafist alls ekkert nema þá helst að kvaka máttleysisleg mótmælaorð.

Vinstri græn segjast elska friðinn um fram allt annað en samt er stöðugur ófriður innan raða þeirra og undirliggjandi ólga vegna stjórnarsamstarfsins. Ekki verður betur séð en þar sé ríkjandi áberandi áhugaleysi á pólitískum viðræðum og diplómatískum lausnum sem Vinstri græn eru samt svo áhugasöm um að boða í utanríkisstefnu sinni. Enn eitt dæmi um að einstaklingum getur reynst erfitt að fara eftir því sem þeir predika.

**Það er reyndar spurning hvort ekki sé tímabært fyrir þennan afturhaldssama vinstriflokk að sýna raunsæi og sætta sig við veru Íslands í NATO.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Bjarnargreiði**

**Bent var á það á fréttavefnum Vísi í gær að Eyþór Arnalds og félagar hans á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefðu komið Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Eyjum, í bobba. Ástæðan er sú að Eyþór og félagar hafa lofað því að fasteignagjöld á eldri borgara verði felld niður. Oddviti VG í Reykjavík hefur bent á að þetta sé ólöglegt, en Sjálfstæðismenn rökstyðja loforðið sitt með því að Eyjamenn hafi gert slíkt hið sama undanfarin ár. Eftir að kastljósi fjölmiðla var beint að Eyjamönnum hefur ráðuneyti sveitarstjórnarmála ákveðið að spyrja bæjarstjórann í Vestmannaeyjum út í málið.**

**Mikil miðstýring**

**Nú er það í sjálfu sér ekki til fyrirmyndar ef frambjóðendur og kjörnir fulltrúar geta ekki fylgt lögum við framkvæmd stefnu sinnar. Það virkar hins vegar líka alveg fáránlegt að sveitarfélögin í landinu geti ekki ákveðið sjálf hvaða álögur þau leggja á íbúa sína og hversu háar þær eigi að vera. Er ekki allt í lagi að sveitarfélögin geti beitt sköttum og opinberum gjöldum í samkeppni um íbúana í landinu? Þannig að þeir sem kjósa lægri álögur geti valið sér sveitarfélag eftir því.**

jonhakon@frettabladid.is

# Samstaða um netöryggi?



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Þrátt fyrir að Ísland státi af toppeinkunn frá Alþjóðafjarskiptasambandinu í upplýsingatækni og fjarskiptum er enn langt í land með að við náum sömu stöðu í netöryggismálum. Þessu þarf að kippa í liðinn sem fyrst.

Í skýrslu innanríkisráðherra frá 2015 eru nefnd fjögur meginmarkmið sem eiga að tryggja netöryggi: Meiri geta almennings, fyrirtækja og stjórnvalda til að verjast netógnum, aukið þol upplýsingakerfa til að bregðast við áföllum, löggjöf í samræmi við alþjóðlegar kröfur og skuldbindingar og hæfni lögreglu til að fást við glæpi tengda net- og upplýsingaöryggi.

Á fundi Norðurlandaráðs á Akureyri í síðustu viku samþykkti forsætisnefnd ráðsins að beina þeim tilmælum til norræna stjórnvalda að auka samstarf landanna á sviði netvarna og þá einnig samstarf við Eystrasaltsríkin. Þau ríki, sér í lagi Eistland, hafa náð hvað lengst á sviði netöryggis, en öndvegissetur NATO um netvarnir er staðsett í Tallinn.

Þessi jákvæða tillaga var reyndar ekki samþykkt einróma því fulltrúar vinstriflokka í Norðurlandaráði, VG þar með talinn, studdu hana ekki. Vonandi hefur sú afstaða VG ekki áhrif á áherslur og áhuga ríkisstjórnar Íslands í þessum gríðarlega mikilvæga málaflokki. Það er þó ljóst að í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu ára er fátt bitastætt um netöryggi og þegar ég átti orðastað við Sigurð Inga Jóhannsson samgönguráðherra um málið á Alþingi í síðustu viku staðfesti hann að ekki væri tekið nægilega á netöryggismálum í fjármálaáætluninni. Til að gæta sannmælis er rétt að geta þess að samgönguráðherra sagði líka að það yrði að taka á málinu í næstu fjármálaáætlun.

Það er grundvallarkrafa að ríkisstjórn Íslands sé samstiga í að leita bestu hugsanlegu leiða til að tryggja netöryggi þjóðarinnar. Annars vegar með því samstarfi sem býðst við þjóðir sem fremst standa og hins vegar með því að tryggja nauðsynlegt fjármagn í málaflokkinn. Misvísandi skilaboð og hik þegar kemur að því að taka af skarið er ekki í boði.

**Það er grundvallarkrafa að ríkisstjórn Íslands sé samstiga í að leita bestu hugsanlegu leiða til að tryggja netöryggi þjóðarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Brúðkaupstertur Stalíns

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Að loknum frækilegum sigri gegn nasistum í síðari heimsstyrjöldinni ákvað Jósef Stalín að byggja skýjakljúfa í Moskvu til að stappa stálinu í Rússa og til að sýna Bandaríkjamönnum að fleiri en þeir kynnu að reisa háhýsi. Húsin risu á árunum 1947-1953 og eru ýmist kölluð sjö systur eða brúðkaupstertur Stalíns.

**Lenín átti að snúast …**

Húsin áttu að verða átta en urðu bara sjö. Hæst þeirra var húsið sem var lagt undir ríkisháskólann í Moskvu og gnæfir enn yfir borgina. Tvö urðu stjórnarbyggingar, annað fyrir utanríkisráðuneytið. Tvö urðu hótel, nú Hilton (áður Hótel Leningradskaya) og Radisson (áður Hótel Úkraína). Og tvö urðu íbúðarhús handa valdsmönnum og vinum þeirra.

Húsin voru eins og byggðakjarnar því þar var öll algeng þjónusta í boði innan dyra. Í upphaflega íbúahópnum var Faina Ranevskaya, fræg leikkona sem sagðist búa milli brauðs og leika því öðrum megin við íbúð hennar var bakarí og hinum megin var bíó. Erindrekar leynilþjónustunnar KGB báðu hana að njósna um nágrannana en hún sagðist ganga í svefni og því miður ekki geta ábyrgzt hvað hún segði þegar svo bæri við. Þessu til staðfestingar gekk hún í svefni um ganga hússins næstu nætur og lét ýmislegt flakka svo þeir hjá KGB sáu þann kost vænstan að snúa sér annað.

Brúðkaupstertunafnið stafaði af því að Stalín skipaði arkitektunum að skreyta þök húsanna eftir sínum smekk. Krústsjov leyfði arkitektunum að taka skrautið niður að Stalín látnum. Um dauða Stalíns fjallar afar skemmtileg og að mestu leyti sannsöguleg ný kvikmynd sem er nú sýnd um allar jarðir nema í Rússlandi þar sem hún er bönnuð. Áttunda húsið átti að verða hæsta hús í heimi, hærra en Empire State-byggingin í New York, með risavaxið flóðlýst líkneski af Lenín sem myndi snúast uppi á þakinu í 400 metra hæð, en af því varð ekki.

**… en fékk í staðinn að liggja smurður**

Nikita Krústsjov, eftirmaður Stalíns sem aðalritari Kommúnistaflokksins, afhjúpaði glæpi Stalíns á þingi flokksins 1956 og lét taka niður minnismerki um hann, þó ekki alveg öll. Mósaíkmyndum í fagurlega skreyttu neðanjarðarlestakerfinu í Moskvu var breytt með því að höggva Stalín út úr myndunum og setja Lenín inn í staðinn eða svífandi fugla eða bara eitthvað. Neðanjarðarkerfið er óvenjulegt fyrir þá sök að þvert á brautirnar sem liggja frá norðri til suðurs og austri til vesturs o.s.frv. er hringbraut. Stalín var að drekka kaffið sitt þegar verkfræðingar komu til að sýna honum teikningar að lestakerfinu, hann lagði bollann sinn á kortið meðan hann setti stafina sína á það og bollinn skildi eftir sig brúnan hring á kortinu. Verkfræðingarnir töldu öruggast að leggja hringbrautina.

> **Stalín var að drekka kaffið sitt þegar verkfræðingar komu til að sýna honum teikningar að lestakerfinu, hann lagði bollann sinn á kortið meðan hann setti stafina sína á það og bollinn skildi eftir sig brúnan hring á kortinu. Verkfræðingarnir töldu öruggast að leggja hringbrautina.**

Stalín fékk að halda grafreit sínum í Kreml. Og Lenín liggur enn smurður og lítill fyrir mann að sjá í skotheldu glerbúri í grafhýsi sínu á Rauða torginu. Sem minnir mig á manninn sem kom að mjög langri biðröð við grafhýsið og gaf sig á tal við borðalagða verðina til að athuga hvort hann gæti komizt fram fyrir röðina. Kemur ekki til greina, sögðu verðirnir. En ef ég gef ykkur rúblur? spurði maðurinn og veifaði seðlabúnti framan í verðina. Ekki við það komandi, sögðu þeir og sátu fastir við einn keip. En ef ég býð ykkur vodka? spurði maðurinn enn og sýndi þeim flöskuna. Þú meinar, sögðu verðirnir. Viltu koma inn eða eigum við að koma með karlinn út?

Enn eru þeir margir sem mæra Stalín, einkum í dreifðum byggðum Rússlands, þrátt fyrir allt sem um hann er nú vitað. Skoðanakannanir sýna að þeir sem mæra Stalín styðja langflestir Pútín forseta og virðast kæra sig kollótta um spillinguna, morðin o.fl. Ný vísitala laga og réttar skipar Rússlandi í 89. sæti meðal 133 landa, Bandaríkjunum í 19. sæti og Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð í fjögur efstu sætin. Lýðræði útheimtir virðingu fyrir lögum og rétti.

**Ástand og horfur**

Rússar eru nú tæplega hálfdrættingar á við Bandaríkjamenn mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann. Það er miklu minni munur en blasti við þegar Sovétríkin hrundu 1991. Þeir sem segja að munurinn sé nú sexfaldur eða sjöfaldur bera saman landsframleiðslu á mann án tillits til að tekjur hrökkva miklu lengra í Rússlandi en í Bandaríkjunum þar eð framfærslukostnaður er lægri í Rússlandi. Efnahagslífið hefur tekið stakkaskiptum. Hlutdeild landbúnaðar í hagkerfinu er komin niður fyrir 5% m.a. til að rýma fyrir verzlun og þjónustu sem standa á bak við 63% af landsframleiðslu Rússa á móti 79% í Bandaríkjunum og 71% hér heima skv. upplýsingum Alþjóðabankans. Það háir Rússum að fáir kæra sig um að kaupa af þeim annað en olíu, vodka og vopn. Efnahagslíf þeirra er um of háð útflutningi á olíu og gasi sem hafa lækkað verulega í verði á heimsmarkaði. Margt bendir til að verðlækkunin sé varanleg. Einhæfni getur verið hættuleg.







# Heilsteypt – ekki steinsteypt



**Sigurveig H. Sigurðardóttir**
dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



**Halldór S. Guðmundsson**
dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða er reglulega til umfjöllunar í fjölmiðlum og í stjórnmálaumræðunni. Rök eru iðulega færð fyrir frekari byggingu hjúkrunarrýma með tilvísun í fjölgun eldra fólks og fjölda þeirra sem dvelja á Landspítala-Háskólahúsi og geta af einhverjum ástæðum ekki útskrifast til síns heima.

Íslendingum á lífeyrisaldri er að fjölga og mun fjölga enn frekar á næstu áratugum. Þar með er ekki gefið að fjölgun eldra fólks leiði af sér þörf fyrir fleiri hjúkrunarrými, að minnsta kosti ekki fyrr en eftir tólf ár eða upp úr árinu 2030. Ástæðan er einfaldlega sú að eldri aldurshópurinn, 80 ára og eldri, fer ekki stækkandi fyrr en upp úr 2025 og það er sá hópur sem ætla má að þurfi helst á þjónustu í hjúkrunarrýmum að halda.

Í rúma þrjá áratugi hefur verið lögfest sú stefna að efla og samþætta eigi félagslega og heilbrigðislega þjónustu við aldraða. Sú meginlína er í lögum um málefni aldraðra síðan 1982. En hvað hefur í raun og veru gerst?

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands var hlutfall heimila aldraðra sem fengu heimaþjónustu sveitarfélaga um 19,2% árið 2000, hækkaði í 21,4 árið 2003 en hefur farið lækkandi síðan og er nú á sama stað og fyrr, 19,4% árið 2016. Hlutfall þeirra sem dvelja á stofnun fyrir aldraða hefur á sama tíma farið lækkandi og sérstaklega í aldurshópum eldra fólks milli 70-85 ára.

Þessar tölur og norrænar samanburðartölur sem og rannsóknir í málaflokknum benda í þá átt að heimaþjónustan hafi ekki aukist eins og ætla mátti heldur aðeins tæplega haldið í við fjölgun íbúa í aldurshópnum. Fjölgun eldra fólks hefur síðan ekki leitt til hlutfallslegrar fjölgunar inni á stofnunum, heldur frekar dregið úr. Upplýsingar um fjölda notenda, heimsóknartíðni og tíma eru ekki aðgengilegar en vísbendingar eru um að þjónustan geri ekki nema að halda í við fjölgun í aldurshópnum.

Líklegt er því að félagslegar, menningarlegar og heilsufarslegar aðstæður eldra fólks hafi breyst töluvert á síðustu áratugum og að fleiri aldraðir einstaklingar séu betur á sig komnir, hafi það betra og búi við betri heilbrigðisþjónustu en fólk á sama aldri fyrir nokkrum áratugum. Þá liggur fyrir að aðstoð fjölskyldunnar við eldri fjölskyldumeðlimi er umfangsmikil.

Í tillögum að stefnumótun í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða til ársins 2035, sem birt var á heimasíðu velferðarráðuneytis 17. mars 2017, er lögð til grundvallar sú framtíðarsýn að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri geti búið heima. Þessi tillaga er í takti við fyrri stefnumið og áherslur og reynslu annars staðar á Norðurlöndum um að eldra fólk búi að jafnaði við það góða heilsu að það geti búið heima með viðeigandi stuðningi.

**Það sem liggur á að gera, ekki seinna en strax, er að stórefla heimaþjónustu, heimahjúkrun og dagdvalir fyrir eldra fólk.**

Samkvæmt þessu stefnumiði og fyrrgreindum breytingum á félags- og heilsufarslegri stöðu eldra fólks er ljóst að ekki er þörf á fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum. Í dag eru um 2.700 hjúkrunarrými á landinu og árið 2035 þurfa þau, sé miðað við mannfjöldaspá, að vera um 3.400. Fram til 2030 nægir núverandi fjöldi rýma, en svo þarf að fjölga þeim um 130 á ári á tímabilinu frá 2030-2035 til að standa við stefnumið sem taka mið af því að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri muni búi heima með aðstoð og að 15% muni mögulega þurfa dvöl á hjúkrunarheimili.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir eru langir biðlistar eftir dvöl á hjúkrunarheimilum. Væri ekki skynsamlegra að skoða hvers vegna svo sé og huga að heildarstefnu í málaflokkunum frekar en að hefja frekari byggingar? Getur verið að fólk treysti sér ekki til að vera heima vegna hræðslu við að fá ekki viðeigandi þjónustu þegar hennar gerist þörf? Hvert á að leita og hver gerir hvað? Hvaða aðstandendur endast til að styðja sína öldruðu til að búa heima ef upplýsingar og traust til samþættrar og heilsteyptrar þjónustu vantar?

Það sem liggur á að gera, ekki seinna en strax, er að stórefla heimaþjónustu, heimahjúkrun og dagdvalir fyrir eldra fólk. Það þarf að gera markvisst fram til ársins 2030 og um leið leggja áherslu á notendamiðaða aðstoð sem byggir á samhæfingu þjónustukerfa og trausti í stað steinsteypu.

# Tómhyggja og dómhyggja



**Skúli S. Ólafsson**
sóknarprestur í Neskirkju

Taugavísindi sýna að við erum ekki með sál.“ Svona kemst merkur taugalíffræðingur að orði. Hann ritaði metsölubók og fékk miklu fleiri gesti á fyrirlestur sinn en biskup við páskamessu sína. Um þetta ritar Sif Sigmarsdóttir í pistli sínum í Fréttablaði laugardagsins. Hún segir okkur svo frá því að raunvísindin hafi nú tekið til við að svara þeim spurningum sem trúin sat áður ein að.

Við lestur greinarinnar varð mér hugsað til þekktra rökræðna í breska ríkisútvarpinu frá því um miðja síðustu öld. Heimspekingarnir Bertrand Russell og Frederick Copleston ræddu þar um trúmál. Russell var á móti guðstrú en Copleston kom henni til varnar. Að lokinni þessari rimmu spurðu pistlahöfundar þess tíma sig að því, hvor þeirra hefði haft betur. Niðurstaðan var áhugaverð. Copleston var talinn hafa haft yfirhöndina þegar kom að siðferði og mannlegri breytni. „Ef Guð er dauður er allt leyfilegt,“ sagði Dostojevskí. Hann reyndist þar sannspár um heljarstefnur 20. aldarinnar þar sem valdhafar lutu hvorki valdi að neðan né ofan. Á hinn bóginn átti verjandi guðstrúar engin svör við þeirri rökréttu ályktun hins guðlausa sem var einhvern veginn á þessa leið: Hvernig getur heimur, sem á sér ekkert upphaf, átt einhvern skapara? Taramm.

Guðfræðingurinn Georges Lemaître hafði reyndar áður sett fram kenninguna um Miklahvell (sem sumir virðast nú halda fram að sé ósamrýmanleg guðstrú í hvaða formi sem er) en sú kenning hafði þá ekki hlotið almenna viðurkenningu. Russell taldi eins og flestir aðrir á þeim tíma að heimurinn ætti sér ekkert upphaf.

Og nú deilir Sif með okkur ýmsum tilvistarlegum yfirlýsingum vísindamanna úr röðum guðleysingja sem ganga út á það að dauðinn sé endalok alls og að sálin sé ekki til.

**Trú og vísindi eru engar andstæður, en vísindatrú kann að vera í andstöðu við hvort tveggja, vísindi og trú.**

Hver veit nema að um síðir muni sitthvað koma í ljós sem rýrir þá ályktun þeirra? Það er þó ekki víst. Af hverju? Jú, vegna þess að þegar þeir setja þessar vangaveltur fram í nafni raunvísinda fara þeir út fyrir verksvið sitt. Immanuel Kant kallaði það tálsýnir skynseminnar að ætla sér að skilja Guð, eilífðina og sálina. Lífið á sér fleiri víddir en þær sem vegnar verða og mældar.

Ársæll Arnarson, prófessor í sálfræði við HÍ, ræðir þessi mál í lok bókar sinnar, Síðustu dagar sálarinnar. Honum er það hugleikið hvernig fólk virðist leggja hreinan átrúnað á vísindalegar kenningar, þótt þær séu eðli málsins samkvæmt settar fram í krafti þess að um síðir kunni þær að verða afsannaðar. Ársæll segir: „Þannig virðist fólk jafnvel ímynda sér að taugavísindin hafi fundið heilasvæði sem fyrrum var talið að innihéldi sálina og að komið hafi í ljós að þar var bara efni en engin merki um andleg fyrirbæri. Slíkur átrúnaður er bæði rangur og getur hreinlega haft í för með sér óþarfa þröngsýni og tilfinningalega vanlíðan“

Við sem erum hluti af þjóðkirkjunni höfum ekki áhuga á því að fella stóra dóma. Þjóðkirkjan er ekki dómstóll, hún er líkari torgi þar sem fólk er velkomið með sjónarmið sín og spurningar. Trúin er blessunarlega nógu djúp og breið til að skapa svigrúm fyrir samtal fólks sem lætur sig varða lífið og tilveruna. Trú og vísindi eru engar andstæður, en vísindatrú kann að vera í andstöðu við hvort tveggja, vísindi og trú.

# Réttið hlut ljósmæðra!



**Vésteinn Valgarðsson**
aðaltrúnaðarmaður á Landspítala fyrir SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu

Ef hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum sækir sér framhaldsmenntun og sérhæfir sig sem ljósmóðir, lækkar hún í launum. Hvaða barn sem er getur séð að þetta nær ekki nokkurri átt. Þegar ljósmæður reyndu að sækja sér kjarabætur með verkfalli 2015, var sett lögbann á verkfallið. Núna grípa þær örþrifaráðið: uppsagnir.

Fyrir utan að launin séu órökrétt og óréttlát, þá þarf að staldra við hérna. Út í hvað erum við komin þegar ljósmæður segja unnvörpum upp störfum vegna bágra kjara? Halda ráðamenn að það verði erfitt fyrir þær að fá vinnu annars staðar? Halda ráðamenn að þeir geti fundið nýjar ljósmæður bara sisona?

**Það verður ekki varið með tækum rökum, að ljósmæður séu með lægri grunnlaun en hjúkrunarfræðingar.**

Það er pínlegt að hlusta á ráðamenn reyna að afsaka þrjósku sína. Fjármálaráðherra, sem sjálfur fékk veglega launahækkun nýlega og hreykir sér auk þess af góðri stöðu ríkissjóðs, sagði í ræðustóli Alþingis að launakröfur þeirra væru óásættanlegar. Það vil ég sjá áður en ég trúi því. Heilbrigðisráðherra útskýrði þetta með því að þær væru í BHM en ekki FÍH. Er í alvöru ætlast til þess að fólk taki mark á þessu?

Það verður ekki varið með tækum rökum, að ljósmæður séu með lægri grunnlaun en hjúkrunarfræðingar og það verða varla sett lög sem banna uppsagnir. Þannig að uppsagnarfresturinn tifar og landsmenn eru í senn kvíðnir og fullir samúðar með málstað ljósmæðra.

Ráðamenn, hættið að leika hörkutól. Það er óviðeigandi og ótrúverðugt. Semjið við ljósmæður og afstýrið þessu neyðarástandi.







brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

# Rætin ummæli



**Árni Þormóðsson**
félagi í SÁÁ

> **Talskonur Rótarinnar hafa frá upphafi þeirra félags haldið uppi ósönnum og rakalausum óhróðri gegn SÁÁ í stað þess að beita sér fyrir því að ríkið geri skyldu sína í því að fjármagna þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar sem áfengis- og vímuefnameðferð er.**

Mjög ósönn og rætin ummæli um SÁÁ eru höfð eftir Kristínu Pálsdóttur, talskonu Rótarinnar, félags kvenna með áfengis- og fíknivanda, í Fréttablaðinu 11. apríl sl. M.a. er haft er eftir talskonunni að SÁÁ „standi þróun og breytingum í meðferðarstarfi fyrir þrifum“, og hafi „staðið í vegi fyrir þróun í meðferðarstarfi hérlendis, meðal annars vegna ríkra rekstrarhagsmuna samtakanna.“

Þarna fer talskonan með sérstaklega ósvífnar ósannar ásakanir á hendur samtökunum. Með ósannindum sínum snýr talskonan staðreyndum á haus. SÁÁ hefur frá upphafi samtakanna, fyrir rúmum 40 árum, þróað og bætt meðferðarstarfið sem var nánast ekkert í landinu fyrir stofnun samtakanna. Á ráðstefnu sem haldin var í tilefni af 40 ára afmæli samtakanna sl. haust komu margir af fremstu fíknarlæknum heims sem báru lof á meðferðarstarf og árangur SÁÁ. Þetta vita allir sem vilja vita og bera ekki annarlegar hvatir í brjósti til samtakanna, eins og augljóslega birtast í ummælum talskonunnar í viðtalinu.

Meðferðarstarf SÁÁ var lengst af leitt af Þórarni Tyrfingssyni lækni og menntuðum áfengis- og vímuefnaráðgjöfum og nú af Valgerði Rúnarsdóttur, sérfræðingi í fíknarlækningum. Um 25.000 manns hafa þegið meðferð á Vogi og öðrum meðferðarstofnunum samtakanna og flestir hafa fengið góðan bata. Árangurinn hefur vakið athygli í öðrum löndum.

Talskonan gagnrýnir menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa SÁÁ og líkir henni saman við eina önn í framhaldsskóla. Þessi samanburður er algjörlega út í hött og sýnir einungis hvað talskonan veit lítið um það sem hún er að tala um. Líklegra er þó að hún viti betur en kjósi að halda hinu ranga fram í viðleitni sinni til að skaða samtökin. Talskonur Rótarinnar hafa frá upphafi þeirra félags haldið uppi ósönnum og rakalausum óhróðri gegn SÁÁ í stað þess að beita sér fyrir því að ríkið geri skyldu sína í því að fjármagna þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar sem áfengis- og vímuefnameðferð er. Það væri auðvitað hægt að gera mun betur í meðferðarstarfi SÁÁ fengjust nægir peningar til starfsins. Fjárskortur hefur alltaf takmarkað starfsgetu SÁÁ sem þó hefur unnið þrekvirki með gríðarlega góðum stuðningi almennings í landinu.

# Hreinar strendur – alltaf



**Bjarni Bjarnason**
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Á ársfundi Orkuveitu Reykjavíkur í síðustu viku lýsti ég því yfir að markmið Veitna, dótturfélags OR sem rekur fráveituna, væri að strendur Reykjavíkur verði hreinar – alltaf. Hér skýri ég nánar hvað við er að etja og hvað þarf til.

**Strandbyltingin**

Fráveita Reykjavíkur er 109 ára gömul, jafngömul vatnsveitunni enda getur hvorug veitan án hinnar verið. Lengst af var fráveitukerfið einfalt, lagnir lágu frá húsum undan halla til sjávar. Þær sameinuðust og í flæðarmálinu rann skólpið óheft og óhreinsað. Þegar verst lét voru útrásir skólpsins 52 í fjörum Reykjavíkur.

Um 1980 var ástandið óbærilegt og hönnun hófst á samtengdu skólp- og hreinsikerfi til að leysa vandann. Fráveitukerfið er enn einfalt. Skólpi er safnað í lögn sem ber það með hjálp dælustöðva í hreinsistöðvar. Í hreinsistöðvunum er skólpið grófhreinsað af rusli og fitu og því er dælt þaðan um fimm km út í Faxaflóann. Sjávarstraumar sjá til þess að umhverfisáhrif losunarinnar eru hverfandi.

Fyrsta dælustöðin var tekin í notkun árið 1985 og svo koll af kolli. Borgarbúar kveinkuðu sér undan kostnaðinum, sem nam um 20 þúsund milljónum króna að núvirði, en fráveitan er væntanlega stærsta umhverfisfjárfesting Íslendinga. Fyrir þetta fé fékkst bylting í umhverfismálum, strendur Reykjavíkur urðu hreinar svo um munaði.

**Hreinar strendur – alltaf**

Hönnun fráveitukerfis Reykjavíkur tekur mið af 40 ára gömlum kröfum. Frá þeim tíma hefur sýn okkar á umhverfismál tekið stakkaskiptum. Rekstur og framtíðarsýn Veitna er skýr og þar má engan afslátt gefa. Veitur stefna að hreinum ströndum – alltaf. En hvað þarf til?

Fráveitukerfið er barn síns tíma og sem dæmi má taka að dælustöðvarnar tíu eru allar þannig að stöðvist dælurnar, til dæmis vegna rafmagnsleysis eða bilunar, þá opnast neyðarrás sem hleypir skólpinu beint í sjóinn, óhreinsuðu. Sama á við ef stöðva þarf dælingu vegna viðhalds eða endurbóta. Það er enginn varabúnaður sem tekur við. Ef neyðarrásin hleypti ekki skólpinu til sjávar myndi hækka í öllum lögnum og skólpið kæmi upp um klósett og niðurföll í þeim húsum sem lægst standa.

**Aðgerðirnar**

Fyrst þarf ásetning um úrbætur og hann er fyrir hendi. Svo þarf hugmyndir að lausnum og af þeim er nóg. Sem dæmi má nefna að einungis um þriðjungur rennslisins í fráveitukerfinu er skólp, annar þriðjungur er rigning sem rennur í kerfið, t.d. um niðurföll og gegnum húslagnir af þökum. Þriðji hlutinn er svo bakvatn hitaveitunnar, sem leitt er í fráveituna þegar það er búið að hita húsin okkar.

Lausnirnar mætti flokka þannig:

Tvöföldun á rekstraröryggi með tveimur óháðum dælurásum í hverri dælustöð. Þá væri hægt að vinna við aðra dælurásina en hin ynni áfram. Þessi framkvæmd er dýr og tekur nokkur ár. Áður þarf að smíða færanlega dælustöð sem sinnir tímabundið hlutverki dælustöðvarinnar svo vinna megi að breytingunum án þess að hleypa þurfi í fjöruna á meðan.

> **Hvaða mælikvarða á að leggja á þennan samanburð kostnaðar og ávinnings veit ég ekki en lýðheilsa og hreint umhverfi verða í forgrunni.**

Síun á skólpi sem fer um neyðarrás þegar allt annað bregst svo blautklútarnir okkar, eyrnapinnarnir, túrtapparnir og dömubindin, sem eiga reyndar að fara í sorpið en ekki í klósettið, fari ekki í sjóinn.

Endurhönnun hitaveitunnar svo draga megi úr hitaveituvatni í fráveitukerfinu. Í stað þess að hleypa bakvatni hitaveitunnar út í ræsin viljum við huga að fullnýtingu varmans í vatninu svo ekki þurfi að farga því í sjóinn.

Útiloka regnvatn úr fráveitunni. Þetta felur meðal annars í sér það sem kallað er blágrænar ofanvatnslausnir. Þá er regnvatni safnað á gróið land og í tjarnir þar sem það sígur niður í jarðveginn eða gufar upp

Að þessu samanlögðu, og öðru sem við höfum ekki komið auga á ennþá, er ég þess fullviss að markmiðinu um „hreinar strendur – alltaf“ verði náð innan fárra ára. Hvað það kostar er vandséð á þessari stundu. Orkuveitan og Veitur munu leggja metnað sinn í að kostnaður verði ávallt minni en ávinningurinn fyrir Reykvíkinga og önnur sveitarfélög sem fráveitan þjónar. Hvaða mælikvarða á að leggja á þennan samanburð kostnaðar og ávinnings veit ég ekki en lýðheilsa og hreint umhverfi verða í forgrunni.

# Borgarlínudans



**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir**
óháður borgarfulltrúi

Dagur B. Eggertsson er snjall stjórnmálamaður. Þegar líða fer að kosningum birtist hann sem vorboðinn og syngur fyrir fólkið um betra líf í borginni á næsta kjörtímabili. Fyrir síðustu kosningar lét hann taka af sér myndir þar sem hann hélt um skóflu og skartaði öryggishjálmi á höfði. Hann ætlaði að byggja. Hann ætlaði að leysa húsnæðisvanda ungs fólks. Þá sögu þekkja allir. Og ekki þýðir að höggva í sama knérunn. Fyrir þessar kosningar syngur Dagur minna um íbúðirnar fyrir unga fólkið en meira um Borgarlínuna sem hann kveður munu leysa samgönguvanda borgarbúa. Í grein sem Dagur ritar í Fréttablaðið sl. þriðjudag er hann þó ærlegur með það að fyrstu vagnarnir í Borgarlínunni verði ekki komnir í gagnið fyrr en á þarnæsta kjörtímabili. Hann er snjall og veit að það er betra að lofa bara því sem þarf fyrir atkvæðin, alls ekki meira.

**70-150 milljarða kosningaloforð**

Á borgarstjórnarfundi sl. þriðjudag var rætt um þetta kosningamál borgarstjóra. Það vafðist reyndar eilítið fyrir Degi að útskýra hvað fælist í Borgarlínunni. Í ljós kom að hugmyndin er ennþá óútfærð, t.d. hvort það eigi að nota sporvagna eða strætisvagna. En eitt vitum við þó, að Dagur sjálfur telur kostnaðinn við verkefnið a.m.k. 70 milljarða króna. Sérfræðingar sem hafa kynnt sér hugmyndina telja að kostnaðurinn geti hæglega orðið tvöföld sú fjárhæð.

**Raunhæfar leiðir í stað loforða**

Það er svo ótal margt annað sem má gera til að bæta samgönguvandann. Sem dæmi um vandann er umferðaröngþveitið á Miklubraut, en það er sú leið sem flestir af þeim sex þúsund starfsmönnum Landspítala aka til og frá vinnu. Á borgarstjórnarfundinum sl. þriðjudag lagði ég þess vegna fram tillögu um að Reykjavíkurborg ætti frumkvæði að samtali við Landspítala, stéttarfélög heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisráðherra í því skyni að kanna hvort breyta megi vaktafyrirkomulagi á Landspítalanum. Með því að færa upphaf og lok dagvakta af mesta háannatíma mætti stytta ferðatíma heilbrigðisstarfsfólks sem og annarra íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Það væri a.m.k. raunhæft skref í rétta átt, en ekki loforð sem aldrei verður staðið við.

**Nýtt framboð**

Kjósendur eru fyrir löngu búnir að átta sig á því að litið er að marka loforðin fyrir kosningar, hvort sem þau snúast um að tryggja fólki þak yfir höfuðið, niðurfellingu skatta, ókeypis leikskólapláss eða tugmilljarða samgöngubætur. Kjósendur vilja fyrst og fremst fulltrúa sem eru ábyrgðarfullir og duglegir, sýna áræðni og ráðdeild og umfram allt fulltrúa sem eru skynsamir. Það eru þau gildi sem mér finnst mest um vert. Ég mun bjóða mig fram fyrir nýtt stjórnmálaafl í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí nk.

# Þess vegna ber að standa vörð um starf GET/Hugarafls

**Ásta Snorradóttir**
lektor í starfsendurhæfingu við Háskóla Íslands
**Guðný Björk Eydal**
prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
**Sigrún Ólafsdóttir**
prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands
**Steinunn Hrafnsdóttir**
dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Um þessar mundir er verið að efla heilbrigðisþjónustu fyrir fólk sem á við geðræna erfiðleika að stríða og m.a. mun Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fjölga geðteymum. Frá 2003 hefur verið starfandi þar afar öflugt geðteymi: Geðheilsa og eftirfylgd (GET) sem hefur í samstarfi við Hugarafl, frjáls félagasamtök notenda, veitt stórum hópi mikilvæga samfélagslega geðþjónustu sem byggir á valdeflingu á grundvelli batanálgunar. Um er að ræða opna þjónustu sem fólk getur leitað eftir án tilvísunar. Þá hefur GET/Hugarafl einnig lagt áherslu á forvarnarstarf og að veita aðstandendum stuðning.

Árangur af þessu starfi hefur vakið eftirtekt langt út fyrir landsteinana og hefur starfið hlotið margvíslegar viðurkenningar. Batasögur notenda varpa skýru ljósi á hvers vegna þetta úrræði er viðbót við þá þjónustu sem fyrir er: Notendum er mætt á eigin forsendum og úrræði mótuð í samvinnu við þá. Til viðbótar við þjónustu teymis fagfólks (alls 4 stöðugildi) þá vinna félagar í Hugarafli mikilvægt starf við jafningjafræðslu og stuðning. Það starf er að mestu unnið í sjálfboðavinnu þannig að úrræðið er afar hagkvæmt og hefur getað þjónað mjög stórum hópum notenda. Ýmsar athuganir og rannsóknir hafa verið unnar á árangri þess og allar hafa þær staðfest afar góðan árangur starfsins.

**Þátttaka notenda og valdefling**

Í stefnumótun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Evrópubandalagsins og Norræna ráðherranefndarinnar er lögð áhersla á þátttöku notenda og valdeflingu þeirra til að mæta áskorunum framtíðarinnar. Þar er lögð áhersla á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem hið opinbera, samtök notenda og einkafyrirtæki vinna saman til að mæta þörfum fólks á skilvirkan hátt og að notendur taki þátt í að þróa, framkvæma og meta þjónustuna. GET og Hugarafl hafa frá upphafi byggt starf sitt á sömu grunngildum og lögð eru til grundvallar í alþjóðlegri stefnumótun sem og stefnu og aðgerðaáætlun Alþingis um geðheilbrigðismál.

Það kom því flestum í opna skjöldu þegar tilkynnt var að vegna stofnunar hinna nýju geðteyma innan heilsugæslunnar yrði GET-teymið lagt niður! Hin nýju teymi munu ekki byggja sitt starf á samvinnu við notendur í Hugarafli og geta því ekki veitt sambærilega þjónustu. Virðisaukinn sem samstarf fagfólks í GET og notenda í Hugarafli skapar er gríðarlega mikilvægur fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem njóta þjónustunnar en einnig fyrir samfélagið í heild, þar sem slíkt samstarf gerir það að verkum að hægt er að sinna mun fleiri notendum en ella væri mögulegt. Við undirritaðar hvetjum heilbrigðis- og félagsmálaráðherra til að tryggja starf GET og Hugarafls til framtíðar.

> **Virðisaukinn sem samstarf fagfólks í GET og notenda í Hugarafli skapar er gríðarlega mikilvægur fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem njóta þjónustunnar en einnig fyrir samfélagið í heild, þar sem slíkt samstarf gerir það að verkum að hægt er að sinna mun fleiri notendum en ella væri mögulegt.**

# SECRET × SOLSTICE × 2018

21.-24. JÚNÍ × REYKJAVÍK × ICELAND

SLAYER

STORMZY GUCCI MANE

BONNIE TYLER clean bandit

DEATH FROM ABOVE STEVE AOKI GEORGE CLINTON & PARLIAMENT FUNKADELIC J HUS

6LACK GOLDLINK Skream iamddb

CW JET BLACK JOE MASEGO DUBFIRE

gus gus (DJ) KOLLEKTIV TURMSTRASSE högni

A-Z

6LACK [US] AGENT FRESCO [IS] ALI LOVE [UK] ALVIA [IS] ANDREA JÓNS [IS] ARON CAN [IS] ARTWORK [UK] ÁSA [IS] BENSOL [IS] BETWEEN MOUNTAINS [IS] BIRGIR [IS] BIRGIR HÁKON [IS] BIRNIR [IS] BJARKI [IS] BONNIE TYLER [UK] CAPTAIN SYRUP [IS] CARLA ROSEMARY [IS] CASANOVA [IS] CASIO FATSO [IS] CELL7 [IS] CHARLOTTE DE WITTE [BE] CLEAN BANDIT [UK] COSMIC BULLSHIT [IS] COLE [IT] COLIN PERKINS [IE] DEATH FROM ABOVE [CA] DJ FRÍMANN [IS] DJ KARÍTAS [IS] DREAM WIFE [UK/IS] DROOG [US] DUBFIRE [US] EARTHGANG [US] EGYPTIAN LOVER [US] ELLI GRILL [IS] ERN [US] FEVER DREAM [IS] FLÓNI [IS] FOR A MINOR REFLECTION [IS] FOX TRAIN SAFARI [IS] GDRN [IS] GEISHA CARTEL [IS] GENTLEMAN'S DUB CLUB [UK] GEORGE CLINTON & PARLIAMENT FUNKADELIC [US] GÍSLI PÁLMI [IS] GKR [IS] GODCHILLA [IS] GOLDLINK [US] GRÚSKA BABÚSKA [IS] GUCCI MANE [US] GUSGUS (DJ) [IS] HAM [IS] HELGI B X IGNA [IS] HILDUR [IS] HÖGNI [IS] HOLMAR [IS] HUGINN [IS] IAMDDB [UK] INDIGO THEORY [HU] J HUS [UK] J.I.D [US] J.PHLIP [US] JET BLACK JOE [IS] JFDR [IS] JOEY CHRIST [IS] JOHN ACQUAVIVA [CA] JOHNNY AND THE REST [IS] JÓIPÉ X KRÓLI [IS] KILO [IS] KLOSE ONE [UK] KOLLEKTIV TURMSTRASSE [DE] KRBEAR [IS] LANDABOI$ [IS] LOGI PEDRO [IS] MAHER DANIEL [CA] MARBS (DESERT HEARTS) [US] MARCO FARAONE [IT] MASEGO [US] MATT TOLFREY [UK] MIGHTY BEAR [IS] MIKE THE JACKET [IS] MUSHY [UK] NITIN [CA] PETRE INSPIRESCU [RO] PINK STREET BOYS [IS] RAGGA HÓLM [IS] RARESH [RO] THE RETRO MUTANTS [IS] REYKJAVÍKURDÆTUR [IS] RHADOO [RO] RYAN CROSSON [US] RYTHMATIK [IS] SHAUN REEVES [US] SKAÐI [IS] SKREAM [UK] SLAYER [US] SPRITE ZERO KLAN [IS] STEVE AOKI [US] STORMZY [UK] STUÐMENN [IS] STURLA ATLAS [IS] SURA [IS] SWEATY RECORDS [IS] SYLVIA [IS] ÚLFUR ÚLFUR [IS] UNA STEF [IS] UNE MISÈRE [IS] VALA CRUNK [IS] VALDIMAR [IS] VICKY [IS] VIO [IS] VÖK [IS] WAFF [UK] WE MADE GOD [IS] YOUNG KARIN [IS] YUNG NIGO DRIPPIN [IS] ... AND MANY MORE

REYKJAVIK, ICELAND / 24 HOURS OF NON STOP SUN / LAVA TUNNEL / GLACIER RAVES / MIDNIGHT SUN BOAT PARTIES / 100 + LIVE ACTS & DJS / TICKETS FROM: £117 / $151 / €127

SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE

Europcar moving your way · Pringles · ICELANDIC GLACIAL · 66° NORTH · Gull · TVG-ZIMSEN OFFICIAL LOGISTIC PARTNER · BRENNIVÍN · MUST SEE IN ICELAND

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS










**459** kr. 2x100 g

**498** kr. 2x120 g

**598** kr. 2x140 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g eða 2x140 g

**298** kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml

**1.598** kr. pk.

**Kjarnafæði Hamborgarar**
Frosnir, 10 x 120g




**1.398** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddaðar




**2.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambamiðlærisneiðar**
Kryddaðar, 1. flokkur




**298** kr. 300 g

**Kjarnafæði Óðals Ostapylsur**
300 g




**198** kr. 220 g

**Kjarnafæði Mexico Pylsur**
220 g

## GRILLSAGAÐUR
Frampartur



**798** kr. kg

**SS Lambaframpartur**
Grillsagaður, frosinn




**1.498** kr. kg

**KS Lambalærisneiðar**
Frosnar




**995** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gleðilegt sumar
Opið í dag sumardaginn fyrsta í öllum verslunum Bónus frá 11:00-18:30
PRÓTEINBRAUÐ
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolvetni
pr. 100 g
398 kr. 400 g
Bónus Próteinbrauð
400 g
Brennibolti
498 kr. stk.
Brennibolti
3 litir
WORLD CUP
2018
598 kr. stk.
Derhúfa
HM 2018 - Ísland
ALLTAF NÝBAKAÐ
61 kr. verðlækkun
198 kr. stk.
Bónus Ostaslaufa
120 g - Verð áður 259 kr.
FIFA WORLD CUP RUSSIA 2018
259 kr. pk.
HM 2018 Fótboltamyndir
6 myndir í pakka
Lay's
Sour Cream & Onion
Salted
Paprika
198 kr. 175 g
Lay's Snakk
175 g
4x2L
pepsi
MAX
alvöru bragð • enginn sykur
759 kr. 4x2 l
Pepsi og Pepsi Max
Kippa, 4x2 lítrar
KAUPTU PEPSI EÐA LAY'S
ÞÚ GETUR UNNIÐ
VIP FERÐ Á
ÚRSLITALEIKINN Í KIEV
Í UEFA CHAMPIONS
LEAGUE 2018
Taktu mynd af kvittuninni
og sendu á
meistaradeild@olgerdin.is
ásamt nafni og símanúmeri
og þú ert komin(n) í pottinn!
DREGIÐ ÚT 20. APRÍL
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Kenndin krukk í sköpunarverkið



**Halldór Björn Runólfsson**
listfræðingur

Í flestum helstu trúarbrögðum heims eru guðirnir sagðir almáttugir, þó svo oftar en ekki komi annað í ljós við nákvæmari lestur hinna helgu rita. Alls konar ljón virðast vera í veginum fyrir framgangi boðorða almættisins, sleifarlag, gleymska og fljótaskrift, svo eitthvað sé nefnt. Almættinu mætti að þessu leyti líkja við stjórnsýsluna, það ætlar aldrei að koma ætlunarverkinu heillegu á koppinn. Þannig er einn hængur á sköpunarverkinu sem valdið hefur miklum látum síðustu vikurnar, blessuð forhúðin sem hylur getnaðarlim nýfæddra sveinbarna.

Ef marka má fyrstu Mósebók, sautjánda kafla, gaf Drottinn sig sem oftar á tal við Abram, þá níutíu og níu ára gamlan öldunginn og bauð honum að umskera sig og allt karlkyns í sinni umsjá, frjálsborið sem og keypt frá útlöndum. Svo sem endranær var allt í boðhætti hjá almættinu: „Þú skalt,“ „Far þú,“ „Tak þú,“ og svo framvegis. Það duga engar refjar við Drottin enda tók Abram til óspilltra málanna og umskar sjálfan sig, Ísmael son sinn, þrettán ára gamlan, og alla aðra karla sína á einum degi. Í árdaga var greinilega ekkert pláss fyrir spurningar á borð við: „Hvers vegna?“, „Hver er tilgangurinn?“ eða: „Er ávinningurinn skaðans virði?“ Slíkar spurningar sem nú þykja sjálfsagðar og jafnvel nauðsynlegar jöðruðu á tímum Abrams við örgustu óhlýðni og guðlast.

Nú er undirritaður ekki nógu vel að sér í fræðunum til að átta sig á hvers vegna sumt sem Drottinn sagði við Abram forðum daga er ennþá í heiðri haft en annað ekki. Sömuleiðis er lesandi fyrstu Mósebókar látinn einn um að geta sér til um það hvers vegna nafni Abrams var breytt í Abraham eftir að hann umskar sig. Hitt er víst að í sextánda kafla sömu fyrstu Mósebókar segir frá Söru, konu Abrahams, en hún hét Saraí áður er Abraham losaði sig við forhúðina. Saraí var óbyrja og ókát með það hlutskipti sem vonlegt er. Þá datt henni í hug það snjallræði að fá Abram, áttatíu og sex ára eiginmann sinn til að sænga hjá Hagar, egypskri ambátt sem hún átti, og eignast með henni soninn Ísmael.

Þar sem Saraí var eigandi ambáttarinnar og eiginkona Abrams var hún sömuleiðis eigandi sonarins Ísmaels og var því loksins orðin hamingjusöm móðir á gamals aldri. Ekki fer milli mála hver átti hvað því Abram sagði Saraí í sama kafla Mósebókar að ambáttin Hagar væri á hennar valdi og hún mætti því fara með hana að vild sinni. Hvort framganga gömlu hjónanna þætti réttmæt á okkar tíma mælikvarða skal ósagt látið. Hitt fer ekki milli mála að boðorð Drottins um umskurn allra sveinbarna, átta daga gamalla, gilti jafnframt um allan aðkeyptan karlpening. Ólíkar siðvenjur þrælanna í millifótamálum létu Abraham og skyldmenni sig litlu varða.

Í ljósi þessara tveggja kafla úr fyrstu Mósebók má spyrja hví sá siður að krukka í kynfæri hvítvoðunga hlaut varanlegan sess í sama samfélagi og kaus að losa sig við aðra jafnsjálfsagða og forneskjulega siðvenju; þrælahald með tilheyrandi aðgengi að framhjáhaldi, meðal annars í skyni staðgöngumæðrunar. Skyldi tungumálið hafa komið þar ófrjálsum mönnum til bjargar til að afhjúpa villimennsku verslunar með lifandi lýð? Slík gáfa gagnast lítt ómálga, átta daga sveinbarni. Sárir kveinstafir þess duga ekki enn til að hræra hjörtu einbeittra kuklara.

**Í ljósi þessara tveggja kafla úr fyrstu Mósebók má spyrja hví sá siður að krukka í kynfæri hvítvoðunga hlaut varanlegan sess í sama samfélagi og kaus að losa sig við aðra jafnsjálfsagða og forneskjulega siðvenju; þrælahald með tilheyrandi aðgengi að framhjáhaldi, meðal annars í skyni staðgöngumæðrunar.**

# Einangraðir og vannærðir eldri borgarar



**Kolbrún Baldursdóttir**
skipar 1. sæti Flokks fólksins í Reykjavík

Rúmliggjandi aldraður einstæðingur með eina maltdós og lýsisflösku í ísskápnum var einn þeirra þrettán í sjálfstæðri búsetu sem Berglind Soffía Blöndal rannsakaði í meistararitgerð sinni. Hún heimsótti þessa þrettán einstaklinga og voru þeir allir vannærðir samkvæmt evrópskum stöðlum. Hluti aldraðra í Reykjavík sveltur heima.

Flokkur fólksins býður nú fram í fyrsta sinn í sveitarstjórnarkosningum í vor. Flokkur fólksins vill að skipaður verði hagsmunafulltrúi fyrir aldraða til að tryggja að enginn lifi við þær aðstæður sem lýst er hér að framan. Hlutverk hagsmunafulltrúans verði að byggja upp öflugt og heildstætt kerfi sem heldur utan um aðhlynningu og allan aðbúnað aldraðra. Hagsmunafulltrúinn myndi sjá til þess að húsnæði, heimahjúkrun, dægradvöl og heimaþjónusta fyrir aldraða verði fullnægjandi. Hann myndi tryggja að unnið sé samkvæmt viðurkenndum manneldismarkmiðum og hollustu í fæðuvali á hjúkrunarheimilum, þjónustumiðstöðvum og heimsendum máltíðum. Hlutverk hans væri að koma í veg fyrir að aldraðir einangrist einir heima matarlausir og hjálparvana.

Slagorð Flokks fólksins er FÓLKIÐ FYRST. Þess vegna mun Flokkur fólksins í öllu tilliti setja fólkið í fyrsta sæti. Annað verður að bíða á meðan við tryggjum fæði, klæði og húsnæði fyrir alla.

Eins og staðan er nú dvelja um 100 eldri borgarar á Landspítala háskólasjúkrahúsi þrátt fyrir að vera í þeirri aðstöðu að geta útskrifast og farið heim. Þetta er dapurt svo ekki sé meira sagt, að nú skuli Dagur B. Eggertsson og borgarstjórn hans hafa setið með stjórnartaumana í Ráðhúsinu í átta ár án þess að leysa þennan vanda. Það gengur svo langt í hrókeringum með líf aldraðra sem þarfnast hjálpar að þeir séu fluttir hreppaflutningum í aðra landshluta vegna þess að það er ekkert pláss fyrir þá þar sem þeir vilja vera. Fluttir burt jafnvel gegn vilja sínum, í burtu frá fjölskyldu sinni og öllu félagslegu öryggi.

Það þarf stórátak í málefnum aldraðra, átak sem krefst samstarfs ríkis og bæjar. Skortur á hjúkrunar- og dvalarheimilum er þó fyrst og fremst á ábyrgð núverandi borgarstjórnar sem hefur vanrækt málefni aldraðra árum saman.

Flokkur fólksins vill gera eldri borgurum kleift að lifa góðu og áhyggjulausu lífi hvort heldur er í heimahúsi eða á hjúkrunarheimili. Þjónusta fyrir aldraða þarf að vera samstillt og samþætt til að hægt sé að koma til móts við óskir og þarfir hvers og eins. Hagsmunafulltrúa aldraðra er ætlað að vinna að þessu markmiði.

Flokkur fólksins vill búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

# Reykjavíkurskrifstofa Google



**Pawel Bartoszek**
skipar 2. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík

Einn þeirra aðila sem bera saman lífsgæði í ólíkum borgum er serbneska heimasíðan Numbeo.com. Síðan safnar upplýsingum frá netnotendum um hluti eins og verð, laun, ferðatíma til vinnu og upplifun af öryggi og mengun. Í samantekt Numbeo fyrir árið 2018 var Reykjavík í 11. sæti í Evrópu, sem er svo sem fínt, en auðvitað eigum við að stefna á efsta sætið og verða besta borg í Evrópu.

Einn þáttur í þessum samanburði dregur Reykjavík allsvakalega niður en fær litla athygli. Nei, ekki samgöngur. Noregur og Danmörk eru ekki full af Íslendingum sem vilja koma heim en eru að bíða eftir Sundabrautinni eða mislægum gatnamótum hjá Kringlunni. Sá hlutur sem dregur okkur niður í alþjóðlegum samanburði og hindrar það að unga menntaða fólkið flytji heim er einfaldlega lágur kaupmáttur.

Kaupmannahafnarbúi getur keypt sér 25% meira af dóti fyrir sín meðallaun en Reykvíkingur getur keypt fyrir sín. Íslendingur sem flytur til Reykjavíkur frá Köben er að taka á sig verulega launalækkun.

Við viljum hafa framboð af atvinnu í Reykjavík fjölbreytt og launin há. Til þess þurfum að tryggja að íslensk fyrirtæki fari ekki úr landi en það er ekki nóg. Við viljum að Reykjavík verði það aðlaðandi að fyrirtæki á borð við Google eða Apple sjái sér hag í að opna fjölmennar skrifstofur hér. Því er ungt og menntað fólk á að velja Reykjavík þá þarf það að geta fundið vinnu við sitt hæfi.



# Þjóðferjusiglingar til eyja við landið



**Karl Gauti Hjaltason**
þingmaður Flokks fólksins

Fyrir páska lagði ég fram frumvarp á Alþingi um þjóðferjuleiðir, þar sem ferjuleiðir eru skilgreindar til jafns við þjóðvegi landsins. Upphaf þessa máls er að Vestmannaeyingar hafa lengi kvartað yfir samgöngumálum sínum og fundist einkennilegt að þeirra „þjóðvegur“ fái ekki sömu þjónustu og aðrir þjóðvegir um landið. Brugðist er seinna við ef þessar leiðir lokast vegna bilana, ófærðar eða sandburðar og ekki síður á þetta við um gjaldtökuna, sem er oftast mun hærri en það kostar að aka samsvarandi vegarkafla á þjóðvegum landsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á vegalögum sem tekur til siglinga til byggðra eyja við landið. Þannig eru þessar leiðir sérstaklega skilgreindar og gert ráð fyrir að Vegagerðin haldi þeim opnum samkvæmt fyrir fram skilgreindum viðmiðum.

Hér við land ætti þetta nýja frumvarp að koma íbúum á a.m.k. fjórum eyjum til góða. Fyrst ber að nefna Vestmannaeyjar þar sem búa yfir 4.000 manns og er löngu kominn tími til að samgöngur þangað fái ákveðinn sess í vegalögum, þar sem þær hafa hingað til verið hálfgert olnbogabarn. Frumvarpið kemur þó íbúum víðar við samanber Grímsey úti fyrir Eyjafirði, Hrísey í Eyjafirði og jafnframt falla hér undir siglingar til Flateyjar á Breiðafirði.

Markmið frumvarpsins er að ákveðnar ferjuleiðir falli undir skilgreiningu vegalaga á þjóðvegi vegna sérstöðu sinnar. Lagt er til að þjóðferjuleiðum verði bætt við skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Undir þessa nýju skilgreiningu falla þá ferjuleiðir sem tengja byggðar eyjar við vegakerfi landsins.

Síðan kemur skilgreining á því að í samgönguáætlun skuli ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir, til flutnings á fólki og bifreiðum. Hér er nýtt hugtak, þjóðferjuleið, sem er þá á sama hátt og þjóðvegur leið til og frá byggðri eyju upp á meginlandið.

Tekið er mið af niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis frá 2007, þar sem hann komst að þeirri eindregnu niðurstöðu að ferjur yrðu ekki skilgreindar sem þjóðvegir, þrátt fyrir að Herjólfur hefði hlutverk sem væri að nokkru marki eðlislíkt því hlutverki sem vegir hefðu almennt í samgöngum hér á landi. Því er mikilvægt að ráða bót á þessum ágalla hvað samgöngur til byggðra eyja hér við land áhrærir og skylda þannig ríkisvaldið til að standa að rekstri á ferjum á skilgreindum þjóðferjuleiðum í vegalögum.

Vonir standa til þess að frumvarpið fái þinglega meðferð sem allra fyrst og það hljóti víðtækan stuðning, ekki síst meðal þingmanna þeirra kjördæma sem málið helst varðar, sem eru auk Suðurkjördæmis, Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi.

**Lagt er til að þjóðferjuleiðum verði bætt við skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Undir þessa nýju skilgreiningu falla þá ferjuleiðir sem tengja byggðar eyjar við vegakerfi landsins.**




## Beint flug til Aþenu í Grikklandi

### LOUTRAKI

21. maí í 7 nætur



**Ramada Poseidon Resort** ++++

**7 nætur m/allt innifalið**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi m/ sjávarsýn
**frá 99.995 kr.**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna í smáhýsi m/sjávarsýn
**frá 135.995 kr.**

### TOLO

28. maí í 7 nætur



**Tolo Hotel**

**7 nætur m/hálfu fæði**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna og 1 barn í tveggja manna herbergi m/sjávarsýn
**frá 99.829 kr.**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna í tveggja manna herbergi m/ sjávarsýn
**frá 109.395 kr.**

## Beint flug til Trieste á Ítalíu

### KRÓATÍA

31. ágúst í 10 nætur



**Laguna Bellevue Apartments** +

**10 nætur**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/2 svefnherbergi
**frá 58.645 kr.**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna í íbúð m/2 svefnherbergi
**frá 79.995 kr.**

### BIBIONE – Ítalía

8. júní í 10 nætur



**Villaggio Planetarium Resort**

**10 nætur m/hálfu fæði**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi
**frá 108.545 kr.**

Verð á mann **með sumargjöf** miðað við 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi
**frá 125.795 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM87835

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

PEPSI DEILDIN 2018

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. ? |
| 2. ? | 8. ? |
| 3. ? | 9. **Víkingur R.** |
| 4. ? | 10. **ÍBV** |
| 5. ? | 11. **Fylkir** |
| 6. ? | 12. **Keflavík** |

### Víkingur R.
**hafnar í 9. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Víkingur R. hafni í 9. sæti Pepsi-deildar karla. Eftir margra ára flakk milli deilda eru Víkingar búnir að festa sig í sessi í efstu deild. Logi Ólafsson tók við Víkingi í fyrra og undir hans stjórn endaði liðið í 8. sæti. Víkingar hafa misst lykilmenn og litið illa út í vetur og þurfa á öllu sínu að halda til að forðast falldrauginn.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Sölvi Geir Ottesen**

**Sölvi Geir Ottesen** er kominn aftur í Víkina eftir rúmlega áratug í atvinnumennsku. Miklar vonir eru bundnar við Sölva sem þarf að vera sá leiðtogi sem hefur vantað í Víkingsvörnina undanfarin ár. Víkingur hélt aðeins tvisvar sinnum hreinu í fyrra og Sölvi á að hjálpa til við að bæta úr því.



### Tölfræði frá síðasta sumri

**9** stig fékk Víkingur á heimavelli, fæst allra liða.

**14** stig fékk Víkingur eftir að hafa lent undir, flest allra liða.

### Nýju andlitin

**Sölvi Geir Ottesen** Guangzhou
**Rick ten Voorde** Hapoel Ramat Gan
**Atli Hrafn Andrason** Fulham (að láni)
**Aron Már Brynjarsson** Malmö

### Fylgstu með þessum

**Atli Hrafn Andrason** kom til Víkings að láni frá Fulham. Atli er uppalinn hjá KR og lék nokkra leiki með liðinu áður en hann fór til Fulham. Spennandi leikmaður.

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★☆☆ | SÓKNIN ★★★☆☆ | ÞJÁLFARINN ★★★★☆ | BREIDDIN ★★☆☆☆ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★☆☆ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 8. sæti | **2016** 7. sæti | **2015** 9. sæti | **2014** 4. sæti | **2013** 2. sæti (B-deild) | **2012** 6. sæti (B-deild) |

# Valur þarf stórleik frá aukaleikurunum

**Úrslitaeinvígi Hauka og Vals í Domino's-deild kvenna hefst á Ásvöllum í kvöld. Sagan er með Haukum sem eru í leit að fjórða meistaratitli félagsins en Valur leikur til úrslita í kvennaflokki í fyrsta sinn. Systurnar Helena og Guðbjörg Sverrisdætur fara fyrir liðunum.**

**KÖRFUBOLTI** Deildarmeistarar Hauka taka á móti Val í fyrsta leik úrslita í Domino's-deild kvenna á heimavelli í kvöld en vinna þarf þrjá leiki í úrslitaeinvíginu til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn.

Haukakonur geta unnið meistaratitilinn í fjórða sinn í sögu félagsins, tveimur árum eftir að hafa horft á eftir titlinum til Snæfells eftir oddaleik en Valskonur eru að leika til úrslita í fyrsta sinn í sögu félagsins. Tvisvar á undanförnum fimm árum hafa Valskonur fallið út í undanúrslitaeinvíginu eftir oddaleik en í ár komust þær yfir þröskuldinn og eru komnar í úrslitin.

Fréttablaðið heyrði í Inga Þór Steinþórssyni, þjálfara Snæfells, til að rýna í einvígið en þetta verður í fyrsta sinn í fimm ár sem Snæfell er ekki í úrslitaeinvíginu.

„Þetta verður barátta tveggja vel mannaðra liða, það eru mörg lítil einvígi inni á vellinum sem verður gaman að fylgjast með. Bæði liðin tóku smá dýfu í vetur en þetta eru tvö bestu liðin,“ segir Ingi. Í einvíginu mætast systurnar Helena og Guðbjörg Sverrisdætur.



Systurnar Helena og Guðbjörg Sverrisdætur mætast í úrslitaeinvíginu.

„Það er ansi magnað að Guðbjörg hefur yfirleitt ekki átt sína bestu daga gegn Helenu en Helena á yfirleitt frábæra leiki þegar þær systurnar mætast. Guðbjörg er nú orðin það reynd að hún lætur þetta ekki hafa áhrif á sig núna.“

### Ekki hægt að stoppa Helenu

Þetta verður fimmti leikur liðanna í vetur en Haukaliðið hefur unnið þrjá af fjórum hingað til.

„Það mun reyna á Haukaliðið í þessu einvígi, þær munu sakna Dýrfinnu [Arnardóttur] á báðum endum vallarins,“ segir Ingi en Helena verður í lykilhlutverki.

„Helena hefur verið að spila frábærlega, sérstaklega eftir að þau fengu Whitney Frazier inn. Hún hefur bætt Helenu því þær passa betur saman, Cherise Daniels var of lík henni og þær voru oft í raun að keppast um sömu hlutina,“ segir Ingi sem segir ekki auðvelt að stoppa Helenu.

„Það er ekkert hægt að stoppa Helenu, ef þú tekur af henni skotið fer hún að dreifa boltanum því hún sér völlinn afar vel. Hún er frábær inni á vellinum og langbesti íslenski leikmaðurinn.“

> Það er ansi magnað að Guðbjörg hefur yfirleitt ekki átt sína bestu daga gegn Helenu en Helena á yfirleitt frábæra leiki þegar þær systurnar mætast.
>
> Ingi Þór Steinþórsson

> Haukar unnu þrjá af fjórum leikjum liðanna í deildarkeppninni í vetur.

Ingi segir að Valsliðið þurfi að fá framlag frá öllu liðinu til þess að skila sigrinum.

„Valsliðið þarf að fá stórleiki frá fleiri stelpum, eins og þær hafa verið að fá, til að ná að leggja Haukaliðið. Í síðasta leiknum gegn Keflavík var Dagbjört [Dögg Karlsdóttir] frábær og Elín Sóley [Hrafnkelsdóttir] sem var ekki búin að ná sér á strik færði liðinu heilmikið. Þær þurfa á þessu að halda ef þær ætla að leggja Haukana,“ segir Ingi sem býst við mikilli spennu.

„Ég á von á mjög skemmtilegu einvígi, ég held að það sé mikið hungur hjá báðum liðum til að klára tímabilið með titli.“

kristinnpall@frettabladid.is




# Fólk

## Ferðir

FIMMTUDAGUR 19. APRÍL 2018



**Tískan fer stöðugt í hringi og nú eru sterkir og áberandi litir hámóðins líkt og á níunda áratugnum. Gulur er þar einna mest áberandi og verður helsti tískulitur sumarsins bæði í fatnaði og skóm.** →10



Pacific Princess við Reykjavík. Það er alltaf skemmtilegt að virða fyrir sér þessi stóru fallegu skip í höfninni. MYND/ANDRÉS HAFBERG

# Mikill vöxtur í komum skemmtiferðaskipa

Faxaflóahafnir sf. var stofnað 1. janúar 2005. Fyrirtækið sinnir hafnarstarfsemi í Gömlu höfninni í Reykjavík, Sundahöfn, Grundartanga og á Akranesi auk þess sem aðstaða er fyrir smærri báta í Borgarnesi. →2





Skemmtiferðaskipið Astor. MYND/ANDRÉS HAFBERG

Framhald af forsíðu ➪

Faxaflóahafnir sf. byggja starfsemi sína á 100 ára hafnasögu, sem er í senn merkilegur og stór hluti af sögu þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu. Án hafnar hefði búseta eflaust þróast með öðrum hætti í Reykjavík og á Akranesi, en saga byggðar og atvinnulífs er samþætt hafnarstarfseminni. Fyrirtækið Faxaflóahafnir sf. er sameign fimm sveitarfélaga: Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Reykjavíkurborgar og Skorradalshrepps. Það sem gerir fyrirtækið einstakt er að það er lykilaðili í þróun, uppbyggingu og rekstri mikilvægra innviða í flutninga- og efnahagskerfi landsins. Alla tíð hafa fyrirtæki sóst eftir aðstöðu á svæðum Faxaflóahafna sf. en í Reykjavík hefur land- og lóðagerð verið snar þáttur í starfseminni frá upphafi. Fyrir utan útgerðir, flutningafyrirtæki og hafsækinn iðnað, stóran og smáan, hefur á undanförnum árum orðið mikill vöxtur í hafnsækinni ferðaþjónustu. Með þessum vexti fylgir aukið mannlíf og menning. Því er höfnin í rauninni orðin allt í senn sjávarútvegshöfn, ferðaþjónustuhöfn, afþreyingarhöfn og menningarhöfn. Fjölbreytt aðstaða gefur fyrirtækinu mörg sóknarfæri á mörgum sviðum mannlífsins og getur á þeim grunni látið gott af sér leiða í þágu eigenda sinna, almennings og atvinnulífs.

Það má segja að það hafi verið upp úr 1880 sem fyrstu skemmtiferðaskip með farþegum fóru að leggja leið sína til Reykjavíkur. Fyrir þann tíma höfðu ýmsar lystisnekkjur og skemmtiferðaskip auðmanna iðulega komið til höfuðborgarinnar. Eftirfarandi frétt birtist í Ísafold 11. júní 1884:

*„Ensk skip tvö eru væntanleg hingað bráðlega, annað frá Skotlandi, átti að fara þaðan í gær, og heitir „Eothen“ (Óðinn), 400 smálestir með fjölda ferðamanna, fer hjedan aptur 19. júní; hitt frá Lundúnum, gufu-jagt, sem heitir „Ceylon“ og er 2200 smálestir, ætlar að gera 5 vikna ferð um Norðurlönd (til Khafnar, Gautaborgar, ýmissa bæja í Noregi og þar norður á landsenda, síðan hingað í júlí, og þá heim aptur, farið kostar 80 p[un]d sterl[ing] á mann eða 1440 kr[ónur].*

*Hér heilsast skipin, síðara bindi. Guðjón Friðriksson.*

Það var svo árið 1905 sem alvöru ferðir hófst með skemmtiferðaskipum frá Hamborg til Íslands og stóð fyrir þeim skipafélagið Hamburg-America Linie. Það sumar komu tvö stór skemmtiferðaskip til Reykjavíkur frá Hamborg. Annað var Fürst Bismark sem var 8300 lestir og hitt Hamburg, 10.500 lestir. Samtals voru farþegar með þessum tveimur skipum sem komu til Reykjavíkur árið 1905, nærri 400 talsins.

Margt hefur breyst í gegnum aldir og áratugi þegar kemur að skemmtiferðaskipum. Reykja-

## Heildarfjöldi farþega og ferðatíðni skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur




Hér má sjá töflur sem sýna heildarfjölda farþega og ferðatíðni skemmtiferðaskipa.

> Með þessum vexti fylgir aukið mannlíf og menning. Því er höfnin í rauninni orðin allt í senn sjávarútvegshöfn, ferðaþjónustuhöfn, afþreyingarhöfn og menningarhöfn.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

## Heildarfjöldi farþega og ferðatíðni skemmtiferðaskipa til Faxaflóahafna sf.

| LÖND | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þýzkaland | 10.175 | 12.707 | 13.022 | 19.275 | 21.817 | 22.119 | 20.604 | 20.841 | 21.404 | 25.564 | 22.378 | 35.039 | 31.140 | 36.429 | 33.968 | 30.488 | 40.496 |
| USA | 7.907 | 8.509 | 6.660 | 6.428 | 8.095 | 7.550 | 5.528 | 8.531 | 15.774 | 10.917 | 10.695 | 14.400 | 15.337 | 18.425 | 18.443 | 21.243 | 30.323 |
| England | 4.985 | 5.037 | 6.574 | 11.453 | 13.582 | 15.383 | 17.265 | 17.537 | 16.987 | 13.859 | 13.536 | 22.754 | 28.944 | 26.265 | 20.766 | 19.893 | 21.964 |
| Frakkland | 1.412 | 329 | 1.689 | 1.816 | 1.742 | 1.903 | 2.658 | 1.451 | 1.550 | 3.354 | 2.963 | 3.031 | 853 | 1.120 | 1.899 | 2.298 | 2.060 |
| Holland | 348 | 576 | 628 | 767 | 452 | 547 | 404 | 1.415 | 977 | 1.383 | 819 | 1.196 | 941 | 1.333 | 3.175 | 2.481 | 3.065 |
| Rússland | | | 555 | 179 | 660 | 595 | 238 | 531 | 243 | 264 | 257 | 330 | 215 | 388 | 373 | 203 | 284 |
| Kanada | 484 | 690 | 534 | 658 | 828 | 1.559 | 874 | 1.294 | 2.243 | 1.271 | 1.997 | 2.424 | 2.833 | 3.566 | 2.922 | 3.299 | 4.928 |
| Sviss | 493 | 321 | 444 | 735 | 777 | 560 | 607 | 1.035 | 947 | 931 | 1.315 | 1.608 | 1.290 | 1.571 | 2.322 | 2.222 | 2.419 |
| Austurríki | 296 | 253 | 317 | 396 | 513 | 805 | 616 | 743 | 862 | 965 | 1.127 | 1.389 | 1.191 | 1.424 | 1.424 | 1.424 | 2.126 |
| Belgía | 557 | 476 | 133 | 583 | 586 | 170 | 427 | 581 | 540 | 612 | 627 | 463 | 828 | 1.114 | 770 | 1.115 | 1.149 |
| Noregur | 30 | 12 | 44 | 19 | 27 | 24 | 275 | 50 | 69 | 68 | 102 | 209 | 280 | 787 | 651 | 394 | 317 |
| Ástralía | 113 | 184 | 44 | 106 | 203 | 286 | 370 | 455 | 499 | 625 | 1.041 | 2.468 | 1.693 | 2.876 | 4.254 | 2.655 | 4.917 |
| Ítalía | 40 | 80 | 40 | 1.018 | 1.689 | 1.215 | 1.031 | 1.296 | 1.336 | 2.192 | 1.270 | 1.093 | 823 | 1.626 | 1.801 | 1.652 | 2.098 |
| Spánn | 34 | 47 | 15 | 241 | 486 | 492 | 462 | 693 | 828 | 4.682 | 345 | 624 | 995 | 1.031 | 1.174 | 936 | 1.773 |
| Svíþjóð | 18 | 90 | 8 | 23 | 35 | 51 | 371 | 179 | 415 | 765 | 391 | 117 | 195 | 562 | 192 | 205 | 196 |
| Önnur Lönd | 682 | 766 | 557 | 933 | 3.303 | 1.964 | 1.799 | 2.676 | 4.193 | 2.681 | 3.810 | 4.809 | 4.854 | 6.299 | 6.007 | 8.168 | 10.160 |
| **Samtals** | **27.574** | **30.077** | **31.264** | **44.630** | **54.795** | **55.223** | **53.529** | **59.308** | **68.867** | **70.133** | **62.673** | **91.954** | **92.412** | **104.816** | **100.141** | **98.676** | **128.275** |
| Ferðir | 49 | 50 | 58 | 70 | 77 | 74 | 76 | 83 | 80 | 74 | 67 | 81 | 80 | 91 | 108 | 114 | 135 |

Eins og sjá má í töflunni eru Þjóðverjar stærsti hópur ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum til Faxaflóahafna sf. en ferðamenn frá Bandaríkjunum fylgja þar fast á eftir.



Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri Faxaflóahafna og varaformaður Cruise Iceland.




Skemmtiferðaskipið AIDAluna í heimsókn í Reykjavík. Glæsilegt skip sem býður upp á mikla möguleika fyrir ferðamenn. MYND/FILIPPUS JÓHANNSSON

víkurhöfn hefur allt frá byrjun verið sú höfn sem flest skemmtiferðaskip koma til, enda staðsett í höfuðborg landsins. Hins vegar urðu tímamót hjá Faxaflóahöfnum árið 2017, þegar skemmtiferðaskip kom í fyrsta skipti til Akraness. Í ár eru áætlaðar 166 skipakomur farþegaskipa til Faxaflóahafna sf., með heildar farþegarými fyrir 146.957 farþega. Til samanburðar voru 135 skipakomur farþegaskipa til Faxaflóahafna sf. á síðasta ári með alls 128.275 farþega.

Með góðri og skilvirkri markaðsherferð hefur Ísland náð að stimpla sig inn sem einn af bestu viðkomustöðum í heiminum. Landfræðilega skiptir staðsetning landsins gríðarlega miklu máli, þar sem landið tengir heimsálfur saman. Í upphafi var aðalmarkmiðið með markaðssetningu að fá skip til landsins. Hins vegar hefur markaðssetning breyst á síðustu árum og farið úr því að fá sem flest skip til Íslands yfir í það að fjölga viðkomustöðum á landinu og dreifa þannig komum en einnig að laða að leiðangursskip. Leiðangursskip eru smærri skemmtiferðaskip með ca. 50-250 manns um borð. Skipin flytja farþega sem komið hafa til landsins með flugi og fara hringferðir í kringum landið. Þannig að farþegar dvelja hér á landi oftast nær í nokkra daga áður en þeir fara í hringferðir. Leiðangursskip leggja áherslu á náttúruskoðun. Að fá leiðangursskip er því almennt jákvætt, einkum fyrir smærri byggðarlög og heimsókn hóflegs fjölda ferðamanna á sama tíma sem skilar jákvæðum efnahagsáhrifum. En breytt markaðssetning tekur tíma þar sem flestar útgerðirnar bóka 1-3 ár fram í tímann og því þarf að horfa til lengri tíma þegar áherslum í markaðssetningu er breytt.

Samkvæmt ferðamálaskýrslu Íslandsbanka árið 2017 var áætlað að ferðamenn til landsins myndu verða 2,3 milljónir. Af þessum heildarfjölda voru í kringum 130.000 sem komu með skemmtiferðaskipum. Miðað við þær upplýsingar komu 6% ferðamanna með skemmtiferðaskipum en 94% komu með flugvélum.

Hins vegar er margt sem þarf að skoða ennþá sem viðkemur skemmtiferðaskipum. Skemmtiferðaskipin hafa nú í nokkur ár verið að kalla eftir skýrum tilmælum frá Íslandi um hvað má gera og hvað ekki. Móta þarf skýrar reglur og skilgreina ábyrgð. Stjórnvöld, sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar þurfa að eiga farsælt

> **Af heildarfjölda ferðamanna voru í kringum 130.000 sem komu með skemmtiferðaskipum. Miðað við þær upplýsingar komu 6% ferðamanna með skemmtiferðaskipum en 94% komu með flugvélum.**

samstarf til að útkoma verði sem hagstæðust. En hvað þarf að gera til að svo verði? Hér að neðan eru nokkur dæmi:

- Smærri bæjarfélög og hagsmunaaðilar á þeim svæðum sem eru undir hvað mestu álagi, þurfa að skoða hversu mikið hvert svæði þolir af farþegum sem koma með flugi og með skemmtiferðaskipum.
- Umhverfisstofnun þarf að útbúa skriflegar leiðbeiningar í anda Association of Arctic Expedition Cruise Operators (AECO, https://www.aeco.no/guidelines/ ). Þessar leiðbeiningar eru þekktar á norðlægum slóðum (Grænlandi, Svalbarða, Rússlandi o.s.frv.) og er tekið á hinum ýmsu málum, hvað má gera og hvað ekki á hverjum stað. Umhverfisleg málefni, þ.e. umgengni um náttúru og dýralíf er haft að leiðarljósi í öllum þeim málum sem sett eru fram í þessum leiðbeiningum.
- Viðbragðsáætlanir þurfa að vera til staðar fyrir hafnir um land allt.
- Tryggja þarf Landhelgisgæslunni fjármagn til að geta sinnt viðeigandi öryggismálum vegna siglinga í Norðurhöfum.

Það má segja að næstu árin muni marka framtíð landsins varðandi skemmtiferðaskip, þ.e. hvernig við tökum á málunum og vinnum með þau. Orðspor lands okkar er mikilvægt og ekki má mikið út af bregða til þess að skaði hljótist af. Því er mikilvægt að allir aðilar, þ.e. stjórnvöld, bæjarfélög og hagsmunaaðilar komi að sama borðinu og móti stefnu til lengri tíma litið.

# Fróðleiksmolar um skemmtiferðaskip

### Hverjir hafa tekjur af skemmtiferðaskipum?

- **Ríkið:** Fær skatttekjur í formi vitagjalda og tollafgreiðslugjalda.
- **Hafnir:** Tekjur af hafna- og þjónustugjöldum.
- **Þjónustuaðilar:** Þeir aðilar sem þjónusta skipin beint.
  - **Skipaumboðsmenn:** Sjá um að þjónusta skipið, annast samskipti við hafnir, opinbera aðila og innlenda birgja.
  - **Ferðaþjónustuaðilar:** Skipuleggja ferðir fyrir skipafélögin.
  - **Rútufyrirtæki og leiðsögumenn:** Koma ferðamönnum á leiðarenda undir leiðsögn.
  - **Birgjar:** Sjá um aðföng um borð í skipin.
  - **Aðrir þjónustuaðilar:** Viðgerðir á ýmiss konar búnaði, skemmtikraftar, sorphirða o.þ.h.

Reikna má með að árið í fyrra skilji heimsóknir skemmtiferðaskipa á milli 7 og 8 milljarða eftir sig hér á landi. Um 300 heilsársstörf verða til vegna skipanna. Mörg þessara starfa verða til á landsbyggðinni.

### Hvað eyða farþegar miklu í landi?

Árið 2014 var gerð könnun á vegum GP Wild og kom þá í ljós að:

- Meðaleyðsla farþega vegna 8 klst. stopps var 79 evrur.
- 85% farþeganna voru að koma í fyrsta sinn til Íslands.
- 60-70 % farþeganna fara í skipulagðar ferðir.
- Skipverjar eyða að meðaltali 11 evrum í hverju stoppi.

Ný GP Wild könnun verður framkvæmd nú í sumar og munu niðurstöður liggja fyrir með haustinu.

### Eldsneyti skipa

Sú meginregla sem í gildi er kemur fram í reglugerð nr. 124 frá 2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti. Reglugerðin gildir um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, skipadísilolíu, skipagasolíu, svartolíu og gasolíu hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands. Það ákvæði sem kveður á um heimild til notkunar er í 4., 5. og



Wind Star liggur við bryggju í Reykjavíkurhöfn. MYND/ERNA KRISTJÁNSDÓTTIR

6. grein reglugerðarinnar og helstu ákvæðin þessi og gilda um öll skip:

Í mengunarlögsögu Íslands gildir almennt sú regla að skip mega brenna svartolíu með brennisteinsinnihaldi að hámarki 3,5%.

- Brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, þ.m.t. svartolíu sem er notuð eða er ætluð til nota í skipum eða bátum, sem notað er hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands skal vera að hámarki 3,5% (m/m), að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota viðurkenndar aðferðir til að draga úr losun í lokuðu kerfi. Brennisteinsinnihald skipadísilolíu skal vera að hámarki 1,5% (m/m).
- Brennisteinsinnihald skipagasolíu skal vera að hámarki 0,1% (m/m).
- Um farþega- eða skemmtiferðaskip, sem taka 12 farþega eða fleiri, gildi þó aðrar reglur. Þar má hámarks brennisteinsinnihald ekki fara yfir 1,5% til 1. janúar 2020, en síðan gilda lægri viðmið.
- Þegar skemmtiferðaskip leggjast að bryggju í íslenskri höfn er slökkt á aðalvélum skipsins. Ljósavélarnar eru hins vegar áfram í gangi enda orkuþörfin mikil.
- Öllum skipum við bryggju er skylt að nýta sér rafmagn úr landi í stað skipaeldsneytis ef það er mögulegt.
- Það gildir auðvitað líka um stór skip eins og skemmtiferðaskip en dreifikerfi raforku eru því miður vanbúin til að veita slíka þjónustu enda kalla slík skip á háspennutengingar
- Íslenskar hafnir eiga að óbreyttu enga möguleika á að fjármagna landtengingar stórra skipa án verulegrar aðstoðar ríkisins, enda um milljarða fjárfestingar að ræða.
- Þann 22. febrúar sl. tók í gildi fullgilding Íslands á viðauka VI í MARPOL-samningnum um loftmengun frá skipum.
- Frá og með 1. janúar 2020 má brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti sem notað er hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands ekki vera meira 0,5% (m/m). Þetta mun einnig gilda um öll heimshöfin fyrir utan þau svæði sem í dag eru skilgreind mx. 0,1 % (ECA svæði).

Framangreint ber með sér að frá árinu 2020 verður tæplega mögulegt að nota svartolíu nema skip séu búin hreinsibúnaði og sá búnaður nægi til að brennisteinsinnihald fari ekki yfir 0,5%.

### Lofthreinsikerfi og úrgangur

- Mörg skemmtiferðaskip eru með sérstakar síur til varnar því að sót berist út í andrúmsloftið.
- Ný lofthreinsikerfi skemmtiferðaskipa hafa þá eiginleika að minnka losun brennisteinstvíoxíðs (So2) um 98%.
- Brennisteinstvíoxið ($SO_2$) er algengt mengunarefni sem losnar út í umhverfið við brennslu á jarðefnaeldsneyti. Losun $SO_2$ er langmest frá flugvélum, þar næst frá bílum en langminnst frá skipum.
- Sífellt fleiri skemmtiferðaskip eru útbúin sólarrafhlöðum til þess að draga úr þörfinni fyrir mengandi orkuframleiðslu.
- Útgerðir skemmtiferðaskipa leggja metnað sinn í að skipin losi hvergi í heiminum ómeðhöndlað skólp.
- Skemmtiferðaskip flokka allan sinn úrgang sem komið er til móttökuaðila í höfn.

### Nýsköpun

- Útgerðir skemmtiferðaskipa leggja áherslu á að endurnýja flota sinn samkvæmt bestu fáanlegri tækni.
- Þannig verða á næstu átta árum smíðuð yfir 90 ný skip. Af þeim verða 18 knúin með náttúrugasi (LNG) og 22 þessara skipa verða sérsmíðuð fyrir heimskautasvæðin.
- Útgerðirnar verja á annað hundrað milljörðum króna til að gera skipin umhverfisvænni, því það er orðin krafa í flestum löndum.
- Spennandi möguleikar eru á að þróa nýja þjónustu og vörur fyrir skemmtiferðaskipin og gesti þeirra, auka fjölbreytni í framboði afþreyingar, skoðunarferða, hugbúnaðar og margvíslegra þjónustuþátta.
- Þannig getur íslensk hugmyndaauðgi og nýsköpun stuðlað að enn frekari verðmætasköpun og virðisauka þessarar ört vaxandi þjónustugreinar.

# Hvað eru Faxaflóahafnir sf. að gera í umhverfismálum?

- Faxaflóahafnir eru með vottað ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi síðan haustið 2017.
- Faxaflóahafnir hafa undirritað 10 ára samstarfssamning við Skógræktina. Ræktaður verður skógur í nafni Faxaflóahafna í landi Klafastaða í Hvalfjarðarsveit, sem er í eigu Faxaflóahafna sf. Áætlað er að planta í kringum 1-3 hektara ár hvert til að kolefnisjafna útblástur frá eigin starfsemi.
- Langflest skemmtiferðaskip með viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi njóta afsláttar af úrgangsgjaldi Faxaflóahafna sf.
- Í samþykktri gjaldskrá Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2018 var sett inn nýtt ákvæði til bráðabirgða um að bátar sem alfarið eru knúnir rafmagni og notaðir til skipulagðra siglinga með farþega séu undanþegnir bryggju- og lestargjaldi til ársloka 2025.
- Landtengingar draga úr losun



Skemmtiferðaskipið Le Boreal.

gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun frá skipum í höfn. Árið 2016 var öllum þeim skipum sem geta tengst við höfn gert skylt að gera svo hjá Faxaflóahöfnum.

- Ekki er hægt að landtengja skemmtiferðaskip eins og staðan er í dag. Landtengingar skemmtiferðaskipa kalla á sérlausn vegna orkuþarfar (háspenna).
- Faxaflóahafnir og Hafnasamband Íslands hafa skrifað undir áskorun The Arctic Commitment um bann við notkun á svartolíu í Norðurhöfum.
- Faxaflóahafnir sf. og Hafnasamband Íslands hafa skorað á íslensk stjórnvöld að fullgilda Viðauka VI í Marpol samningnum og að taka upp ECA svæði (Emission control area) innan efnahagslögsögu Íslands.
- Faxaflóahafnir sf. eru eitt 130 fyrirtækja á Íslandi sem hafa skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (Parísarsamkomulagið, COP21).
- Faxaflóahafnir sf. hafa haldið grænt bókhald frá árinu 2006. Í grænu bókhaldi eru eftirfarandi þættir vaktaðir:
  - Raforka (eigin notkun og sala).
  - Heitt og kalt vatn (eigin notkun og sala).
  - Eldsneytisnotkun eigin tækja og losun gróðurhúsalofttegunda.
  - Pappírsnotkun á hvern starfsmann.
  - Úrgangur og spilliefni, bæði frá starfsemi Faxaflóahafna sf. og annarri starfsemi á hafnarsvæðinu ásamt úrgangi frá skipum.
  - Mengunaróhöpp sem eru tilkynningarskyld.
  - Dýpkun hafna og ráðstöfun dýpkunarefna.
  - Landfyllingar á hafnarsvæðum.
- Faxaflóahafnir sf. hafa haldið útstreymisbókhald frá árinu 2017. Bókhaldið byggir á þeirri forsendu að útblástur skips er reiknaður frá því að það kemur inn fyrir hafnarmörkin þangað til það fer út fyrir hafnarmörk aftur. Útblásturinn er því reiknaður bæði við siglingu skipa innan hafnar og við bryggju.

Á heimasíðu Faxaflóahafna sf., www.faxafloahafnir.is/cruiseships, má finna upplýsingar um skipakomur skemmtiferðaskipa fyrir árið 2018 til Reykjavíkur og Akraness. Stórir skipakomudagar eru merktir með upphrópunarmerki til að gera ferðaþjónustuaðilum sem og öðrum hagsmunaaðilum viðvart.


NÝTT
NIVEA SUN
UV FACE
ANTI-AGE & ANTI-PIGMENTS
0% WHITE RESIDUE*
50 HIGH UVA UVB
Immediate sun protection
Protects against wrinkles and pigment spots
*on the skin
ÖFLUG
SÓLARVÖRN
FYRIR ANDLIT



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Gervigreind með tískuvit

Tískuhönnun framtíðarinnar gæti verið í höndum gervigreindarstílista sem bjóða viðskiptavinum sérsniðin tískuráð, hanna föt og spá fyrir um tískubylgjur.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Hjá fyrirtækinu Stitch Fix er hægt að gerast áskrifandi að þjónustu stílista sem hjálpar til við að velja föt sem henta og ráðleggur fólki um hvað það á að kaupa og hvað passar vel saman. Fyrirtækið byrjaði sem sprotafyrirtæki í lítilli íbúð fyrir sjö árum en í dag hefur það tugi starfsmanna. En þó mennskur stílisti fari yfir allar ráðleggingarnar koma þær upphaflega frá stafrænum stílista sem notar gervigreind.

Fyrirtækið hefur forritara á sínum snærum sem hafa skrifað reiknirit sem velja föt fyrir fólk. Reikniritin finna föt sem standast kröfur viðskiptavina og svo tekur mennskur stílisti lokaákvörðun varðandi ráðleggingarnar.

Reikniritin nýta alls kyns upplýsingar um notandann til að finna réttu fötin. Notandinn gefur upp hvaða verðbil hann eða hún hefur í huga, hvers konar liti viðkomandi kýs, stærðina, stílinn og tilefnið, en reikniritin skoða líka hvað notandinn hefur áður keypt og skilað hjá Stitch Fix og hegðun notandans á samfélagsmiðlum, t.d. hvaða tískumyndir viðkomandi vistaði á Pinterest. Eftir því sem reiknritin hafa meiri upplýsingar, þeim mun betur þekkja þau tískusmekk viðkomandi og gefa þar af leiðandi betri ráð varðandi klæðnað.

## Getur gagnast í fatahönnun

Það er meðal annars verið að nýta reiknirit Stitch Fix til að hanna föt. Hugmyndin er að búa til föt með svokallaðri „blandaðri hönnun“, sem felur í sér að reikniritin púsla saman tugum ólíkra breytna, allt frá lit, efni og tegund til gerðar kraga, fjölda hnappa og fleira og leggja fram grunn að hönnun, en svo tekur mennskur hönnuður við tillögunum og hannar flíkina.

„Við erum í einstakri stöðu til að gera þetta. Þetta var ekki hægt áður, því gögnin sem eru nauðsynleg voru ekki til staðar,“ sagði Eric Colson, yfirmaður reiknirita hjá Stitch Fix. „Fólk mátar föt í mátunarklefanum og það veit enginn hvað það keypti ekki, né hvers vegna. Við höfum aðgang að frábærum gögnum og getum gert ýmislegt við þau.“

Sem stendur er bara um eitt prósent af vörum Stitch Fix afsprengi blandaðrar hönnunar en fyrirtækið segir sjálft að þeim vörum hafi verið tekið vel af viðskiptavinum.

## Spennandi möguleikar

Það hefur lengi verið rætt um möguleikann á því að vélmenni eða gervigreind taki við störfum af okkur mannfólkinu, en það hefur helst verið talað um að þau hefji innreið sína í einföldum störfum með mikið af endurtekningum sem krefjast lítillar menntunar, en ekki í skapandi störfum. En reiknirit eins og þau sem Stitch Fix notar gætu orðið algengari í framtíðinni, því það eru margir í tískuheiminum spenntir fyrir möguleikunum sem felast í gervigreind.

Á síðasta ári byrjaði Amazon að bjóða upp á þjónustuna Prime Wardrobe. Notendum býðst að fá eina viku til að máta föt sem þeir kaupa og geta svo skilað þeim sem er ekki áhugi fyrir. Með upplýsingunum um hvað er keypt og hverju er skilað fær Amazon betri skilning á smekk viðskiptavina og þá verður vefurinn betri í að benda viðkomandi á klæðnað sem fellur í kramið.

Við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum er svo verkefni sem kallast „Street Style“ í gangi. Það snýst um að greina milljónir ljósmynda á samfélagsmiðlum sem sýna klæðnað fólks og nema þannig tískubylgjur áður en þær ná útbreiðslu.

Sem stendur kemur tíska að miklu leyti „að ofan“, þ.e.a.s. frá hönnuðum og svo til almennings, en verkefnið vonast til að lýðræðisvæða tísku meira með því að láta tískuna koma að einhverju leyti „að neðan“, frá fólkinu á götunni. Fyrir vikið kæmust kannski fleiri nýir hönnuðir á framfæri.

En aðalvandamálið varðandi notkun reiknirita í tísku er að tæknin á bak við sjónræna leit er enn skammt á veg komin. Það þarf mun flóknari tækni til að nema smávægilegan mun á ljósmyndum en þarf til að bera kennsl á texta eða hljóð. Þannig að þó möguleikarnir séu gríðarlega miklir er þetta enn allt á byrjunarstigi.


Gervigreindin nýtir ýmsar upplýsingar til að finna föt fyrir viðskiptavini, en mennskur stílisti tekur svo lokaákvörðunina. NORDICPHOTOS/GETTY





GLEÐILEGT SUMAR
VALDAR VÖRUR Á 20-60% AFSLÆTTI
Fallegt, fágað og töff
comma,
SMÁRALIND


Gleðilegt sumar
Ég fer á fjöll
FÍ
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

## Innköllun á fæðubótarefninu

### NOW Ashwagandha 450mg.

Icepharma er umhugað um öryggi neytenda og hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla NOW Ashwagandha 450mg sem fyrirbyggjandi aðgerð vegna gruns um að varan geti valdið neytendum heilsutjóni.
Ashwagandha er jurt sem hefur ýmsa heilsufarsábata. Jurtin hefur verið notuð í indversku lækningakerfi sem leggur áherslu á heildar heilbrigði.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einskorðast við:
**Vöruheiti:** NOW Ashwagandha 450mg.
**Strikanúmer:** 733739046031
**Magn:** 90 Capsules
**Lotunúmer:** 1958959, 2076908, 2104627, 3011441 & 3024301
**Best fyrir:** 30.12.2017, 30.10.2018, 31.12.2018, 30.7.2019 & 31.10.2019
**Framleiðandi:** NOW foods

**Dreifing:** Apótek Suðurnesja, Apótekarinn Domus Medica, Apótekarinn Eiðistorgi, Apótekarinn Fitjum,Apótekarinn Hveragerði, Apótekarinn Keflavík, Apótekarinn Mjódd, Apótekarinn Mosfellsbæ, Apótekarinn Selfossi, Blómaval Reykjavík, Fjarðarkaup efh., Krónan Akranesi, Krónan Bíldshöfða, Krónan Fiskislóð, Krónan Mosfellsbæ, Krónan Selfossi, Lyf & Heilsa Austurveri, Lyf & Heilsa Glerártorgi, Lyf & Heilsa Granda, Lyf & Heilsa Kringlunni 1 hæð, Lyfjaver ehf, Vöruhótel Krónan Bakkinn.




Neytendur sem hafa keypt vöruna eru beðnir um að skila henni á sölustaði eða til Icepharma, Lynghálsi 13 á milli 8-16 alla virka daga.
Neytendur fá vöruna endurgreidda að fullu.






My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464






Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




Það eru Þórey Björk Halldórsdóttir fatahönnuður og Baldur Björnsson, myndlistar- og raftónlistarmaður, sem standa á bak við And Anti Matter. Eftir Milan Design Week bíða þeirra mörg spennandi verkefni á árinu. MYNDIR/GULLI MÁR

# Vinna á óljósum mörkum

Hönnunarfyrirtækið And Anti Matter sýnir tvö ljós á Milan Design Week sem hófst fyrr í vikunni í Mílanó.


Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is




Íslenska hönnunarfyrirtækið And Anti Matter sýnir tvö ljós úr línu sinni Previously Unreleased á Milan Design Week sem hófst í Mílanó á þriðjudag og stendur fram á sunnudag. Það eru hjónin Þórey Björk Halldórsdóttir, sem er menntaður fatahönnuður, og Baldur Björnsson, myndlistar- og raftónlistarmaður, sem standa á bak við fyrirtækið. Saman segjast þau vinna á óljósum mörkum myndlistar og hönnunar, ólíkum sviðum sem hafi mikil áhrif á útkomuna hverju sinni. „Ljósin sem við sýnum hér mynda áhugaverðar andstæður með þungri steinsteypu og brothættum neonperum, en með flyksuáferð. Eins og á HönnunarMars þá fórum við dálítið blint inn í þetta verkefni og með engar væntingar, frekar vonir um að eitthvað frábært myndi gerast. En aðallega erum við að reyna að koma á tengingum við evrópskan markað,“ segir Þórey Björk.

## Fengu mikla athygli

Baldur segir boð þeirra væntanlega hafa komið til vegna mikillar og jákvæðrar umfjöllunar eftir þátttöku þeirra á HönnunarMars árið 2017. „Þá settum við upp sýningu í kolburstaverksmiðjunni Kóral á Vesturgötu en Kórall er einn af földum fjársjóðum Reykjavíkurborgar. Við heilluðumst af rýminu og minningum en afi minn stofnaði Kóral á sínum tíma. Sýningin og gripirnir okkar fengu alveg ólýsanlega mikla athygli sem var sérlega skemmtileg. Við fengum fimm stjörnu umfjallanir um allan heim sem var mikil hamingja þar sem við bjuggumst ekki við neinu. Eftir það tók við langt ferli í að þróa framleiðsluna og núna eru vörurnar okkar komnar á markað.“



Lamparnir vekja mikla athygli.



Lampi sem And Anti Matter sýnir í Mílanó í vikunni undir samsýningu Meet my project.



Skúlptúrar frá And Anti Matter sem eru samsettir úr mörgum einingum.

## Litrík upplifun

Þau sýndu ekki á HönnunarMars í ár en sáu í þess stað um um listræna stjórn fyrir DesignTalks ráðstefnuna. „Þetta er í fyrsta skipti þar sem Design Talks fær hannað útlit undir listrænni stýringu. Okkur langaði til þess að upplifunin yrði dálítið litrík, glaðvær og full af orku. Þess vegna bjuggum við til tónglaðar kynningar fyrir allan daginn þar sem hver fyrirlesari var kynntur með vídeói og raddaðri innsetningu. Einnig fengum við lánaða litríka stóla frá ungum og eldri íslenskum hönnuðum fyrir sviðið og klæddum eyrina borðum með flyksuáferð og sýningargripum. Auk þess tókum við þátt í tíu ára afmælissýningu HönnunarMars þar sem við sýndum „modular“ skúlptúra og silkislæður.“

## Ýmislegt í pípunum

Eftir dvölina í Mílanó eiga þau fundi með tveimur verslunum sem langar að fá verk þeirra í sölu. „Svo verðum við með einkasýningu í Fracas galleríi í Belgíu í september og verðum að mestu leyti opinber partur af galleríinu. Einnig erum við að vinna að nýrri línu í sumar og verðum að mestu leyti búsett í Amsterdam í tengslum við hana þar sem við erum að vinna með textílverksmiðju í Heze í Hollandi. Svo erum við með verkefni hér heima um jólin en þannig fjármögnum við hönnunina af framleiðslunni, með hönnunarverkefnum, kennslu og öðru. Næsta ár er enn óráðið fyrir utan það að við stefnum á að nýja línan okkar verði komin á markað þá.“

Nánar má kynna sér verk And Anti Matter á andantimatter.net og fylgjast með þeim á Facebook.

# Sumargrill

FIMMTUDAGUR 19. APRÍL 2018

Kynningar: Grillbúðin, Nettó, Olís



Einar segir að neytendur séu farnir að sækja í vandaðri grill, sem endast lengur og hafa betri grilleiginleika. MYND/ERNIR

# Gæði og þjónusta skipta öllu máli

Grillbúðin er sérverslun með grill og er til húsa að Smiðjuvegi 2 í Kópavogi. Verslunin er 11 ára gömul og leggur áherslu á vörur frá þýska grillframleiðandanum Landmann. ➜2




Einar Long hjá Grillbúðinni segir að það skipti öllu máli að eiga öflugt og endingargott grill. MYND/ERNIR

**Framhald af forsíðu** →

Íslendingar eru mikil grillþjóð og grillmenningin á Íslandi er öðruvísi en í flestum löndum," segir Einar Long, framkvæmdastjóri Grillbúðarinnar. „Erlendis er yfirleitt ekki grillað nema í blíðskaparveðri, en Íslendingar grilla yfirleitt hvernig sem viðrar. Því skiptir öllu máli að eiga öflugt og endingargott grill.

Þjónusta og gæði skipta okkur öllu máli og þess vegna leggjum við áherslu á þýska framleiðandann Landmann, sem er 52 ára gamalt fyrirtæki og stærsti framleiðandi grilla í Evrópu," segir Einar. „Það gerir okkur kleift að bjóða frábær verð og mjög góða varahlutaþjónustu, en til að vandað grill endist þurfa þeir hlutir sem slitna við eðlilega notkun að vera til.

Vinsældir Landmann grilla aukast með hverju árinu og er um umtalsverða aukningu að ræða síðustu ár," segir Einar. „Það er greinilegt að neytendur eru farnir að sækja í vandaðri grill, en aukin gæði skapa lengri endingu og hafa mun betri grilleiginleika."

## Ný aðferð hefur slegið í gegn

„Við erum sérverslun og bjóðum því upp á úrval bæði gas- og kolagrilla, en langtum meira selst af gasgrillunum. Þetta er frábrugðið því sem gengur og gerist hjá mörgum Evrópuþjóðum, þar sem kolin eru oftar vinsælli," segir Einar. „Kolagrill með viðarkolum gefa meiri hita en almennt er í gasgrillum, en við bjóðum þó upp á gasgrill sem gefa jafn mikinn hita og viðarkol, sem er einstakt.

Nýjasta viðbótin við íslensku grillmenninguna er bandaríska aðferðin „Texas BBQ". Um er að ræða sérstök grill (Smoker) sem eru tvískipt, lítið hólf er fyrir kol og viðarspæni og þaðan fer reykur og hiti í stærra hólf þar sem maturinn er langtímaeldaður með einstökum árangri," segir Einar. „Þessi aðferð er mjög vinsæl í Bandaríkjunum og er nú orðin vinsæl í Evrópu. Sem dæmi má nefna að það var haldin heimsmeistarakeppni með þessari aðferð í Gautaborg í Svíþjóð 2016 og hún verður haldin aftur núna í sumar."

> ,, Við seljum líka mikið af aukahlutum sem geta gert matreiðsluna léttari og skemmtilegri.

## Grillin þurfa að endast

„Við val á grilli er gott að hafa nokkur atriði í huga. Best er að hafa grillið kraftmikið, svo það ráði við slæmar veðuraðstæður. Grillið þarf líka að vera úr efni sem þolir íslenskar aðstæður og þar skiptir mestu máli að eldhólfið í grillinu sé úr efni sem þolir hitann, en mörg grill eru úr efnum sem þola hitann illa og endast því stutt," segir Einar. „Einnig er nauðsynlegt að það fáist varahlutir í grillin svo þau endist."

## Ýmis aukabúnaður í boði

„Við seljum líka mikið af aukahlutum sem geta gert matreiðsluna léttari og skemmtilegri. Þar má nefna reykbox, kjúklingastanda, pitsusteina, ljós, þráðlausa kjöthitamæla, grindur fyrir grænmeti og steikarplötur," segir Einar. „Á steikarplötu er til dæmis sniðugt að elda beikon og fisk sem væri annars of laus í sér til að fara beint á grindina og ljós á grillið hentar vel þegar rökkvar síðsumars og á haustin, en ljósið má festa á handfangið á grillinu svo kokkurinn sjái betur til."

## Nokkrar vinnureglur

„Nokkrar einfaldar vinnureglur við grillið tryggja að máltíðin verði ljúffeng," segir Einar. „Fyrst er að nefna að fara ekki frá grillinu á meðan verið er að glóðarsteikja. Svo er mikilvægt að hafa grillið vel heitt þegar byrjað er að grilla, sérstaklega þegar verið er að grilla kjöt. Mikill hiti lokar kjötinu fljótt og þá helst það safaríkara. Síðan má færa steikina yfir á svæði sem er minna heitt til að klára eldunina."

Einar mælir líka með kjöthitamæli, sem hann segir að geri rétta eldun auðveldari og bendir á að það þurfi að fylgjast vel með að fituskúffan sé reglulega tæmd, svo það kvikni ekki í fitunni sem lekur þar niður. Síðast en ekki síst mælir Einar með því að taka kjötið úr kæli 1-2 tímum fyrir eldun svo það nái stofuhita og bendir á að það sé gott að leyfa steikinni að standa og jafna sig í 5-10 mínútur eftir eldun.

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Veffang:** frettabladid.is

# Brátt geta allir grillað eins og Kokkur ársins!

**Nýkrýndur Kokkur ársins, Garðar Kári Garðarsson, er alltaf önnum kafinn við eldamennsku. Hvort sem er í eldhúsinu á lúxushótelinu Deplum í Skagafirði eða þegar hann fæst við nýjar áskoranir sem nú fara óðum að sjást í hillum og kæliskápum Nettó.**

Garðar hefur undanfarið verið í samstarfi við Nettó og lagt allt sitt kapp og metnað í að undirbúa komu glænýrrar og heillandi vörulínu í verslanir Nettó um land allt.

Garðar hefur nýtt viðamikla þekkingu sína og ástríðu fyrir eldamennsku og lagt nafn sitt við línuna – svo reyndir og óreyndir grillarar geti verið vissir um að fá aðeins það besta þegar þeir kaupa sér vörur merktar gæðastimplinum Kokkur ársins.




Þessi spennandi lína er stútfull af girnilegum möguleikum sem endurspegla verslanir Nettó vel, þar sem úrval, ferskleiki og einstaklega bragðgott hráefni – á góðu verði – er í hávegum haft. Línan er gríðarlega fjölbreytt og nær til að mynda yfir hvítlauks- og rósmarínkryddað lambainnlæri, bjórgrísakinnar, Smokey-Alabama grísafiðrildi, Rosti-lax og -lúðu í trufflumarineringu. Auk þess sem kjúklingabringur, eins og þær gerast bestar á veitingahúsum, með völdum kryddjurtum og olíum, og safarík kalkúnalæri verða einnig á boðstólum í verslunum Nettó.

Línan hentar sumsé fullkomlega jafnt þeim sem vilja reyna eitthvað nýtt og hinum sem kjósa að fara öruggu leiðina – og ekki skemmir fyrir að verðin eru líka einstaklega heillandi.

Garðar veit sannarlega hvað hann syngur þegar kemur að eldamennsku og að mörgu er að hyggja eigi vel að vera. Aðspurður segir hann að marinering sé lykilatriði þegar kemur að því að töfra fram hvers kyns dýrindis máltíð á grillinu. Hann er ekki í nokkrum vafa þegar hann er inntur eftir sinni uppáhaldsmarineringu og dregur fram einfalda einiberjamarineringu sem þykir einstaklega góð á lambið og þá sér í lagi lærissneiðar, innlæri og hrygg.



Garðar Kári Garðarsson er Kokkur ársins 2018 og kann vel á því tökin að marinera og grilla góða sumarsteik. Hann á heiðurinn af nýrri línu í Nettó.

## Einiberja-marinering Garðars

- 4 einiber
- 50 g olía
- 2 hvítlauksgeirar
- 3 greinar timjan
- 1 grein rósmarín
- ½ tsk. salt
- 1 tsk. capers

Malið einiberin í blandara eða mortéli og blandið svo út í olíuna ásamt öllum kryddunum.

Best er ef hægt er að leggja steikina í marineringu daginn áður og láta hana hvíla yfir nótt. Ég mæli með að hita grillið vel áður en steikinni er skellt á. Mikilvægt er að grilla báðum megin og svo kemur að því allra mikilvægasta! Að láta steikina hvíla í góða stund áður en hún er skorin.




# Grillað um veröld víða

Að grilla er ekki bara matreiðsluaðferð heldur menningarbundin athöfn þar sem fólk safnast saman við opinn eld og nýtur góðs matar og félagsskapar eins og forfeður okkar allra.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Sumarið er grilltíminn á Íslandi og í dag veitist formlegt leyfi til að dusta vetrarrykið af þarfasta þjóninum sem hefur staðið óhreyfður úti á palli eða á svölunum í allan vetur, nema kannski hjá þeim alhörðustu sem létu sig ekki muna um að grilla hangikjötið á jóladag. Þessi matreiðsluaðferð, að steikja mat yfir eldi, hefur fylgt mannkyninu nánast síðan maðurinn beislaði eldinn og fólk safnaðist saman til að halda á sér hita, snæða og spjalla. Charles Darwin sagði að eldurinn og tungumálið væru tvö mikilvægustu afrek mannkynsins og hann hefði eflaust kunnað að meta gott grill. Í öllum heimshornum finnast góðar og gegnar grillhefðir sem íslenskir grillmeistarar hefðu kannski gaman af að kynna sér nánar.

Í Malasíu og Indónesíu eru grillréttirnir ikan bakar og ayam bakar vinsælastir en það er fiskur eða kjúklingur sem er grillaður á bananalaufi með sterkri sósu.

Japanir eiga sér sterka grillhefð og það eru til ótal aðferðir til að eldsteikja mat. Mikilvægur hluti japanskrar grillhefðar eru binchotan kol sem gefa frá sér mikinn hita þannig að maturinn stiknar vel að utan en er mjúkur að innan. Uppáhald margra er yakitori, kjúklingaspjót með örþunnum kjúklingabitum.

Kóreskt grill er þekkt um víða veröld. Kórerubúar grilla allt frá svínavömbum og nautarifjum til bulgogi sem eru þunnir kjötstrimlar marineraðir í sterkri sósu. Allt er þetta svo borið fram með fjölbreyttu meðlæti.

Á suðurafrísku grilli eða braai eins og það er kallað má finna hefðbundnar dýrategundir eins og naut og lamb en einnig strúta og antilópur og þykkar upprúllaðar boerewors-pylsur. Yfir þetta allt er svo stráð mjög krydduðu grillsalti sem gefur einstaklega gott bragð.

Í Marokkó má finna mikla fjölbreytni, bæði í því sem grillað er og aðferðunum. Nýveiddur fiskur, djúpkryddaðar pylsur og heilsteikt lamb með döðlufyllingu. Bragðið gefa einkum tvær marokkóskar kryddblöndur, harissa og chemula, sem samanstanda bæði af þurrum kryddum en líka ferskum kryddjurtum, lauk, sýrðum sítrónum og olíu.

Í Argentínu er ekkert verið að flækja hlutina þegar kemur að því að velja kjöt á grillið, naut skal það vera. Flestir hlutar dýrsins eiga erindi á grillið eftir að hafa verið penslaðir með salmuera-olíu og ýmsar sósur eru svo notaðar til að gefa fjölbreyttara bragð fyrir rýrara kjötið en flestir kjósa að njóta steikanna eins og þær koma af kúnni. Argentínska grillaðferðin asado felst í að þræða kjötstykki á teina og raða yfir opinn eld sem gefur mjög gott bragð.

Ástralar útbúa nánast ekki mat öðruvísi en að grill komi við sögu. Þar má finna lambakótelettur, hunangsmarineraða kjúklingavængi, smokkfiska, lauk og yfirleitt bara allt sem er í ísskápnum. Ástralar eru stoltir af grillmenningu sinni þó hún sé ekki ævaforn eins og hjá ýmsum öðrum þjóðum og líta á grill sem mikilvægan hluta af öllum hátíðahöldum, til dæmis jólunum en 25. desember er hásumar í Ástralíu og kjörið að fagna með því að henda einhverju góðu á grillið.



Japanir grilla allt mögulegt, m.a. skelfisk í skelinni. NORDICPHOTOS/GETTY



Í Argentínu eru steikur gjarna grillaðar á teini.







CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 470x470 mm
2 brennarar
69.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Fæst í Rekstrarlandi og útibúum Olís um land allt.

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís
Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is


# Char-Broil heillar landann

Char-Broil eru amerísk gæðagrill sem hafa verið leiðandi í grillheiminum frá 1948. Helsti kostur Char-Broil grillanna er TRU-Infrared tæknin sem gefur þeim visst forskot.

### Ný leið til að grilla

TRU-Infrared tæknin frá Char-Broil er einstök hönnun sem kemur í veg fyrir eldtungur, er sparneytnari á gas og færir þér safaríkari mat á diskinn þinn. Char-Broil TRU-Infrared tapar mun minni varma en önnur gasgrill – meira segja í kulda og gefur nákvæmari hitastýringu sem hentar bæði fyrir hægeldun og steikingu. Helstu kostir TRU-Infrared eru meðal annars að engar eldtungur leika um grillið (matinn), hitinn er alls staðar jafn og eldunartími styttri.

### GAS2Coal grillið fyrir þann sem vill velja

„Þetta er grill sem lyftir eldamennskunni upp á næsta stig," segir Hjalti Þór, vörustjóri Char-Broil á Íslandi. Nýjungin í ár er Gas2Coal grillið sem er hefðbundið gasgrill sem með auðveldum hætti er hægt að breyta í kolagrill. „Þú notar gasið til að kveikja í kolunum og þegar þau eru orðin heit og góð þá slekkur þú á gasinu. Þetta er skemmtileg viðbót í grillflóruna á Íslandi" segir Hjalti.




Hjalti Þór Halldórsson og Kristján Gísli Stefánsson eru báðir hæstánægðir með Char-Broil grillin. MYND/ERNIR

> Þú notar gasið til að kveikja í kolunum og þegar þau eru orðin heit og góð þá slekkur þú á gasinu. Þetta er skemmtileg viðbót í grillflóruna á Íslandi.
>
> Hjalti Þór Halldórsson

### Rafmagnsreykofn

„Það eru alltaf fleiri sem bætast í þann hóp sem hefur unun af því að reykja matinn og prófa sig áfram í grillmatargerð. Ég er búinn að vera að leika mér með þennan rafmagnsreykofn. Ég er sjálfur búinn að prófa að reykja svínabóg, nautarif, kjúkling og þannig mætti lengi telja og fæ bara ekki nóg af tilraunastarfsemi, þetta er svo gaman," segir Kristján Gísli sölufulltrúi Char-Broil. Tölvustýrður rafmagnsreykofninn veitir frábæra stjórn í eldamennskunni, nákvæma hitastjórnun með innbyggðum hitamæli sem gefur þér aukna öryggistilfinningu við matreiðsluna.

### Char-Broil grillskólinn

Núna á fimmtudögum og fram í byrjun júní byrjar grillskólinn þar sem hópar, 8-16 manns, geta komið og fengið fróðleik um hvernig grilla skal nauta-, svína- og lambakjöt. „Við verðum með algjöran snilldar grillkokk, hann Örvar frá Esju Gæðafæði, sem leiðir hópinn í gegnum leyndardóma grilleldamennskunnar," segir Hjalti og bætir við: „Frábær skemmtun fyrir hópinn til að koma saman, grilla og njóta."

Áhugasamir geta kíkt á Facebooksíðuna Char-Broil á Íslandi og sent fyrirspurnir á charbroil@rekstrarland.is



barbecook

Tilboðsverð

Spring 300

**39.995**

50686930

Almennt verð: 49.995

kílóvött 11,4 · brennarar 3

GRILLPRO

Tilboðsverð

GrillPro 24025

**23.995**

50657522

Almennt verð: 29.995

kílóvött 7,3 · brennarar 2



# GLEÐILEGT SUMAR

Tilboð til 23. apríl



Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Gem 320

**39.995**

50657519

Almennt verð: 49.995

kílóvött 6,9 · brennarar 3

Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Royal 320

**49.995**

50657512

Almennt verð: 59.995

kílóvött 8,8 · brennarar 3





Tilboðsverð

Signet 320

**71.995**

50657505

Almennt verð: 89.995

kílóvött 11,4 · brennarar 3

Tilboðsverð

Signet 390

**95.995**

50657502

Almennt verð: 119.995

kílóvött 18,5 · brennarar 3+2





## HOPPANDI GLEÐI! SUMAR-TILBOÐ

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Grilla á samfélagsmiðlum

**Arnar Sigurðsson og Hjalti Vignis stofnuðu hóp á Facebook fyrir ástríðufulla grillara þar sem hægt er að deila uppskriftum og aðferðum. Þeir halda einnig úti vinsælu Snapchat sem snýst um grill.**




Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is


Félagarnir Arnar og Hjalti hafa lengi deilt áhuga á matargerð og vita fátt skemmtilegra en að grilla. Þeir ákváðu að stofna hóp á Facebook fyrir þá sem deila þessu áhugamáli með þeim og fer hópurinn sístækkandi. Þeir félagar láta sér ekki nægja að eiga aðeins eina tegund af grilli heldur eiga þeir gasgrill, kolagrill og kamado-grill sem er japanskt leirpottagrill sem nota má til að reykja mat og grilla.

Þegar þeir eru spurðir hvers vegna þeir hafi svona mikinn áhuga á að grilla segja þeir að allur matur bragðist einfaldlega betur ef hann er grillaður. „Það er líka einhver stemning fólgin í því að grilla mat," segir Arnar.

Þeir eru báðir dellukarlar þegar kemur að grillgræjum en segja eitt tæki bráðnauðsynlegt og það er góður hitamælir. Þeir grilla kjöt, fisk og grænmeti og undanfarið hefur pítsa verið vinsæl á grillið.

### Hvernig er best að grilla pítsu?

„Það er langbest að nota tvo pítsusteina þegar grilla á pítsu því annars er hætta á að botninn brenni allsvakalega áður en pítsan er fullbökuð. Ég nota tvo steina og set þá annan ofan á hinn. Neðri steinninn tekur í sig hita frá hitagjafanum, sem er annaðhvort kol eða gas, en lofthitinn hitar efri steininn. Best er að hafa smá loftrúm á milli steinanna, t.d. með því að setja matskeið á milli þeirra. Neðri steinninn þarf ekki að vera pítsusteinn heldur getur verið hella eða múrsteinn, svo lengi sem hann tekur í sig hitann og kemur í veg fyrir að pítsusteinninn ofhitni," segir Arnar.

„Grillið þarf að vera 250-300°C heitt til að fá góðan pítsustein. Ég eldbaka þær á 350-380°C hita sem er fullkominn hiti í þetta. Muna þarf að pítsusteinninn þarf að vera í hitanum í lágmark hálftíma áður en pítsan er bökuð á honum, svo allt heppnist vel," segir Hjalti.



Hjalti og Arnar gefa góð grillráð á samfélagsmiðlum.

## Grilluð pítsa að hætti Grillfeðranna

**Deig fyrir 2 miðlungsstórar pítsur**
- **230-250 ml bragðmikill bjór, t.d. Boli**
- **3 msk. ólífuolía**
- **360 g hveiti, blátt Kornax eða Tipo 00 pítsuhveiti**
- **1 msk. sykur**
- **1½ tsk. salt**
- **1 tsk. ger**

Best er að gera pítsudeigið 3-4 dögum fyrir notkun og geyma í ísskáp yfir nótt. Germagnið miðast við það. Deigið hentar líka vel fyrir brauðstangir, hvítlauksbrauð og calzone-pítsu.



Með réttu aðferðinni er lítið mál að grilla pítsu.

Blandið öllu saman og hnoðið rólega í 2 mín. Aukið svo hraðann og hnoðið í 5-10 mín. í viðbót. Skiptið deiginu í tvennt, teygið það til og fletjið út. Setjið pítsusósu, álegg að eigin vali og ost á pítsuna. Gott er að nota sem mest af mozzarella-osti og blanda út í hann maribo-, cheddar- og gouda-osti.

### Pizzasósa
- **8 msk. hakkaðir tómatar**
- **1 msk. rauðvínsedik**
- **2 msk. ólífuolía**
- **½ geiralaus hvítlaukur, pressaður**
- **2 tsk. óreganó**
- **1 tsk. basil**
- **1 tsk. timían**
- **1 tsk. salt**

Setjið í skál. Blandið öllu vel saman og hrærið þangað til áferðin er orðin slétt.

Arnar og Hjalti eru á Snapchat undir heitinu Grillfedurnir og Schnapparinn og á Facebook undir heitinu Grillsamfélag Íslands og Grillfeðurnir.




# GRILLPAKKAR *fyrir hópa*

**ÖLLUM PÖKKUM FYLGIR MEÐLÆTI AÐ EIGIN VALI**

**1** GRILLTILBOÐ — VINSÆLT
Lambaribeye í rósmarín- og timjanmarineringu.
Verð kr. 3.150 per mann

**2** GRILLTILBOÐ
Lambafile með fituröng, villjurtakryddað.
Verð kr. 3.350 per mann

**3** GRILLTILBOÐ
Lamba konfekt „Rodizio Spicy".
Verð kr. 3.550 per mann

**4** GRILLTILBOÐ
Lambalæri, úrbeinað.
Verð kr. 2.950 per mann

**5** GRILLTILBOÐ
Ungnauta ribeye Smokey pepper marinering.
Verð kr. 3.650 per mann

**6** GRILLTILBOÐ
Nautafile í piparmarineringu.
Verð kr. 3.350 per mann

**7** GRILLTILBOÐ
Nautalundir medalíur í trufflu sveppamarineringu.
Verð kr. 3.950 per mann

**8** GRILLTILBOÐ
Grísamedalíur í smjör- og hvítlauksmarineringu.
Verð kr. 2.950 per mann

**9** GRILLTILBOÐ
Grísahnakki í BBQ kryddlegi.
Verð kr. 2.450 per mann

**10** GRILLTILBOÐ — VINSÆLT
140 gr. hamborgari með brauði, hamborgara- og bernaisesósu, osti, káli, tómötum, agúrkum, lauk, sultuðum rauðlauk og sætkartöflusalati.
Verð kr. 1.050 kr/stk

**11** GRILLTILBOÐ
90 gr. hamborgari með brauði, hamborgara- og bernaisesósu, osti, káli, tómötum, agúrkum, lauk, sultuðum rauðlauk og sætkartöflusalati.
Verð kr. 950 kr/stk

**12** GRILLTILBOÐ — NÝTT
Kjúklingabringur í lime-, basil- og salvíu marineringu.
Verð kr. 2.950 per mann

## MEÐLÆTI FYLGIR MEÐ

Hægt er að velja um sætkartöflusalat, venjulegt kartöflusalat, eplasalat og forbakaða kartöflu eða veglegt ferskt salat. ***Grillsósa að eigin vali.***

## VELDU RÉTTA VÍNIÐ

**Villa al Cortile Brunello di Montalcino**
Múrsteinsrautt. Þétt meðalfylling, ósætt, fersk sýra, þétt tannín. Kirsuber, trönuber, kaffi, skógarbotn. Margslungið.

**Beringer Founders' Estate Cabernet Sauvignon**
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, ósætt, mild sýra, miðlungstannín. Bláber, sólber, vanilla.

**Masi Campofiorin**
Rúbínrautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, miðlungstannín. Skógarber, kirsuber, lyng, rætur.

**Beringer Napa Valley Chardonnay**
Sítrónugult. Þétt fylling, ósætt, fersk sýra. Ananas, ferskja, pera, kókos, eik.

**Lindeman's Chardonnay Bin 65**
Ljóssítrónugult. Létt meðalfylling, ósætt, fersk sýra. Sítrus, pera, ferskja, melóna.

Við mælum með *ísköldum* Bola við höndina. Hann ***fullkomnar*** stemninguna við grillið.

## AUKALEGA

***Eftirréttur:*** Frönsk blaut súkkulaðikaka með rjóma og ferskum berjum.
Verð kr. 750 per mann


**KJÖTBÚÐIN**
www.kjotbudin.is
Grensásvegi 48 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjötbudin.is

## Berjabaka á grillið

**3-4 ferskjur, plómur eða nektarínur, skornar í helminga og steinhreinsaðar.**
**1 bolli af berjum, til dæmis bláber eða brómber**
**4 msk. ósaltað smjör**
**1 bolli hveiti**
**1 bolli sykur**
**1½ tsk. lyftiduft**
**⅛ tsk. kosher salt**
**1 bolli súrmjólk**

Spreyið ferskjurnar með olíu og dembið á heitt grillið í 4-5 mínútur á hvorri hlið. Setjið smjörið í litla járnpönnu og á grillið svo að smjörið bráðni. Blandið hveiti, sykri, lyftidufti og salti saman í skál og hrærið súrmjólkina saman við.

Færið ávextina af grillinu á skurðarbretti og skerið í sneiðar. Þegar smjörið er bráðið á pönnunni skal hella deiginu út í án þess að hræra það saman við smjörið, hellið svo grilluðum ávöxtunum og berjunum yfir á þess að hræra. Leggið álfilmu yfir og grillið í u.þ.b. 45 mínútur.

**thrillist.com**



Berjabökuna er upplagt að láta malla á grillinu meðan aðalrétturinn er snæddur.






Grillaðar pylsur eru ágætis matur og ekki sakar að hafa kartöflusalat með þeim og heimabakað pylsubrauð.

# Grillaðar pylsur með sumarlegu kartöflusalati

Pylsur eru alltaf vinsæll matur þegar þarf að grilla eitthvað fljótlegt. Hægt er að velja um margvíslegar pylsur og auðvitað er borin fram tómatsósa með þeim ásamt sinnepi og steiktum lauk. Mörgum finnst gott að hafa kartöflusalat með pylsunni, hvort sem hún er borðuð í brauði eða ekki. Hér er uppskrift að slíku salati sem má gjarnan bæta ofan á pylsu í brauði.

### Kartöflusalat

**200 g nýjar og góðar kartöflur**
**½ lárpera, skorin í bita**
**50 g ferskt kál, til dæmis hvítkál**
**1 dl majónes**
**1 msk. sýrður rjómi**
**1 msk. rifinn, fersk piparrót**
**2 msk. sítrónusafi**
**½ salt**
**1 tsk. nýmalaður pipar**
**1 msk. sætsinnep**
**1 tsk. tabasco-sósa**
**2 msk. fínt skorinn graslaukur**
**1 msk. ferskt dill**
**4 radísur í þunnum sneiðum**

Sjóðið kartöflur og kælið. Skerið þær síðan í bita. Setjið kartöflurnar í skál ásamt öðru því sem er talið upp að ofan. Sparið smá radísur og kryddjurtir til að skreyta með í lokin. Geymið í ísskáp til að salatið geti brotið sig og bragðið nái að jafna sig.

Grillið pylsur á útigrill og hitið brauðið. Leggið pylsuna í brauðið og setjið kartöflusalat yfir.

### Heimabökuð pylsubrauð

Það er ekki verra ef maður bakar pylsubrauðin sjálfur. Hér er uppskrift en hún ætti að gefa 16 brauð.

**13 dl hveiti**
**2 msk. sykur**
**1½ tsk. salt**
**1 pakki þurrger**
**1 msk. bráðið smjör**
**5 dl volgt vatn**
**2 egg**

Setjið öll þurrefni í hrærivélarskál og hrærið saman. Þá er smjöri, vatni og eggjum bætt út í. Hnoðið deigið og látið síðan hvíla í að minnsta kosti eina klukkustund undir plastfilmu. Leggið deigið á eldhúsborðið og mótið sextán pylsubrauð, um það bil 100 g hvert. Deigið fer síðan á ofnplötu með bökunarpappír. Látið standa í 20 mínútur áður en platan fer í ofninn.
Hitið ofninn í 200°C og bakið brauðið í 10-12 mínútur. Kælið brauðin í nokkrar mínútur áður en þau eru borin fram.



Blómlegt og litríkt sumar hjá tískuhönnuðunum. Þessi kápa er frá Marni.

## Blómlegt vor

Það má segja að vortískan sé blómleg í ár. Blómamynstur sjást í peysum, kjólum og kápum. Slíkt mynstur er líka sumarlegt og fallegt. Gallabuxur og rósótt skyrta er vinsæll klæðnaður þeirra sem vilja fylgja tískunni eða fallegur, blómlegur sumarkjóll við gallajakka. Fölbleiki liturinn er enn vinsæll og sömuleiðis ljósfjólublár. Þá eru gulur og rauður vinsælir litir í sumar, jafnvel skærgrænn líka.

Konur mega líka skreyta sig þetta sumarið því stórir eyrnalokkar eru mikið í tísku. Kinnalitur er aftur í tísku og nú er hann frekar áberandi en varirnar hins vegar glansandi en fölbleikar, „glossí“, eins og það kallast. Augun eru frekar mikið förðuð um þessar mundir og augnskugginn má vera litríkur. Sólgleraugun eru hins vegar að minnka.

Victoria Beckham og Michael Cors vorlínurnar eru frekar út í ljósbleikt og aðra pastelliti en Calvin Klein er mjög litríkur í sinni hönnun. Tom Ford sýndi hins vegar skærbleikan fatnað fyrir vorið 2018. Í heild má þó segja að vortískan sé bæði litrík og frjálsleg.



Hér má sjá eina aðferð til að klæðast korseletti, utan yfir kjól.

## Kvenlegar línur í korseletti

Konur fyrri alda sem voru reyrðar í korselett sem gátu verið einstaklega óþægileg og haft slæm áhrif á heilsu og líðan myndu eflaust furða sig á því að nútímakonur velji það sjálfar að klæðast slíkum flíkum. En samhengi skiptir öllu máli og við gallabuxur og hvíta skyrtu og þegar enginn fer fram á að reyrt sé eins fast og mögulegt er heldur korselettið nú innreið sína inn í götutískuna á 21. öldinni. Korselett eru mjög klæðileg og draga fram kvenlegar línur. Þeim er hægt að klæðast í staðinn fyrir stuttermaboli og þá með axlirnar berar eða í jakka eða skyrtu yfir ef veður fer fram á slíkt. Einnig er hægt að skella korseletti utan yfir nánast allar flíkur til að búa til rómantískt yfirbragð.

# Falsaðar snyrtivörur innihéldu saur

Lögreglumenn í Los Angelesborg í Bandaríkjunum gerðu falsaðar snyrtivörur upptækar í tískuhverfi í miðbæ borgarinnar í síðustu viku. Alls tók lögreglan snyrtivörur að andvirði 69 milljónir króna eftir húsleitir á 21 stað og handtók eigendur sex verslana.

Lögreglan lagði hald á snyrtivörur sem líktu eftir vinsælum merkjum eins og Urban Decay, Nars, Marc, Kylie Cosmetics by Kylie Jenner og fleirum.

Lögreglan sagði að verðið sé góð vísbending um hvort vörur séu falsaðar eða ekki og að vörur sem séu á 50-75% afslætti séu að öllum líkindum falsaðar.

Húsleitirnar komu í kjölfar rannsóknar sem hófst eftir að viðskiptavinir höfðu samband við hin raunverulegu snyrtivörufyrirtæki til að kvarta undan útbrotum og öðrum kvillum sem vörurnar ollu. Þegar í ljós kom að vörurnar höfðu allar komið frá sama svæði fóru lögreglumenn þangað óeinkennisklæddir og keyptu snyrtivörur sem voru prófaðar. Niðurstöður prófanna sýndu að vörurnar innihéldu ógrynni af bakteríum og dýrasaur.

Lögmæt snyrtivörufyrirtæki fylgja ströngum reglum varðandi hreinlæti og öryggi. Það tryggir hreina vöru, en er dýrt. Það er hins vegar mjög algengt að alls kyns óhreinindi mengi falsaðar snyrtivörur. En pakkningarnar líta út eins og pakkningar utan um ófalsaðar snyrtivörur, svo það getur reynst erfitt að átta sig á fölsuninni.




Mynd sem lögreglan tók við störf sín. MYND/TWITTER/LAPDMARCREINA










Afsláttur af völdum bætiefnum fyrir liðina, húðina og taugarnar

Vertu klár fyrir sumarið

Í apríl eru valin vítamín og bætiefni frá Solaray á afslætti í Lyfju. Solaray framleiðir hágæða bætiefni sem hjálpa þér að undirbúa sumarið. Vörurnar innihalda einungis náttúruleg hráefni sem tryggir þér hreina orku og áhrifaríka virkni.

Finndu þinn sólargeisla í verslunum Lyfju og á lyfja.is

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil


Hér setja gulu skórnir mikinn svip á heildarútlitið.

Sumartískan í hnotskurn: Röndótt og gult í bland.




Blake Lively er ein af stjörnunum sem hafa fallið fyrir gula litnum.


Gul og smart peysa á vel við íslenska sumarveðrið.


Hér er farið alla leið í gulri kápu.

# Sumarliturinn er gulur

**Tískan fer stöðugt í hringi og nú eru sterkir og áberandi litir hámóðins líkt og á níunda áratugnum. Gulur er þar einna mest áberandi og verður helsti tískulitur sumarsins bæði í fatnaði og skóm.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Sumartískan í ár minnir eilítið á tískuna sem var við völd á níunda áratugnum. Litrík föt með fremur víðu sniði verða áberandi og svarti liturinn fær frí fram á haustið. Síðar buxur, háar í mittið með beinu sniði og skyrtur með áberandi herðum sjást á ný en herðapúðarnir verða þó ekki eins stórir og þeir voru hér á árum áður.

### Kill Bill gulur

Gulur verður einn aðaltískuliturinn í sumar og þá í sama litatóni og glæsilegi gallinn sem Uma Thurman klæddist í kvikmyndinni Kill Bill sem er mörgum enn í fersku minni. Margir eru vissulega feimnir við að klæðast fötum í gulum lit og finnst hann of áberandi en það er um að gera að nýta tækifærið í sumar og nota litinn til að fríska upp á fataskápinn. Gulur er orkuríkur litur og getur verið dálítið villtur en hann á líka einstaklega vel við á sólríkum sumardögum. Gulur hefur löngum verið tákn vináttunnar og liturinn gleður svo sannarlega augað. Ef ætlunin er að fara varfærnislega í gula litinn er smart að klæðast gulum bol innan undir dökkum jakka, eða vera í gulum skóm við annars látlausan fatnað.

» **Gulur verður einn aðaltískuliturinn í sumar og þá í sama litatóni og glæsilegi gallinn sem Uma Thurman klæddist í kvikmyndinni Kill Bill sem er mörgum enn í fersku minni.**


Gulir strigaskór passa við nær allan fatnað.


Ótrúlega töff skór setja punktuinn yfir i-ið þegar kemur að heildarlúkkinu.


## NÁTTÚRULEGAR COLLAGEN HÚÐVÖRUR

● Hægja á öldrun húðarinnar ● Vinna gegn hrukkum ● Gera húðina stinnari






30% KYNNINGARAFSLÁTTUR




NÝKOMIÐ – AUGNKREM

Sölustaðir: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfja, Apótekið, Apótek MOS, Apótek Garðabæjar, Heilsuhúsið, Lyfsalinn Glæsibæ, Heilsuver/Lyfjaver, Urðarapótek og lyfja.is.


BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu
ÞAÐ ER BARA BEST AÐ KYNNAST MÉR TIL AÐ SKILJA MIG BETUR
Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja

## Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



VOLVO V60 d4 summum leður/191 hö. Árgerð 2017, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Tilboðsverð 4.490.000. Ásett verð 4.980.000.-Rnr.152081.



VW Tiguan track -sport diesel. Árgerð 2014, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.Mikið af aukabúnaði Verð 2.990.000. Rnr.152189.



BMW X5 xdrive30d. Árgerð 2015, ekinn 63 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Ásett verð 8.390.000. Rnr.289502.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Vespur



Tilvalin sumargjöf!
**BENSÍNSVESPA**
Engin trygging! Ekkert próf!
**Kr. 229.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Viðgerðir

**VAKA**
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**


Vissir þú að...
Barnaheill


## Vélar og verkfæri



**VÉLARSETT.**
Vélarsett sem hreinsar alla málningu af steyptum húsum. Háþrýstidæla 500br og Olíukyndarar 500br. Upplýsingar í s:6984290

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

100m2 íbúð við Sogaveg. Laus frá 01.05 í 2 mánuði. Eingöngu reglusamt fólk. Uppl: 8601404.

## Sumarbústaðir



**SUMARHÚS**
ABI Ambleside 40x13 fet 2ja herb. sýningarhús. Stærð 46,5 fm. Alvöru stöðuhýsi með þykkari einangrun, klætt með Canexcel, viðhaldsfrítt. Tvöföld hásing. Lokað vatnshitakerfi með frostlegi og ofn í hverju herbergi. Rafmagnsarinn í stofu. 50 L vatnshitari. Ísskápur, örbylgjuofn, eldavél með tvöföldum ofni, gufugleypir, uppþvottavél, hljómkerfi með Bluetooth og innbyggðir hátalarar. PVC gluggar með tvöföldu gler, 2 sturtuklefar, 2 salerni, hjónaherb. með fataherb. og annað herbergi með 2 rúmum. Listaverð 9.500.000 kr. - TILBOÐSVERÐ á sýningarhúsi 7.900.000 kr.
**Allar uppl. í síma 660-7747. Húsið er til sýnis hjá Vagnahöllinni, Bugðufljóti 7. Myndir www.bit.ly/stoduhysi**

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 864 2146

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**WORK NORTH**
**HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT**
**STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN**
**Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is





## Honda Jazz Trend

Nýskráður 3/2018, bensín, sjálfskiptur, nýr ókeyrður bíll, síðustu eintökin á þessu frábæra tilboðsverði.

**Tilboð kr. 2.390.000**





## Honda CR-V Executive

Nýskráður 7/2013, ekinn 40 þús.km., bensín, sjálfskiptur, ljós leðurinnrétting, glerþak, bakkmyndavél, lykillaust aðgengi og fleira.

**Verð kr. 3.390.000**





## Toyota Corolla

Nýskráður 9/2003, ekinn 178 þús.km., bensín, sjálfskiptur, nýtt í bremsum og ný sumardekk.

**Verð kr. 490.000**





## Honda CR-V Panorama

Nýskráður 1/2007, ekinn 167 þús.km., bensín, beinskiptur, glerþak, litað gler, dráttarkrókur og fleira.

**Verð kr. 1.190.000**

## Opnunartími

**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**

**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**HUMBAUR**

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



**Flatvagnar**
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk., en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Tapað - Fundið



**ÚFFI TÝNDIST ÚR DRÁPUHLÍÐ Í**

**105 REYKJAVÍK**
hann er gulbröndóttur fress með þéttan feld, hvíta höku og veiðihár, hann gæti hafa lokast inn í skúr í hverfinu, hann gæti líka verið kominn út fyrir hverfið sitt.
**Ef vitað er um ferðir hans eða afdrif vinsamlegast hafið samband í síma: 897-0652 og 897-4368 Ásgerður, Fjölnir, Úlfur og Fúsi**




Nýleg og glæsileg
128 fm 5 herbergja penthouse íbúð
Um er að ræða einu eignina á hæðinni og er gott útsýni frá íbúðinni
Þrjú svefnherbergi möguleiki á fjórða herberginu
Tvennar svalir þar af aðrar stórar
Rúmgott bílastæði í bílageymslu
Sérlega vönduð og falleg eign



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson**, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð : **64,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**byr fasteignasala**



**Soffía Theodórsdóttir**
Lögg. fasteignasali
gsm: 776 5800



**Drífa Þrastardóttir**
Lögg. fasteignasali
gsm: 663 8600

Austurmörk 4, Hveragerði • s. 483 5800 • byrfasteign.is

## Smyrlaheiði 52 - Hveragerði




**Opið hús í Hveragerði á sumardaginn fyrsta**




Fallegt 155,5fm einbýlishús í nýbyggingu með þremur svefnherbergjum, baðherbergi með sturtu, þvottahús og geymsla. Innangengt í 26,3fm bílskúr úr anddyri. Stofa og eldhús saman í björtu og fallegu rými. Um er að ræða steypt hús, einangrað að utan og innan. Eignin skilast tilbúin til innréttinga innan og fullbúin að utan. Einnig hægt að fá eignina afhenda lengra komna.

**Falleg nýbygging í endabotnlanga í Hveragerði.**

**Verið velkomin í opið hús milli kl.14-16 á fimmtudaginn 19.apríl, sumardaginn fyrsta.**

## Atvinna

**STARFSMENN S.S. SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR**

**PROVENTUS** Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

## Fasteignir











**Heimili fasteignasala kynnir Vallakór 6 í Kópavogi sem er sex til tíu hæða fjölbýlishús með 72 íbúðum ásamt kjallara þar sem er bílageymsla og önnur sameign.**

Allar íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með parketi og flísum á gólfum. Einnig fylgja öllum íbúðum AEG ískápur og uppþvottavél. Í húsinu eru þrjár lyftur og tvö stigahús.

Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og sumum stærri íbúðum fylgja tvö stæði.

Öllum íbúðum fylgja stórar svalir og margar þeirra með stórbrotnu útsýni.
Húsið er klætt að utan og því viðhaldslítið. Íbúðirnar eru til afhendingar í júní 2018.
Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja og eru 80 til 127 fm að stærð.
**Verð frá 43,9 milljónir.**

**Allar frekari upplýsingar veittar á skrifstofu Heimili fasteignasölu, sími 530 6500.**

**Opið hús í dag, sumardaginn fyrsta, frá kl. 11-13.**

Finndu okkur á Facebook

Félag Fasteignasala

**heimili** fasteignasala – á traustum grunni


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali
sími 895 1098


Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali
sími 896 2953

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

SÖLUSÝNING

# VALLAKÓR 6A OG 6B, KÓPAVOGI







- Glæsilegar og vel skipulagðar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir.
- Íbúðirnar afhendast fullkláraðar að innan með gólfefnum.
- Vandaðar og fallegar innréttingar.
- Húsið verður fullklárað að utan og lóð frágengin.
- **Afhending í júní 2018.**

Skilalýsing á fasteignir.is og mbl.is Teikningar hjá fasteignasölunni.

Bygginaraðili: Flotgólf ehf.
Arkitekt: Kristinn Ragnarsson, Krark, Hlíðasmára 19, Kópavogi

**Söluaðili: Eignastofan fasteignamiðlun,**
**símar: Kristinn 8984125 og Hörður 8995209**
**kristinn@eignastofan.is og hordur@eignastofan.is**

**SÖLUSÝNING**
**Í DAG FRÁ KL. 14.00-16.00**

**EIGNASTOFAN** FASTEIGNAMIÐLUN

Eignastofan fasteignamiðlun | Síðumúla 29 | 108 Reykjavík | Sími 5377500
Kristinn B. Ragnarsson viðskfr./lögg.fasteignasali s. 8984125 kristinn@eignastofan.is

EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 | GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090

# NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ HLÍÐARENDA



OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 21. APRÍL KL. 12.00 -14.00

# Hlíðarendi

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

Áætluð afhending í júní 2018

**Stærð frá 57 fm – 112 fm.**

**Verð frá 39,8 millj.**





SÖLUMENN

**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fasteignasala
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096





Velkomin í
**OPIN HÚS**
**Laugardaginn** 21. apríl
**milli kl. 13 – 15**
&
**Sunnudaginn** 22. apríl
**milli kl. 13 – 15**

**GENGIÐ INN FRÁ FRAKKASTÍG**

**Frakkastígsreitur** | Frakkastígur 8C og D

# NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Vorum að fá í sölu 39 íbúðir við Frakkastíg 8C og D.
Um er að ræða 35 **2ja herbergja íbúðir** og fjórar 4ra herbergja íbúðir.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði. Svalir eru á öllum íbúðum nema á jarðhæð en þar er sér afnotareitur. Á götuhæðum bygginganna á Frakkastígsreit verða verslanir, veitingastaðir og fjölbreytt þjónusta.

**Stærð frá 56,5 fm – 150 fm.**
**Verð frá 40,9 millj.**







MYNDIR ÚR SÝNINGARÍBÚÐ Á FRAKKASTÍGSREIT



**SÖLUAÐILAR**

BORG FASTEIGNASALA
519 5500 · fastborg.is

EIGNAMIÐLUN
60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957
588 9090 · eignamidlun.is


VÆNTANLEGT!
SUMARKROPPIÐ 2018
NÓA
KROPP
SUÐRÆNIR SUMARÁVEXTIR
SUÐRÆNT OG SEIÐANDI



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Jóhannesdóttir**

áður til heimilis að Heiðarvegi 4, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, mánudaginn 16. apríl síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Selfosskirkju miðvikudaginn 25. apríl kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Oddný Magnúsdóttir** — **Emil Guðjónsson**
**Jónína Valdimarsdóttir** — **Guðmundur Baldursson**
**Björgvin Þ. Valdimarsson** — **Sigríður Magnea Njálsdóttir**
**Guðrún Valdimarsdóttir** — **Sigurður Bragason**
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir**
**Björk Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Hrólfsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum, föstudaginn 13. apríl. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 21. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði.

**Þórarinn Gunnlaugsson** — **Steinþóra Guðmundsd.**
**Hrólfur S. Gunnlaugsson** — **Elínborg Angantýsdóttir**
**Ína G. Gunnlaugsdóttir**
**Lára Ósk Gunnlaugsdóttir** — **Stefán B. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sólveig Erna Sigurvinsdóttir**

frá Búðardal, Austurgerði 6, Kópavogi,

lést þann 4. apríl sl. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gísli Samúel Gunnlaugsson**
**Guðjón Ingvi Gíslason** — **Emma Ania**
**Guðrún Jóhanna Gísladóttir** — **Sigurjón Magnússon**
**Dóra Sigríður Gísladóttir** — **Jakob Guðmundsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Erla Blandon Árnadóttir**

hjúkrunarheimilinu að Sóltúni 2, áður Sléttuvegi 15,

andaðist 3. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Árni Blandon Einarsson**
**Berglind Einarsdóttir Blandon**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Ingólfsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt laugardags 14. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 25. apríl kl. 13.

**Björn Svavarsson**
**Svavar Bergsteinn Björnsson** — **Eva-Marie Björnsson**
**Margrét Gróa Björnsdóttir** — **Egill Þorsteinsson**
**Hjördís Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Opnar heim orgelsins

**Tónlistarævintýrið Lítil saga úr orgelhúsi eftir Guðnýju Einarsdóttur organista verður sýnt í Hallgrímskirkju í dag og kemur líka út sem handrit á fimm tungumálum.**

Ævintýrið um orgelpípurnar sem búa í orgelhúsinu er bæði kynning á hljóðfærinu og líka saga með góðan boðskap um samskipti og virðingu,“ segir Guðný Einarsdóttir, organisti í Hjallakirkju, um eigið verk sem flutt verður á íslensku klukkan 13 og ensku klukkan 14.30 í dag í Hallgrímskirkju á Barnamenningarhátíð. Bergþór Pálsson er sögumaður á íslensku og Michael Jón á ensku. Sá síðarnefndi er höfundur tónlistar og Fanney Sizemore myndskreytti ævintýrið.

Lítil saga úr orgelhúsi kom fyrst út sem barnabók með geisladiski árið 2015. Hún hefur síðan oft verið sett upp fyrir börn á Íslandi og í nágrannalöndunum og hlotið góðar viðtökur. Í dag kemur hún út sem nótnahandrit, rafræn glærusýning og texti á fimm tungumálum fyrir sögumann. Guðný kveðst hafa fundið fyrir miklum áhuga á efninu allt frá því hún fór með það á norrænt organistamót haustið 2016 og strax hafa byrjað að pæla í útgáfu.



**„Þetta hafðist með seiglunni,“ segir Guðný um útgáfu Lítillar sögu úr orgelhúsi á nótum, glærum og fimm tungumálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það hafðist með seiglu,“ segir hún glaðlega. „Ég skynjaði þörf fyrir efnið hjá kollegum mínum bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi og nú er það komið út á íslensku, ensku, norsku, dönsku og sænsku. Sagan er svo einföld að mjög ung börn geta gripið hana og eftir því sem áhorfendur eru eldri færist áhuginn yfir á hljóðfærið.“

*Býst hún jafnvel við að fjölga nemendum í orgelleik með því?* „Kannski. Að minnsta kosti langar mig að krakkar viti hvað orgel er og ég held að verkið sé góð leið til þess.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn til tæpra 58 ára, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigmar Ólason**

lést á Hulduhlíð, Eskifirði, 15. apríl. Útför hins látna fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 21. apríl kl. 14.

**Gréta Friðriksdóttir**
**Ásta Magnea Sigmarsdóttir**
**Hreinn Sigmarsson**
**Óli Nikulás Sigmarsson** — **Hjördís Sævarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdaamma og langamma,

**Svava Felixdóttir**

Dvalarheimilinu Grund, áður Kirkjulundi 8, Garðabæ,

lést laugardaginn 14. apríl á Landspítalanum Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Jón Ívars** — **Guðlaug Björgvinsdóttir**
**Guðrún Ívars** — **Zophanías Þ. Sigurðsson**
**Svava Zophaníasdóttir** — **Viðar Ben Teitsson**
**Eva Zophaníasdóttir** — **Sigurjón Hávarsson**
**Ari Ívars**
**Rúnar Ívars**
**og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Jónsdóttir**

Holtateigi 24, Akureyri,

lést að heimili sínu 16. apríl. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 23. apríl klukkan 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Stefán G. Jónsson**
**Jón Viðar Þórisson** — **Stefanía Auðbjörg Halldórsdóttir**
**Jóhanna Bára Þórisdóttir** — **Ármann Helgi Guðmundsson**
**Kristjana Þórisdóttir** — **Sigurður Gunnarsson**
**Jón G. Stefánsson** — **Hafdís Inga Haraldsdóttir**
**Helgi Heiðar Stefánsson** — **Ásdís Ármannsdóttir**
**Sigurður Örn Stefánsson** — **Sigrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Jóhanna Lúðvíksdóttir**

sem lést á Sóltúni 6. apríl, verður jarðsungin frá Háteigskirkju, mánudaginn 23. apríl kl. 13.

**Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir** — **Jón Gestur Viggósson**
**Ingibjörg Elíasdóttir** — **Birgir Guðmundsson**
**Lúðvík Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Ágúst Karel Karlsson**

fv. forstjóri og vélstjóri, Bjarmalandi 17, Reykjavík,

lést á Líknardeild í Kópavogi hinn 14. apríl í faðmi fjölskyldunnar.

**Unnur Ágústsdóttir** — **Magnús Arnarsson**
**Helgi Þór Ágústsson** — **Elsa M. Finnsdóttir**
**Ármann Eggertsson**
**Unnur Karlsdóttir** — **Úlfur Þ. Ragnarsson**
**Kara Magnúsdóttir**
**Ágúst Karel Magnússon**
**Tinna Magnúsdóttir**
**Arnar Ingi Helgason**
**Rakel Helgadóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Guðmundsson**

Árskógum 6,

lést miðvikudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 2. maí kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð.

**Bergþóra S. Ottesen**
**Guðmundur Björnsson** — **Helga Egilsdóttir**
**Hildur Björnsdóttir** — **Árni Valur Garðarsson**
**Snæbjörn Björnsson**
**Pétur Björnsson** — **Ingibjörg Óskarsdóttir**
**Helgi Björnsson** — **Berglind Ívarsdóttir**
**Magnea Lena Björnsdóttir** — **Hallur Símonarson**
**Björn Þór Björnsson**
**Benedikta Björnsdóttir** — **Viggó H. Valgarðsson**
**barnabörn og langafabörn.**

# TAKTU DÝFU INN Í SUMARIÐ

**20% afsláttur** af öllum sundfatnaði og sundvörum dagana 19.-23. apríl*

20% AFSLÁTTUR



ÚTILÍF
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÁRNASYNIR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðaustan 5-10 m/s í dag og dálítil rigning á köflum en hægari vindur og bjartviðri um landið norðaustanvert. Fremur milt í veðri.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 3° |
| ↘3 | ←4 | ↘4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 10° | 2° |
| ↓4 | ↗4 | ↓5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 2° | 5° |
| ↖3 | ↖5 | ←2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | 2° |
| ↘2 | ←6 | ↑6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. betrun
5. sægur
6. belti
8. skipsbátur
10. forfaðir
11. flan
12. farartæki
13. yndi
15. titill
17. höfði

**LÓÐRÉTT**
1. herkví
2. ögn
3. stjórnpallur
4. gimsteinn
7. baktalari
9. þrykkja
12. ljósker
14. oddi
16. munni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**lárétt:** 1. umbót, 5. mor, 6. öl, 8. slúppa, 10. ái, 11. ras, 12. lest, 13. unun, 15. rektor, 17. stapi.
**LÓÐRÉTT:** 1. umsátur, 2. moli, 3. brú, 4. tópas, 7. lastari, 9. prenta, 12. lukt, 14. nes, 16. op.

## Skák Gunnar Björnsson

Bodga átti leik gegn Ferreira í Paragvæ árið 1976
**Hvítur á leik**
**1. Rf6+! gxf6 2. Dxe6+ fxe6 3. Bh5# 1-0.** Skólameistaramóti Reykjavíkur lauk með sigri Stefáns Orra Davíðssonar í yngri flokki og Alexanders Olivers Mai í eldri flokki. Bandaríska meistaramótið hófst í gær. Caruana, So og Nakamura taka þátt.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# STÆRSTA PÚSL Í HEIMI!

Komdu og taktu þátt í að púsla stærsta púsl í heimi í dag fimmtudaginn 19. apríl fyrir utan A4 í Smáralind.

## 40.320 púslbitar

1,9 m



6,8 m

- Púslið saman stendur af 10 myndum frá vinsælustu teiknimyndum Disney allra tíma.
- Púslið er 6,8m á breidd og 1,9m á hæð og inniheldur 40.320 púslbita.
- Púslinu er skipt upp í 1.120 poka og hver poki inniheldur 36 púslbita sem við þurfum að fá þig til að púsla!

Disney



**Heimsmetapúslið** í 1000 bita púsli.
Tilboðsverð: **1.999 kr.**

**20% afsláttur**
**af öllum púslum frá Ravensburger í öllum verslunum A4.**

Ravensburger

A4 Smáralind

# BÍLAR



Volkswagen ætlar ekki að vera eftirbátur Benz þegar kemur að því að bjóða öflugar vélar í pallbíl sinn.

## Amarok fær 255 hestöfl

Svo virðist sem þýsku bílaframleiðendurnir Mercedes Benz og Volkswagen séu komnir í hestaflastríð með pallbíla sína, X-Class og Amarok. Nýlega kynnti Benz X-Class í X350d útfærslu með 258 hestafla 3,0 lítra dísilvél og nú vill Volkswagen ekki vera neinn eftirbátur og vopnar Amarok-pallbíl sinn með 255 hestafla 3,0 lítra dísilvél. Hægt er reyndar að kreista 268 hestöfl úr þessari vél Volkswagen með „Overboost-virkni“ og þá er bíllinn orðinn öflugri en Benzinn.

**221**

**VOLKSWAGEN AMAROK VAR ÁÐUR HÆGT AÐ FÁ Í ÖFLUGUSTU ÚTGÁFU MEÐ 221 HESTAFLS VÉL MEÐ SAMA SPRENGIRÝMI.**

Einn pallbíllinn enn frá Japan blandar sér líka í þessa hestaflabaráttu því nú má fá Nissan Navara með 255 hestafla og 3,0 lítra dísilvél, rétt eins og er í hinum þýsku tveimur. Volkswagen Amarok var áður hægt að fá í öflugust útgáfu með 221 hestafls vél með sama sprengirými, en nú ætti enginn að vera fráhverfur Amarok sökum aflleysis. Volkswagen er byrjað að taka á móti pöntunum í þessa öflugustu gerð Amarok og hann kostar frá 51.384 evrum í Þýskalandi og dýrasta gerð hans kostar 58.072 evrur. Á því verði er hann aðeins 2.000 evrum ódýrari en hinn nýi Touareg jeppi Volkswagen sem er um það bil að koma á markað.



Að utan lítur Volvo XC90 Excellence bíll Arctic Exclusive út eins og hver annar XC90 bíll.

# Arctic Exclusive á flottasta Volvo XC90 jeppann

Í stað hefðbundins 7 sæta fyrirkomulags eru aðeins 4 sæti og þau eru öll eins.



**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Í blómstrandi ferðaþjónustunni hérlendis er nauðsynlegt að hafa í boði lúxusbíla sem efnuðustu ferðamennirnir kjósa þegar skoða skal landið. Arctic Exclusive er ferðaþjónustufyrirtæki með bílaflota sem enginn þarf að skammast sín fyrir.

Sá nýjasti í flota fyrirtækisins er Volvo XC90 jeppi í Excellence-útgáfu, sem er dýrasti bíll Volvo frá upphafi. Í stað hefðbundins 7 sæta fyrirkomulags eru aðeins 4 sæti í bílnum, öll eins, rafdrifin með hitun, kælingu og nuddi. Aftursætin voru færð aftar í bílinn til að auka fótapláss og hægt er að halla þeim.

Bíllinn er hlaðinn búnaði, t.d. 20 hátalara hljóðkerfi frá Bowers & Wilkins, fartölvuborð fyrir báða aftursætisfarþega, kampavínskælir, glasahaldarar með hitun og kælingu, iPad-afþreyingarkerfi fyrir báða aftursætisfarþega og fleira góðgæti. Bíllinn er útbúinn loftpúðafjöðrun sem tryggir þægindi við allar aðstæður og þar sem hann er tengiltvinnbíll með T8-aflrás Volvo þá samnýtir hann bensín og rafmagn á skilvirkan hátt.

### Sérsniðinn fyrir minni hópa

Arctic Exclusive er lítið fjölskyldufyrirtæki, rekið af feðgunum Svavari Jónssyni og Inga Svavarssyni. Frá upphafi hefur stefnan verið að veita persónulega þjónustu sérsniðna að þörfum hvers viðskiptavinar.



Þegar inn er komið blasir takmarkalaus lúxusinn við.

Þegar kemur að vali á farartækjum hefur Arctic Exclusive kappkostað að bjóða aðeins það besta og þá ekki miðað við Ísland, heldur það besta sem völ er á á heimsvísu. Þeir feðgar hjá Arctic Exclusive hafa fundið fyrir aukinni eftirspurn frá minni hópum, 1 til 3 farþegar, og eftir langa leit fundu þeir lausnina í Excellence-týpunni af Volvo XC90.

Það sem heillaði mest var búnaður bílsins, afþreyingarkerfi, kælir og fartölvuborð. Við val á XC90 Excellence var horft til þess að hann er bæði tengiltvinnbíll, sem gerir kleift að keyra á grænu íslensku rafmagni, og einnig gríðarlega öruggur, eins og allir Volvo-bílar. Bíllinn kom til landsins fyrir tveimur vikum og fór beint í botnlausa vinnu.




## Mustang GT500 öflugri en Hellcat

Hestaflakapphlaupið meðal bandarískra bílaframleiðenda heldur áfram og Ford ætlar ekki að eftirláta Fiat Chrysler bílum að toppa skalann þegar kemur að hestöflum. Fiat Chrysler býður 707 hestafla Hellcat-vél sem finna má í nokkrum bílgerðum samstæðunnar, svo sem í Dodge Challenger og Charger, Chevy Camaro ZL1 og Jeep Grand Cherokee Trackhawk. Ford hefur boðið Mustang í GT350 útgáfu með 526 hestafla, 5,2 lítra V8-vél, en nýr GT500 á að hafa meira afl en 700 hestöfl og fær meðal annars til þess öflugan keflablásara. Til greina kemur að vopna GT500 með dual-clutch sjálfskiptingu, en líklega verður hann einnig í boði með beinskiptingu. Bíllinn fær nýtt og bólgnara húdd svo koma megi fyrir öllu góðgætinu í vélarsalnum. Þá mun púströrkerfið verða stærra og öflugra, sem og bremsurnar. Fjöðrunarkerfið verður líklega af Magne-Ride-gerð líkt og í GT350-bílnum. Að innan er ekki búist við miklum breytingum frá GT350-bílnum. Ford Mustang er söluhæsti sportbíll heims og þessi nýja og aflögasta gerð hans verður vart til að minnka eftirspurnina eftir þessum goðsagnakennda bíl.



Ford Mustang Shelby GT350.



# Gleðilegt sumar!

Við fögnum sumarbyrjun með því að bjóða öllum börnum, 12 ára og yngri, upp á fría máltíð af barnamatseðli í dag. Við hlökkum til að sjá ykkur!



© Inter IKEA Systems B.V. 2017

# 0,-

**Ókeypis máltíð af barnamatseðli fyrir börn 12 ára og yngri. Ein máltíð fyrir hvert barn.**
Gildir aðeins í dag, sumardaginn fyrsta.

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®



Úr sýningunni Fólk, staðir og hlutir sem er sýnd í Borgarleikhúsinu í samstarfi við Vesturport og Þjóðleikhúsið í Ósló. FRÉTTABLAÐIÐ/GRÍMUR

# Enginn fíkill er eyland

**LEIKHÚS**

**Fólk, staðir og hlutir**

★★★★☆

**Duncan Macmillan**

**Borgarleikhúsið í samstarfi við Vesturport og Þjóðleikhúsið í Ósló**

**Leikstjórn:** Gísli Örn Garðarsson
**Leikarar:** Björn Thors, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Hannes Óli Ágústsson, Jóhann Sigurðarson, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir
**Leikmynd:** Börkur Jónsson
**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir
**Hljóð:** Garðar Borgþórsson
Búningahönnuður: Katja Ebbel Frederiksen
**Þýðing:** Garðar Gíslason

Í fyrsta viðtalinu á meðferðarstöðinni spyr læknirinn Emmu: „Ertu fíkill vegna póstmódernisma?“ Póstmódernismi er afsökunin, fíknin á sér sjaldnast svo einfaldar ástæður. Emma er fíkill því hún getur ekki horfst í augu við tilvistina, dauða bróður síns eða tekið ábyrgð á brotna heimilisástandinu sínu. Hún hefur smíðað varnarhjúp gegn lífinu með leiklistinni sem henni gengur misvel að sinna og löngum innkaupalista af lyfjum sem hún skolar niður með ógrynni af áfengi. En hún á ekki við vandamál að stríða, svo segir hún endurtekið.

Fólk, staðir og hlutir er leikverk frá 2015 eftir breska leikskáldið Duncan Macmillan en hann hefur verið vinsæll hér á landi . Hann skrifaði Andaðu sem sýnt var í Iðnó á síðasta leikári og leikgerðina af 1984 sem Borgarleikhúsið sýndi fyrr á þessu leikári. Nú endurtekur Borgarleikhúsið leikinn og sýnir frumsamið verk eftir Macmillan á litla sviðinu í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar. Þýðingin er þokkalega leyst af Garðari Gíslasyni en eins og gerist alltof oft í íslenskum þýðingum þá er staðfærslan frekar klunnaleg, jafnvel ónauðsynleg. Einnig er textinn oft á tíðum helst til of hátíðlegur.

Með aðalhlutverkið fer Nína Dögg Filippusdóttir sem sást síðast í Tímaþjófnum í Þjóðleikhúsinu. Sýningin hefst þegar Emma er nánast á botninum, örmagna af neyslu og skakklappast örvæntingarfull í meðferð. Nína Dögg fleygir sér af fullum krafti í þetta krefjandi hlutverk og gerir ágætlega, sérstaklega fyrir hlé þegar Emma berst við að hafa rétt fyrir sér. Vandamálið liggur helst í löngu einræðunum sem þarf að fylla betur út með stærri tilfinningaskala. Þær eru oft litaðar af einni tilfinningu frekar en öllum þeim herbrögðum sem fíklar notast við. En mjög góða spretti á hún.

Á meðferðarstöðinni hittir Emma fíkilinn Markús leikinn af Birni Thors. Markús er ekki í sinni fyrstu meðferð, ekki annarri og jafnvel ekki þeirri síðustu. Björn hefur þann einstaka hæfileika að nálgast persónur sínar á afslappaðan hátt án þess að það komi niður á frammistöðunni. Hann plottar og potar á meðan hann læðist bak við skráp Emmu með óþolandi hreinskilni. Þetta er listilega vel útfærður leikur, sem og reyndar hjá flestum leikurum sýningarinnar.

Sigrún Edda Björnsdóttir hefur verið á hliðarlínunni síðastliðin leikár en síðustu mánuði hefur hún blessunarlega fengið tækifæri til að láta sitt bjarta ljós skína. Hún er með þrjú hlutverk og sýnir þá listrænu leikhæfileika sem hún hefur. Með hárfínum áherslubreytingum og nokkrum blæbrigðum tekst henni að skapa ólíkar persónur fullar af lífi, sorg og húmor. Jóhann Sigurðarson hefur sömuleiðis staðið örlítið til hliðar en bæði í Medeu og hér sýndi hann hvers hann er megnugur. Lítil svipbrigði þessa stóra manns gjörsamlega umbreyta honum, augnaráðið eitt snýr persónum á hvolf. Áhrifaríkasta atriði sýningarinnar eiga þau tvö saman sem foreldrar Emmu, það kemur á óvart og nístir inn að innstu hjartarótum.

Minni hlutverk leika þær Edda Björg Eyjólfsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir. Hlutverkin eru reyndar svo smá, fyrir utan stuttar og átakanlegar fíknisögur, að ekki gefst tækifæri til að sjá þær nýta hæfileika sína að fullu. Hannes Óli Ágútsson hefur átt flott leikár eftir að hann fékk samning hjá húsinu, gerir vel hér líka og spennandi verður að sjá framhaldið.

Um leikstjórnina sér Gísli Örn, eins og áður kom fram, og stýrir hann sýningunni með styrkri hendi. Atriðin eru skýr, nálgunin frumleg og tilfærslan á sviðinu góð myndlíking fyrir óreiðuna sem býr innra með Emmu. Reyndar verður að segjast að karókílagið í lokin var of mikið af því góða og sömuleiðis er stutt í væmnina, en það skrifast að hluta til á handritið.

Leikmyndin er með því besta sem Börkur Jónsson hefur gert á síðustu árum; stílhrein, einföld og áhrifamikil. Litli salurinn nýtur sín best þegar hann er brotinn upp með lipnum lausnum. Þórður Orri Pétursson kýs að varpa ofurbjörtu ljósi á þessa sótthreinsuðu veröld, Emma hefur enga undankomuleið og engan stað til að fela sig. Hljóðmynd og búningar styðja sömuleiðis haglega við heildina en Garðar Borgþórsson er alltaf að bæta sig í sinni vinnu.

Þrátt fyrir nokkra vankanta og frekar fegraða mynd af fíkn þá er Fólk, staðir og hlutir sýning sem vert er að veita athygli. Emma telur það best að einangra sig frá umheiminum í gegnum fíknina en stendur að lokum uppi með ekkert í höndunum nema sitt eigið líf, en það eru örlög sem ekki allir eru svo heppnir að hljóta.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áferðarfögur og vel leikin sýning sem skapar eftirminnilega kvöldstund.

# Margir sjá þetta sem sama menningarsamfélagið

**Gangvegir í eina öld er yfirskrift málþings sem er haldið í Veröld í dag. Þar verður fjallað um ýmsa skemmtilega fleti á samlífi danskra og íslenskra bókmennta og fleira spennandi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er liðið ár frá því Veröld, stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum tók til starfa og á þeim stutta tíma hefur verið ákaflega lífleg starfsemi í húsinu. Auður Hauksdóttir, forstöðumaður stofnunarinnar, segir að það sé líka mikið metnaðarmál að það sé alltaf mikið um að vera og hvetur fólk til þess að fylgjast vel með. „En í dag, sumardaginn fyrsta, ætlum við í senn að gleðjast yfir eins árs afmælinu, hundrað ára afmæli fullveldis Íslands og horfa fram á við,“ segir Auður. Af öllum þessum tilefnum verður efnt til málþings í dag um danskar og íslenskar bókmenntir undir yfirskriftinni Gagnvegir í eina öld. Málþingið er það fyrsta af sjö undir yfirskriftinni Á mótum danskrar og íslenskrar menningar.

Auður segir að það hafi verið þeim mikilvægt að gera eitthvað metnaðarfullt á þessum tímamótum. „Sérstaklega vegna þess að dagurinn í fyrra er svo stór í endurminningunni. Þar sem við erum bæði að fagna okkar ársafmæli og aldarafmæli fullveldisins var tilvalið að leggja áherslu á góð tengsl á milli Íslands og Danmerkur. Hingað kemur danski bókmenntafræðingurinn Erik Skyum-Nielsen en hann lærði hérna íslensku alveg ótrúlega vel á sínum tíma og vekur athygli á íslenskri menningu um öll Norðurlöndin enda mikilvirkasti þýðandi Íslendinga á danska tungu. Í dag er hann lektor í dönskum bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla og á málþinginu ætlar hann að fjalla um aðdráttarafl íslenskra bókmennta. Það er eitthvað sem ég held að mörgum eigi eftir að finnast ákaflega forvitnilegt.“

**ÞAÐ MERKILEGA ER AÐ Í MÖRG ÁR LÁSU MARGAR KYNSLÓÐIR FJÓRAR TIL SEX DANSKAR SKÁLDSÖGUR Á ÁRI, ALLT EÐALBÓKMENNTIR, EN ÞAÐ SEM VANTAR ER AÐ EINHVER SÉ AÐ SKOÐA ÞETTA.**

Auður segir að hún hafi í þessu samhengi farið að velta fyrir sér útbreiðslu danskra bókmennta á Íslandi. „Það merkilega er að í mörg ár lásu margar kynslóðir fjórar til sex danskar skáldsögur á ári, allt eðalbókmenntir, en það sem vantar er að einhver sé að skoða þetta. Öll söfn voru full af dönskum bókmenntum og jafnvel alþjóðlegum verkum í dönskum þýðingum en núna er þetta því miður dáldið á undanhaldi þó að danskan standi okkur enn nærri. Tökum til að mynda höfund eins og Leif Panduro sem fjölmargir Íslendingar þekkja og hefur ótvírætt haft heilmikil áhrif á íslenskar bókmenntir. Þessi áhrif væri gaman að skoða nánar.“

Auður bendir á að þó að þarna getum við gert betur þá búum við hins vegar vel þegar kemur að öðrum þáttum. Á málþinginu mun dr. Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, fjalla um dönsk verk á íslensku leiksviði. „Það er spennandi fyrirlestur því að dönsk leikhúsverk hafa haft mikil áhrif á íslenskt leikhús og svo eru það líka revíurnar og revíusöngur. Una Margrét Jónsdóttir ætlar að fjalla um revíurnar og í lok dagskrár mun Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona flytja nokkur revíulög við undirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur píanóleikara. Una Margrét hefur unnið gríðarlega rannsóknarvinnu og þetta verður mjög forvitnilegt.“

Þó að samgangurinn á milli Íslands og Danmerkur sé eðlilega ekki sá hinn sami og áður er hann þó enn mikill. Auður segir að það sé talsvert stór hópur Íslendinga sem enn lesi mikið af dönskum bókmenntum og vinsældir þeirra íslensku séu miklar í Danmörku. „Það er fjöldi manns sem lítur á þetta sem sama menningarsamfélagið og það gildir líka um samtímahöfundana. Það er líka mikil vinátta á milli fólks í þessum geira á milli þessara tveggja landa og ég á ekki von á öðru en að hún eigi eftir að halda áfram að blómstra um ókomna tíð.“



Auður Hauksdóttir segir að þau séu í senn að gleðjast yfir eins árs afmælinu, hundrað ára afmæli fullveldis Íslands og horfa fram á við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gleðilegt grillsumar... - grillum saman á lægra verði!

weber Broil King Great Barbecues Every Time Kingstone Grillstar evasolo

## Varanleg verðlækkun á grillum og grillfylgihlutum!

**Eins og alltaf er markmið okkar að geta boðið lágt verð, við fylgjumst vel með hvað samkeppnisaðilar okkar gera og lækkum okkar verð, ef við komumst að því að þeirra verð er lægra. Við erum stolt af að geta boðið upp á eitt mesta úrvalið á markaðnum, bæði hvað varðar fjölda vörunúmera og merkja.**
**Með því tryggjum við að hjá okkur ættu allir að geta fundið það sem þeir leita að.**
**Lágt verð, alltaf!**



weber

### Q3200 gasgrill

2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 63 x 45 cm, efri grind 44 x 11 cm. Tvískiptar grillgrindur úr pottjárni, lok og botn úr álsteypu. Grátt. Hitamælir í loki. Niðurfellanleg hliðarborð.

**62.995.-**



weber

